

SIGNÝ MARÍA GUNNLEIFSDÓTTIR

Hlakkar til að byrja í skólanum

Nám Bílar Ferðir
allt í MIÐJU BLAÐSINS

VINNUVÉLAR

Slippurinn í Reykjavík

Sérblað um vinnuvélar
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

JÓGVAN HANSEN

Færeyski folinn kominn á fast

Sú heppna er 25 ára Mosfellingur
FÓLK 42

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. ágúst 2007 – 227. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Simpsons slær öll met

Kvikmyndin um Simpson-fjölskylduna góðkunnu stefnir í að verða aðsóknarmesta teiknimynd hérlandis frá upphafi.

FÓLK 32



Flinkir með kylfuna

Útfararstjórar og prestar sam-einuðust á golfvöllinum Hamri í Borgarnesi á mánudag og kepptu sín á milli í höggfimi. Séra Pálmi Matthíasson sýndi frábær tilprif.

FÓLK 42

Vöndum okkur

„Vestmannaeyjar, sem hingað til hafa nánast eingöngu grundvallast á fiskveiðum, þurfa á risastökki í byggðaþróun að halda,“ skrifar Elliði Vignisson.

Í DAG 18


KR og Keflavík í úrslit

Það verða KR og Keflavík sem mætast í úrslitaleik VISA-bikars kvenna 22. september.

ÍPRÓTTIR 36



VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SKÚRIR í dag verða suðvestan 5-10 m/s vestan til, annars 10-18 m/s. Rigning eða skúrir en úrkomulítið fyrir austan. Hiti 10-20 stig, hlýjast á Austurlandi.

VEDUR 4

Uppgjör hlutabréfa í evrum

Finnski Seðlabankinn mun annast uppgjör með hlutabréf skráð í evrum í íslensku OMX kauphöllinni. Hingað til hafa bréf aðeins verið skráð í krónum. Breytingin gæti ýtt undir erlenda fjárfestingu í íslenskum fyrirtækjum.

VIÐSKIPTI Undir lok næsta mánaðar geta fyrirtæki í Kauphöll Íslands fengið bréf sín skráð í evrum, að sögn Einars S. Sigurjónssonar, framkvæmdastjóra Verðbréfaskráningar Íslands.

Við breytinguna losna fyrirtæki sem kjósa að skipta yfir í evrur að stærstum hluta við áhrif af gengissveiflum krónunnar á virði fyrirtækjanna. Þá standa vonir til að erlend fjárfesting aukist hér í kjölfarið þar sem erlendir fjárfestar beri ekki lengur gengisáhættu af kaupum í fyrirtækjum hér. Nokkur stór kauphallarfélög hafa þrýst á um breytinguna, þar á meðal Straumur fjárfestingarbanki, Exista, Marel og Össur.

„Þarna er tekið nýtt skref í ákveðna átt í Kauphallarviðskiptum á Íslandi,“ segir Ólafur

Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. „Með þessu er þjónusta aukin við fyrirtæki og fjárfesta og fróðlegt verður að sjá hvaða ný tækifæri þetta skapar.“ Hann segir breytinguna til marks um hversu þungt aðdráttaraflíð sé í átt að mynt sem einkennist af meiri stöðugleika og taki til stærra markaðssvæðis en okkar eigin.

„Þetta eru mjög góðar fréttir þótt breytingin komi seint,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. „Við bördumst mjög mikið fyrir þessu fyrir mörgum árum og höfðum eiginlega hætt að hugsa um þetta, þótt við teldum að skráning í krónum hefði hamlað mjög erlendri fjárfestingu. Síðan höfum við reyndar fengið inn mjög stóra erlenda fjárfesta.“ Almennt segir Jón hins vegar góðan mögu-

leika að geta átt hér kauphallarviðskipti í annarri mynt en krónum. „Krónan er vitanlega ekki mikið notuð og ekki hægt að kaupa hana erlendis hjá öðrum en íslensku bönkunum, svona fyrir utan að vera mjög óstöðugur miðill,“ segir hann og fagnar breytingunni. „En á markaði sem breytist ört er náttúrulega engin hemja að taka mörg ár í þetta.“

Upphaflega þótti vænlegt að Seðlabankinn hér sæi um evruppgjörið, þótt áhöld væru um hvort honum væri það heimilt. Niðurstaðan er hins vegar að fyrsta kastíð verður farin bráðabirgðaleið þar sem Landsbanki Íslands tekur að sér hlutverk uppgjörsbanka. Í maí á næsta ári er svo stefnt að því að uppgjör vegna evruviðskiptanna eigi sér stað hjá Seðlabanka Finnlands.

- óká / sjá Markaðinn



ÁFLOG Í KJÓSINNI Tígnarleg sjón blasti við ljósmyndara Fréttablaðsins í Kjósinni þar sem fullburða hestar voru að leik. Þarna hafa rauður og brúnn teygst vel á sér. Sjá síðu 14.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hugmyndir um gjörbreytingu á áfallatryggingum á almennum vinnumarkaði:

Tryggja framfærslu í fimm ár

VINNUMARKAÐUR Hugmyndir um gjörbyltingu á sjúkra- og slysa-tryggingakerfi landsmanna eru í vinnslu hjá Alþýðusambandi Íslands í óformlegri samvinnu við Samtök atvinnulífsins. Stefnir er að því að koma á fót heildstæðu tryggingakerfi sem veitir þeim sem lenda í slysum eða veikjast um lengri tíma góða framfærslu í allt að fimm ár. „Mikið framfaramál,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, um fyrirhugaðar breytingar.

Samkvæmt hugmyndunum fá launþegar full laun hjá vinnuveitanda á almennum vinnumarkaði fyrstu tvo mánuði veikinda sinna og fara svo inn í nýja kerfið. Þar verða fyrst greidd 90 prósent launa, svo 80 og loks 70 prósent. Breytingin á að verða liður í komandi kjarasamningum og tekur þá gildi eftir eitt ár. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, telur

ekkert mæla gegn því að kerfið nái einnig til opinberra starfsmanna. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, telur breytinguna skipta rafiðnaðarmenn litlu máli „því að við launatryggjum alla okkar félagsmenn með 80 prósent af heildartekjum þar til þeir eru orðnir góðir eða fara á örorku en þetta verður veruleg kjarabót hjá félögum með veika eða litla sjúkrasjóði.“

- ghs/sjá síðu 6

Astrópía frumsýnd:

Nirðir fá uppreisn æru

KVIKMYNDIR „Þetta er um margt mjög sérstök mynd,“ segir leikstjórinn Gunnar Björn Guðmundsson en í kvöld verður ævintýramyndin Astrópía frumsýnd. Myndin segir frá Hildi sem þarf að fá sér vinnu í nördabúð eftir að kærastinn er settur á bak við lás og slá. Með aðalhlutverkin fara þau Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Sverrir Þór Sverrisson og Snorri Engilbertsson.

- fgg / sjá síðu 42

Formaður fjárlaganefndar:

Vill fræðast um fleiri ferjumál

RÍKISFJÁRMÁL „Telji fjármálaráðherra þetta eðlilega gert mun ég óska eftir upplýsingum um hvort það séu fleiri verkefni í gangi sem eru gerð með sama hætti. Ríkisendurskoðun ætti að fá tækifæri til að gera athugasemdir við þær,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar. Fjármálaráðherra sé í vinnu við að höndla með fjármuni, eftir ákvörðunum Alþingis. - kóp / sjá síðu 6

muundu
eftir
mjólkinni!



MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLÖKKI

Skemmtilegur ferðafélagi

FRÁBÆR VERÐ

Office 1 Superstore

STILABÓK 59.- stk. Gormastilabók

19.- stk. Fállyfnetur 0,7

198.- Tréttir 12 í pukka

FYLGIR*

Advanced Grammar in Use fylgir frítt með Cambridge Advanced Learner's Dictionary.

2.990.- Drásbók + málfræði

SPURNING DAGSINS



Sigmar, verður gæsapartí í haust?

„Mörg, bæði fyrir reyttar og óreyttar.“

Astand gæstofnsins þykir afar gott nú í upphafi veiðitímabilsins. Sigmar B. Hauksson er formaður Skotvís.

Lést í flugslysi í Kanada

Maðurinn sem lést í flugslysi í Bresku Kólumbíu í Kanada á laugardag hét Guðni Rúnar Kristinsson, til heimilis að Digranesheiði 2 í Kópavogi. Guðni var á 23. aldursári, fæddur 29. desember 1984. Hann var ókvæntur og barnslaus.



GUÐNI RÚNAR KRISTINSSON

Hann flaug vélinni, og í henni voru þrír farþegar, þar af einn Íslendingur. Sá er nítján ára og búsettur í Kanada. Hann er á batavegi.



FUNDAD Stofnfjárhafar SPRON funduðu í Borgarleikhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Fundur stofnfjárhafa í SPRON: Breyting í hlutfélag samþykkt

VIÐSKIPTI Stofnfjárhafar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) samþykktu einróma á fundi í gær að breyta sparisjóðnum í hlutfélag. Til þess að breytingin gangi eftir þarf samþykki Fjármálaeftirlits.

Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri sagði að breytingin eigi eftir að gefa sparisjóðnum aukinn kraft þar sem hún auðveldi aðgengi að fé. Stefnt sé að því að skrá fyrirtækið í Kauphöllinni.

Eftir að breytingin var samþykkt var borin upp tillaga um að auka hlutfélag SPRON hf. um 500 milljónir króna, og var tillagan samþykkt. - bj

BÍLL DAGSINS

HYUNDAI SANTA FE

Nýskr. 04.04 - Beinskiptur - Ekinn 52 þús. km.



Verð 2.190.000

Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

2

FRÉTTABLAÐIÐ

Austurríska stúlkan sem slapp úr átta ára þrísund mannræningja fyrir réttu ári: Segist vorkenna fangara sínum

AUSTURRÍKI Austurríska stúlkan Natascha Kampusch, sem varð fræg fyrir réttu ári er hún flúði úr þrísund sem mannræningi hafði haldið henni í frá því hún var tíu ára, tjáði sig aftur um átta ára einangrunardvöl sína og lífið eftir endurheimt frelsisins í nýju viðtali í austurríska sjónvarpinu.

Nú segist hún kenna í brjósti um manninn sem hélt henni nauðugri í leyniherbergi í kjallara húss síns allan þennan tíma, en hann fyrirfór sér daginn sem hún flúði. „Hann var aum sál, afvegaleiddur og misskilinn,“ sagði hún, „Ég kenni sífellt meira í brjósti um hann.“

„Ég sagði við hann einu sinni, að ég myndi einn góðan veðurdag dansa á gróf hans, en það var bara kaldhæðin athugasemd sem ég meinti auðvitað ekkert með,“ sagði Kampusch ennfreður í viðtalinu. Hún mætti í útför hans.

Hún lýsti sambandi sínu við fangara sinn, Wolfgang Priklopil, sem stöðugri glímu, þar sem þau reyndu bæði



NATASCHA KAMPUSCH Tjáði sig í sjónvarpsviðtali. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að snúa á hvert annað. „Það var alltaf ljóst að aðeins annað okkar myndi lifa af - og það varð sem sagt ég,“ sagði hún.

- aa

Uppsagnir lögreglu- manna streyma inn

Fimm lögreglumenn sögðu upp í síðustu viku. Þar með hafa 35 sagt upp frá áramótum, langflestir af höfuðborgarsvæðinu. Prettán eru í launalausum leyfi.

KJARAMÁL Fimm lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu sögðu upp störfum í síðustu viku. Þar með hafa 35 lögreglumenn sagt upp það sem af er þessu ári, langflestir á höfuðborgarsvæðinu. Að auki eru þrettán í launalausum leyfi, sem oftast er undanfari brotthvarfs úr starfi.

„Við höfum átt fundi, bæði með fulltrúum ráðuneyta dómsmála og fjármála þar sem við höfum lýst áhyggjum af þróun þessara mála og viljað leita leiða til þess að koma í veg fyrir frekara brotthvarf lögreglumanna úr starfi,“ segir Sveinn Ingiberg Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna. Hann bætir við að annar fundur hafi verið ákveðinn nú í ágúst. „Tölur segja okkur að þetta er miklu meira brotthvarf það sem af er þessu ári, en hefur verið á heilum árum þar á undan. Okkur þykir horfa til þess að stefnt gæti í óefni haldi þessi þróun áfram.“

Sveinn segir að með þeirri breytingu sem orðið hafi á lögreglulögunum um áramót hafi jafnframt verið sett það markmið að reyna að fjölga faglærðum lögreglumönnum. Menn hafi þá talið að þróunin þyrfti að vera á þann veg, bæði með stækkun sersveitar og öðrum verkefnum sem komið hefðu inn. Þá hefði verið orðið áberandi að ófaglærðir lögreglumenn væru í auknum mæli farnir að starfa við hlið hinna fagmenntuðu.

„Við höfum áhyggjur af því að þau markmið sem sett voru síðastliðið haust, með því að fjölga í Lögregluskólanum og fjölga fagmenntuðu fólki í lögreglunni, séu



LÖGREGLAN Samtals 127 manns hafa verið ráðnir í afleysingastörf lögreglunnar á þessu ári, allir ófaglærðir, að sögn formanns Landssambands lögreglumanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í ákveðnu uppnámi. Eins höfum við áhyggjur af því að hlutfall ófaglærðra á götunni sé að verða of hátt. Þeir vinna að sjálfsögðu ekki sérfræðistörf innan lögreglu, þannig að þeir eru allir við störf á götunni.“

Sveinn segir það enn fremur áhyggjuefni að mikil reynsla glatist með þeim mönnum sem nú hyggist hverfa frá störfum, því ekki sé einungis um yngra fólk að ræða, heldur eldri og reyndari menn. Ástæða uppsagn-

anna sé að hluta til lág laun, álag í starfi og almennt góðari. Lögreglumenn eigi jafnvel möguleika á að fara í önnur og betur launuð störf innan opinberra geirans.

„Okkur er sagt að fleiri en þessir sem þegar hafa sagt upp séu farnir að hugsa sér til hreyfings verði ekki að brugðist við í þessum málum,“ segir Sveinn og bætir við að viðvörðunarbjóllur séu nú farnar að hringja í þessum efnum.

jss@frettabladid.is

Fíkniefnalögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók fíkniefnasala: Tekinn með 100 LSD-skammta

LÖGREGLUMÁL Um 100 skammtar af ofskynjunarefni LSD voru teknir við húsleit í Kópavogi síðastliðið föstudagskvöld. Eigandi þess hafði verið handtekinn skömmu áður, þá með umtalsvert magn fíkniefna í fórum sínum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu voru tveir menn handteknir á föstudag. Á þeim fannst lítill ræði af fíkniefnum. Mennirnir voru að koma frá „þekktu“ húsnaði í Kópavogi. Að fengnum úrskurði gerði lögreglan húsleit á staðnum og fann þá um 100 skammta af LSD. Húsráðandi viðurkenndi að eiga efnið og kvaðst hafa ætlað það til eigin neyslu. Mennirnir þrír voru yfirheyrðir og þeim sleppt að því loknu.

Fyrirnefndur húsráðandi var tekinn af lögreglu skömmu fyrir verslunarmannahelgina. Þá fannst hjá honum umtalsvert magn fíkniefna, eins og áður sagði. Um var að ræða LSD, e-töflur, amfetamín og hass.

Lögregla varar fólk alvarlega við neyslu LSD, svo og annarra fíkniefna. LSD er ofskynjunarefni. Þeir sem hafa einhvern tíma tekið það geta átt á

LÖGREGLUMÁL Um 100 skammtar af ofskynjunarefni LSD voru teknir við húsleit í Kópavogi síðastliðið föstudagskvöld. Eigandi þess hafði verið handtekinn skömmu áður, þá með umtalsvert magn fíkniefna í fórum sínum.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu voru tveir menn handteknir á föstudag. Á þeim fannst lítill ræði af fíkniefnum. Mennirnir voru að koma frá „þekktu“ húsnaði í Kópavogi. Að fengnum úrskurði gerði lögreglan húsleit á staðnum og fann þá um 100 skammta af LSD. Húsráðandi viðurkenndi að eiga efnið og kvaðst hafa ætlað það til eigin neyslu. Mennirnir þrír voru yfirheyrðir og þeim sleppt að því loknu.

Fyrirnefndur húsráðandi var tekinn af lögreglu skömmu fyrir verslunarmannahelgina. Þá fannst hjá honum umtalsvert magn fíkniefna, eins og áður sagði. Um var að ræða LSD, e-töflur, amfetamín og hass.

Lögregla varar fólk alvarlega við neyslu LSD, svo og annarra fíkniefna. LSD er ofskynjunarefni. Þeir sem hafa einhvern tíma tekið það geta átt á



OFSKYNJUNARLYF LSD hefur verið að ryðja sér aftur til rúms hér á landi.

hættu að missa geðheilsuna hvenær sem er það sem eftir er ævinnar.

Þá bendir lögregla almenningi á síma 8005005, þar sem hægt er að koma upplýsingum um meðferð og notkun fíkniefna til lögreglu.

- jss

22. ágúst 2007

MIÐVIKUDAGUR

Pingmenn til Grænlands: Ársfundur Vest-norræna ráðsins

ALÞINGI Ársfundur Vestnorræna ráðsins fer nú fram í Nuuk á Grænlandi. Pingmenn frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi, sem skipa landsdeildir Vestnorræna ráðsins, sækja fundinn auk gesta.

Samkvæmt tilkynningu frá Alþingi fóru Karl V. Matthíasson, Guðbjartur Hannesson, Guðjón A. Kristjánsson og Valgerður Sverrisdóttir fyrir hönd Íslands. Meðal efnis á fundinum, verða björgunar- og öryggismál, jafnréttismál og rannsóknir á fiskistofnum.

Vestnorræna ráðið er samstarfs-samtök Alþingis, Landsþings Grænlandinga og Lögþings Færeyinga.

- sps

Stærstu fjármálafyrirtæki heims: Eignast tólf prósent í Kaupþingi

VIÐSKIPTI Meðal hluthafa í fjárfestingarsjóðnum J.C. Flowers, sem er ráðandi í fjárfestahópi er seldi NIBC til Kaupþings á dögunum, eru stærstu fjármálafyrirtæki heimsins. Meðal þeirra félaga sem koma inn í hluthafahóp Kaupþings í gegnum J.C. Flowers eru ABN Amro, Banco Santander, Bank of America og J.P. Morgan. Sum þeirra eiga yfir tíu prósent hlut í J.C. Flowers.

„Við erum ekki bara að fá inn J.C. Flowers heldur einnig tíu af tuttugu stærstu fjármálastofnumum í heiminum í dag,“ segir Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings.

Fjárfestahópurinn tekur yfir tólf prósent í Kaupþingi, um 120 milljarða króna, og verður annar stærsti hluthafinn.

- eþa / Sjá Markaðinn.

Jafnréttisráð skipað: Sex konur og þrír karlar í ráðinu

RÉTTINDAMÁL Níu manna Jafnréttisráð hefur verið skipað af Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Skipunin gildir til næstu alþingiskosninga.

Formaður Jafnréttisráðs er Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi. Aðrir í ráðinu eru Marianna Traustadóttir, Þorveig Þormóðsdóttir, Björn Rögnvaldsson, Ólafur Pétur Pálsson, Una María Óskarsdóttir, Þorbjörg I. Jónsdóttir, Svandís Svavarsdóttir og Hörður Vilberg.

Jafnréttisráð á að veita stjórnvöldum ráðgjöf og meðal annars ætlað að stuðla markvisst að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla á vinnumarkaðnum.

- kdk

N1



**Blue Ember gasgrill
samsett og heimsent**

706 8217 4595

49.900,-

~~75.500,-~~

- 3 aðalbrennarar úr ryðfríu stáli
- Rafmagnskveikja
- Lok, hurðir og hliðar úr ryðfríu stáli
- Klakabox úr ryðfríu stáli
- Postulínshúðuð hitagrind og 3 grillgrindur
- Eldunarflötur 73 x 44 cm
- Hliðarhella úr postulínshúðuðu pottjárnri

ÁGÚSTTILBOÐ

Í stórverslun N1 að Bíldshöfða færðu allar nauðsynlegar vörur fyrir bílinn, ferðavagninn og motorhjólíð.



**Grill Pro
yfirbreiðslur - 3 stærðir**

-30%



**Allar vörur fyrir
húsbíla og ferðavagna**

-25%



Beta verkfæravagn

063 BE2400203

34.800,-

~~44.800,-~~



**Turtle Wax 400 ml
áklæðahreinsir**

525 FG4474

890,-

~~1.226,-~~



**Felgulykill með
4 toppum í tösku**

063 073001001

1.990,-

~~2.490,-~~



**Comma 425 ml
handþvottakrem**

115 MAN 425M - 425 ml.

590,-

~~790,-~~



Dráttarkúla 50 mm

410 F12

1.990,-

~~2.990,-~~



**Comma 3L
handþvottakrem**

115 MAN3L

1.650,-

~~2.198,-~~



No Fear gallar

-20%



Orina Thunder hanskar

-30%



Buffalo töskur

-25%



**Lituð dekk
Framdekk:**

4.000,-

Afturdekk:

4.500,-

GENGIÐ 21.08.2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	67,20	67,52
	Sterlingspund	133,17	133,81
	Evra	90,62	91,12
	Dönsk króna	12,176	12,248
	Norsk króna	11,320	11,386
	Sænsk króna	9,650	9,706
	Japanskt jen	0,5870	0,5904
SDR		102,40	103,02
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR			123,4
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Stjórn Einingar-Iðju: Vill lækka félagsgjaldið

VINNUMARKAÐUR Stjórn Einingar-Iðju hefur samþykkt að leggja til við aðalfund félagsins næsta vor að félagsgjaldið verði lækkað úr 1,3 prósentum í eitt prósent. Ef það verður samþykkt þýðir það að hætt verður að efla Vinnudeilusjóð félagsins með sama hætti og áður.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, segir að ekki sé hægt að reka félagið með lægra félagsgjaldi án þess að segja upp starfsfólki á Akureyri og loka ef til vill skrifstofunni á Dalvík.

„Það er dýrara að reka svona þjónustu úti á landsbyggðinni þar sem við veitum þjónustu á öllum stöðum. Við teljum okkur ekki geta verið í kapphlaupi við önnur félög,“ segir hann.



BJÖRN SNÆBJÖRNSSON

- ghs

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Fyrirtæki frá heimamönnum

Eignarhald á fyrirtækjum í Þingeyjarsýslu hafa mikið færst til annarra svæða á síðustu árum. Þetta kemur fram í nýrri könnun stéttarfélaga í Þingeyjarsýslu. Nú starfa 61 prósent íbúanna í fyrirtækjum heimamanna.

KÁRAHNJÚKAVIRKJUN

Nálægt heimsmeti í borun

Risabor á Kárahnjúkum sló Íslandsmet þegar hann boraði tæplega 364 metra í síðustu viku. Borinn fór nálægt heimsmeti bors af þessari stærð, og munaði aðeins níu metrum á að metið væri jafnað, að því er fram kemur á vef Kárahnjúkavirkjunar.

4

FRÉTTABLAÐIÐ

22. ágúst 2007 **MÍÐVIKUDAGUR**

Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir kærir ákvörðun um niðurfellingu:

Dýraníð til ríkissaksóknara

DÝRAVERND Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis, hefur ákveðið að kæra niðurfellingu meints dýraníðsmáls til ríkissaksóknara. Héraðsdýralæknir segir þau skilaboð út í samfélagið, sem niðurfelling málsins hefur í för með sér, óviðunandi.

Gunnar Örn kærði barsmíðar á hrossinu sem sýndar voru í Kompásspætti Stöðvar 2 í apríl síðastliðnum til embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins. Yfir-dýralæknir, Halldór Runólfsson, hafði þá sagt málið háalvarlegt og að kæra þyrfti viðkomandi knapa fyrir barsmíðarnar. Héraðsdýra-



HESTURINN Hesturinn sem varð fyrir barsmíðum sem teknar voru upp á myndband.

MYND/STÖÐ 2

lækni barst svo nýlega bréf frá embætti lögreglustjórans þar sem greint var frá því að ekki yrði ákært í málinu.

Eftir það sendi Dýralæknafélag Íslands frá sér yfirlýsingu eftir sumarfund um síðustu helgi þar sem það lýsti yfir furðu og hneykslan á ákvörðun um niðurfellingu málsins.

„Í bréfi embættis lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins segir að þessi ákvörðun um niðurfellingu sé tekin, þar sem ekki sé talið líklegt að ákæra leiði til sakfellingar,“ segir Gunnar Örn. „Ég hef óskað eftir rökstuðningi á því. Þessi gjörningur er ótvírætt brot á lögum um dýravernd, þar sem segir að óheimilt sé „að hrekkja dýr eða meiða“.

- jss

Húsafriðunarnefnd íhugar skyndifriðun

Teikningar af húsi við Laugaveg 4 til 6 voru ekki samþykktar í gær. Sagt lögleysa ef Húsafriðunarnefnd fær ekki að skila álitu um niðurrif húsanna. Ekki á verksviði nefndarinnar að ákveða hvað verður byggt, segir byggingarfulltrúi.

SKIPULAGSMÁL Magnús Skúlason, forstöðumaður Húsafriðunarnefndar, segir að nefndin íhugi að skyndifriða húsin við Laugaveg 4 til 6. Húsin voru byggð á seinni hluta nítjándu aldar. „Við höfum vald til að skyndifriða húsin. Það er eina úrræðið sem Húsafriðunarnefnd hefur til að stöðva þetta mál,“ segir Magnús. Rífa á húsin á næstunni til að rýma fyrir tæplega tvöþúsund fermetra nýbyggingu eignarhaldsfélagsins Kaupangs ehf.

Teikningarnar af nýbyggingunni voru ekki samþykktar á fundi byggingarfulltrúa í gær segir Magnús Sædal Magnússon, byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar. Að sögn Magnúsar voru gerðar smávægilegar athugasemdir við teikningarnar en að líklega verði þær samþykktar í næstu viku.

Magnús Skúlason segir að Húsafriðunarnefnd vilji fá að skila álitu sínu á niðurrifi húsanna tveggja áður en byggingarfulltrúi samþykkir teikningarnar, meðal annars vegna þess að húsið við Laugaveg 2 sé friðað. „Það er lögleysa ef húsin verða rifin án þess að nefndin sé spurð,“ segir Magnús. Samkvæmt lögum á nefndin að skila álitu sínu á niðurrifi allra húsa sem eru byggð fyrir árið 1918.

Magnús segir að í maí í fyrra hafi nefndin beðið um að fá að sjá teikningarnar af nýja húsinu áður en hún tæki ákvörðun um hvort hún myndi leyfa niðurrif á húsunum tveimur. „Við höfum hins vegar ekki enn fengið teikningarnar frá Kaupangri og byggingarfulltrúi má ekki samþykkja teikningarnar áður en Húsafriðunarnefnd hefur skilað



MAGNÚS SKÚLASON VIÐ LAUGAVEG 4 TIL 6 Forstöðumaður Húsafriðunarnefndar stendur fyrir framan húsin við Laugaveg 4 til 6. Nefndin íhugar að beita skyndifriðun til að fá að segja álit sitt á niðurrifi húsanna.

álitu sínu. Þess vegna íhugum við skyndifriðun á húsunum,“ segir Magnús. Hann vonast til að nefndin fái að sjá teikningarnar af húsinu og veita álit sitt áður en byggingarfulltrúi samþykkir þær. Aðspurður segir Magnús hins vegar að bein lagastöð fyrir þessari ósk Húsafriðunarnefndar sé ekki fyrir hendi og því sé það ekki lögbrot ef henni verður neitað.

Magnús Sædal byggingarfulltrúi segir að það sé ekki hlutverk Húsafriðunarnefndar að velta fyrir sér ytra útliti nýbygginga heldur að veita álit um hvort vernda eigi hús eða ekki. Byggingarfulltrúi segir að Húsafriðunarnefnd hefði á sínum tíma átt að taka afstöðu um hvort vernda ætti húsin tvö við Laugaveginn „Það gerði hún hins vegar ekki heldur ýtti málinu á undan sér. Nú vill nefndin segja skoðun sína stuttu áður en teikn-

HVAÐ ER SKYNDIFRIÐUN?

Í 8. gr. laga um húsafriðun stendur að ef húsafriðunarnefnd telur hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rífið eða gildi þess rýrt þá geti hún ákveðið að skyndifriða það. Skyndifriðun gildir í tvær vikur og henni þarf ekki að þinglýsa. Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðuninni lýkur.

ingarnar af nýja húsinu verða samþykktar. Þetta gengur náttúrulega ekki upp,“ segir Magnús Sædal.

Ekki er búið ákveða hvenær húsin verða rifin né hvenær byrjað verður á nýja húsinu sem mun rísa í stað þeirra.

ingifreyr@frettabladid.is

Umhverfisráðherra:

Synjar vegi um Grunnafjörð

UMHVERFISMÁL Umhverfisráðherra hefur synjað staðfestingar á þeim hluta aðalskipulags Leirár- og Melahrepps er varðar lagningu vegar yfir Grunnafjörð. Sama hluta í aðalskipulagi Skilmannahrepps hefur einnig verið synjað.

Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun höfðu áður lagst gegn því að lagning vegar um svæðið yrði samþykkt enda er Grunnafjörður friðlýst svæði og allt jarðrask á firðinum óheimilt.

Í Grunnafirði er mikilvægt votlendi sem hefur verið tilkynnt til alþjóðlegrar skrár um verndun votlendis.

- þo



FRÁ SVALBARÐA Ísbirnir eru friðaðir á eyjaklasanum.

Skólaárið hafið á Svalbarða: Kennt að verjast ísbjörnum

SVALBARÐI Kennsla í vopnaburði er almennt ekki á dagskrá í skólum, hvað þá á fyrsta skólagreini, en sjálfsvörn gegn ísbjörnum er meðal þess sem nemendur háskólans á Svalbarða þurfa að læra um leið og skólaárið hefst.

Að því er fram kemur á fréttavef norska dagblaðsins Aftenposten mega nemendur skólans ekki yfirgefa þorp sitt án þess að hafa með sér haglabyssu og skotfæri. Ísbirnir eru friðaðir á Svalbarða, en þeir geta hlaupið uppi manneskju á örstuttum tíma, og því er nemendum kennt að skjóta þá ef slíkar aðstæður koma upp.

- sþs

LÖGREGLUFRETTIR

Kappakstur í kirkjugarði

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði í fyrrakvöld tvo sautján ára pílta á Gufuneskirkjugarði. Á vef lögreglunnar segir að drengirnir hafi farið þar í kappakstri. Þeir hafi orðið skömmustulegir þegar lögregla gerði þeim grein fyrir því að svona gerði fólk ekki.

KYNNTU ÞÉR FRAMBOÐ NÁMSKEIÐA HJÁ CAPACENT ÞJÁLFUN

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLÝTT OG VÆTUSAMT

Nú er ákaflega hlýtt loft yfir landinu og á ég von á að um hádegi verði hitinn austur á Héraði um eða yfir 20 stig í hnúkaþey. Það er allstíf suðvestan átt á landinu með nokkuð hviðukenndu veðri en vindurinn er einmitt forsenda þess að hlýja loftið í háloftunum nái niður. Eru horfur á að allsnarpar hviður kunni að verða í dag norðan Vatnajökuls. Í dag og næstu daga má búast við skúraveðri, síst þó austan til á landinu.

REYKJAVÍK Í DAG

Suðvestan 5-8 m/s og skúrir. Hiti 10-14 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	23°C skúrir	London	21°C rigning	Friedrichshafen	21°C léttskýjað
Billund	22°C skúrir	Paris	20°C rigning	Basel	20°C skúrir
Oslo	25°C léttskýjað	Amsterdam	22°C rigning	Alicante	29°C heiðskirt
Stokkhólmur	24°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir	Algarve	29°C heiðskirt
Gautaborg	24°C skúrir	Berlin	24°C skúrir	Las Palmas	26°C léttskýjað


* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun

8-13 m/s.

» föstudagur

3-10 m/s.



VINÁTTULANDSLEIKUR

Ísland - Kanada
Laugardalsvelli
Miðvikudaginn 22. ágúst
Kl. 18:05

LEIKUR ÁN
FORDÓMA



ÍSLAND - KANADA

Ísland og Kanada mætast í vináttulandsleik á Laugardalsvelli miðvikudaginn 22. ágúst kl. 18:05. Leikurinn er mikilvægur liður í undirbúningi strákanna okkar fyrir leiki haustsins í undankeppni EM 2008. Forsala aðgöngumiða verður í gegnum miðasöluferfi á ksi.is og midi.is þar sem þú getur valið þér besta sætið!

Mætum öll, skemmtum okkur saman og styðjum við bakið á strákunum okkar! Við erum öll í íslenska landsliðinu!



Alltaf í boltanum með KSI



MIDDAVERÐ Á LEIKDAG 22. ÁGÚST
Sæti á rauðu svæði kr. 3.500
Sæti á bláu svæði kr. 2.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.500

FORSALA TIL OG MEÐ 21. ÁGÚST
Sæti á rauðu svæði kr. 3.000
Sæti á bláu svæði kr. 2.000
Sæti á grænu svæði kr. 1.000

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er ókeypis og eins að fara með drykkjaföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgöngu. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhol í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhol við austurstúku við Valbjarnarvöll.

KJÖRKASSINN



Ætlar þú í berjamó á næstunni?

Já	36,2%
Nei	63,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Borðar þú meira af alifuglakjöti en lambakjöti?

Segðu þína skoðun á vísir.is



Unnið er að uppstokkun slysa- og sjúkratryggingakerfisins hjá ASÍ: Kjarabætur í nýju áfallatryggingakerfi

HEILBRIGÐISMÁL „Við viljum ekki að kerfið sé of mikil einstefnugata í átt að örorku. Við viljum að það sé hægt að snúa til baka inn á vinnumarkaðinn,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Unnið er að grundvallarbreytingum á áfallatryggingakerfi hjá Alþýðusambandi Íslands sem kynna á í september. Nýja kerfið tæki gildi eftir um ár. Breytingarnar eiga að miða að því að starfsmenn á almennum vinnumarkaði, sem veikjast eða lenda í slysum, hafi rétt á fullum launum í tvo mánuði hjá atvinnurekanda. Því næst fari þeir inn í nýtt kerfi í allt að fimm ár. Þar



VILHJÁLMMUR EGILSSON

GUÐMUNDUR GUNNARSSON

hafi þeir fyrst níutíu prósent, svo áttatíu og loks sjöttíu prósent hluta þeirra launa sem þeir höfðu áður. Segir Egill að ef af þessu verði sé um mikið framfaramál að ræða. Forystumenn innan Starfs-

greinasambandsins hafa lagt áherslu á að komandi kjarasamningar snúist um krónutöluhækkunar. Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, segir að „veruleg kjarabót“ yrði fólgin í uppstokkun af þessu tagi, ekki síst hjá félögum með veika eða litla sjúkrasjóði. „Félagslega yrði þetta stórkostleg framför, ekki síst fyrir Starfsgreinasambandið. Þar eru konur sem vinna slitsama vinnu og akkúrat þær myndu fá mestu kjarabótina ef næst saman um þetta.“

Vilhjálmur segir ekkert mæla gegn því að nýja kerfið nái einnig til hins opinbera.

- ghs

Rauða herdeildin: Evu Haule veitt reynslulausn

ÞÝSKALAND. AP Evu Haule, sem var meðlimur hryðjuverkahópsins Rauðu herdeildarinnar, var veitt reynslulausn úr fangelsi í Berlín á föstudag. Haule hlaut lífstíðarfangelsisdóm árið 1985 fyrir morð á bandarískum hermanni og fyrir að hafa átt þátt í sprengjuárás á bandaríska herstöð. Í henni létu tveir menn lífið og 23 særðust. Rauða herdeildin var stofnuð í Vestur-Þýskalandi af róttæku ungu fólki sem upphaflega mótmælti Víetnamstríðinu. Á þeim 22 árum sem herferð hópsins stóð yfir voru 34 menn myrtir. Hundruð særðust.

- lbb

Tvö svæði bera uppi hagvöxt síðustu ára

Hagvöxtur á árunum 1998-2005 var langmestur á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi. Neikvæður hagvöxtur var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Víða um land er stór hluti hagvaxtarins til kominn vegna opinberrar starfsemi.

EFNAHAGSMÁL Hagvöxtur var yfir 50 prósent í tveimur landshlutum, Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu, á árunum 1998-2005. Í öllum öðrum landshlutum var hagvöxtur verulega undir landsmeðaltali, og á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var hann neikvæður.


Þetta kemur fram í skýrslu Bygðastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem kom út í gær. Hagvöxtur er mæling á breytingu á landsframleiðslu milli ára.

Mikill munur er á því hvaða atvinnugreinar mynda hagvöxtinn á hverjum stað. Athygli vekur að víða um land er stór hluti hagvaxtarins til kominn vegna opinberrar starfsemi. „Vöxturinn í opinberri starfsemi er þó nokkur víðast hvar, eins og gefur að skilja, þó minnstur á þeim svæðum með fáu fólki. Við höfum ekki nákvæma skýringu á þessu,“ segir Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarviðs Bygðastofnunar.

Hagvöxturinn á höfuðborgarsvæðinu var 53 prósent á milli árána 1998 og 2005, og á Austurlandi var hagvöxturinn 51 prósent á sama tíma. Skýringin er þó ólík, í Reykjavík skýrist hagvöxturinn af þjónustustarfsemi, en á Austurlandi einkum af byggingarstarfsemi.

Snorri segir það almennt viðurkennda staðreynd að aftur muni draga úr hagvexti á Austurlandi eftir að byggingu álvers á Reyðarfirði og Kárahnjúkavirkjunar ljúki. Í skýrslunni segir þó að

HAGVÖXTUR EFTIR LANDSHLUTUM 1998-2005



BYGGÐASTOFNUN/HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

hækkandi fasteignaverð og fjöldi nýrra íbúðarhúsa á Egilsstöðum og Reyðarfirði bendi til þess að menn telji að uppsveiflan verði að einhverju leyti varanleg.

Á Vesturlandi var hagvöxturinn 29 prósent, og segir Snorri það skýrast að miklu leyti af álveri Norðurlás á Grundartanga. Reikna megi með því að þróunin á Austurlandi að framkvæmdatíma loknum verði svipuð og á Vesturlandi. Þar hafa orðið talsverðar sveiflur en hagvöxtur þó ekki langt frá 40 prósent landsmeðaltalinu á árabílinu 1998 til 2005.

Hagvöxtur var -9 prósent á Norðurlandi vestra á árunum 1998 til 2005, og -3 prósent á Vestfjörðum á sama tíma, langt undir 40 prósent landsmeðaltalinu. Skýrist neikvæður hagvöxtur aðallega á samdrætti í veiðum og fiskvinnslu.

Í öðrum landshlutum var jákvæður hagvöxtur á árunum 1998 til 2005, þó hann kæmist ekki nálægt landsmeðaltali. Þannig var hagvöxturinn 19 prósent á Suðurlandi, 17 prósent á Suðurnesjum og 12 prósent á Norðurlandi eystra.

brjann@frettabladid.is

Ekkert verður af kaupum Pálma Haraldssonar og félaga:

Kaupir ekki Newcastle United

VIÐSKIPTI Pálmi Haraldsson ætlar ekki að kaupa breska knattspyrnuliðið Newcastle United, samkvæmt frétt Vísis frá því í gærmorgun. Orðrómur hafði verið uppi um að Pálmi og Jón Ásgeir Jóhannesson vildu kaupa enska knattspyrnustórveldið. Fréttir höfðu jafnframt borist af því að gamla kempan Alan Shearer yrði í fjárfestahópi Pálma.

Fréttablaðið sagði frá því á mánudag að Jón Ásgeir Jóhannesson hefði ekki hug á að koma að kaupunum. Pálmi Haraldsson vildi hins vegar hvorki játa því né neita að til hefði staðið að kaupa félagið.

Fram kom í enska blaðinu Evening Chronicle í gær að aldrei hefði staðið til að selja Newcastle United. Samkvæmt talsmanni núverandi eiganda félagsins, kaupsýslumannsins Mike Ashley, er Ashley orðinn langþreyttur á fréttum þess efnis að félagið sé til sölu.

Newcastle hefði orðið annað félagið í Ensku úrvalsdeildinni í eigu Íslendinga, en snemma á árinu gengu þeir Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon frá kaupum á Lundúnaliðinu West Ham United.

- jsk

ALAN SHEARER Ekkert verður af því að Alan Shearer kaupi Newcastle United ásamt íslenskum fjárfestum. Talsmaður núverandi eiganda neitar því með öllu að félagið sé til sölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



BOÐEIND.IS

í tilefni af 20 ára afmæli

Boðeindar bjóðum við upp á ótrúleg afmælistilboð og þú gætir jafnvel unnið LCD sjónvarp!



Asus F5R 15.4"
Intel M520 - 1GB - 80GB
DVD brennari - ATI Xpress 1100
Vista Home Verð kr. 96.490,-
Staðgreiðsluverð kr. 69.900,-



Asus A6VM 15.4"
Intel Singel core - 1GB - 100GB
GeForce 7300 - DVD brennari
XP PRO Verð kr. 108.243,-
Staðgreiðsluverð kr. 89.900,-



Asus A8FM 14.1"
Aðeins 2,4Kg.
Intel Core Duo - 1GB - 80GB SATA
DVD brennari - Vista Business
Verð kr. 119.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 109.900,-

Leyfðu okkur að veita þér faglega og persónulega þjónustu

Staðgreiðslulán fáanleg til allt að 36 mánaða

Leikja- og margmiðlunartölvur

Asus F3SE 15.4"
Intel Mobile Core 2 Duo - 2GB - 256MB ATI Radeon X2500
160GB SATA - DVD brennari - Vista Home Premium
Verð kr. 144.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 114.900,-

Asus G1S 15.4"
Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate
MX518 mús Verð kr. 229.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 179.900,-

Asus G2S 17"
Intel Core 2 Duo - 2GB - 256MB 6800GT GeForce
160GB SATA - DVD brennari - Vista Ultimate - MX518 mús Verð kr. 249.900,-
Staðgreiðsluverð kr. 199.900,-

Fartölvutaska, mús, vefmyndavél, vírusvörn og góður forritapakki fylgir öllum fartölvum frá Boðeind



Boðeind í 20 ár

Par sem verð og gæði fara saman

Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - S: 588 2061 - Mörkín 6 - 108 Rvk - Verslun/verkstæði



Ótrúlegt verð á flötum skjám

Allt úrvalið fæst í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum.



69.990_{kr}
GOTT VERÐ

DIBOSS 32" LCD skjár

LT32A2HM

- 32" LCD skjár
- 1366x768 punkta upplausn
- HD Ready
- Skerpa 800:1 og svartími: 8ms
- Birta 500cd/m2
- 2x7w Nicam stereó hljóðkerfi



69.990_{kr}

Verð áður 89.990,-

United HD 27"

LCD skjár LTV27W63

- Upplausn 1280x720 punktar
- Progressive scan
- HD ready
- 2x6w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir



119.990_{kr}
GOTT VERÐ

Philips 32" LCD skjár 32PFL5322

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar
- Pixel Plus HD myndtækni • HD Ready • Skerpa: 4.000:1 og svartími: 8ms • Sjónsvið (H/V): 178/178° og birtustig: 500 cd/m2 • Active control og contrast plus • 2 x 20w nicam stereó hljóðkerfi með incredible surround • 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring
- Borðstandur með snúningi fylgir • Passar fyrir VESA200x100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 80,5x54,6x11,5 og þyngd: 15,5kg



79.990_{kr}

Verð áður 89.990,-

United HD 32" LCD skjár LTV32W63

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • HD Ready
- Progressive Scan • Nicam stereó hljóðkerfi • 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring
- Passar á Vogels EFW6205 ásamt EFA6875 veggfestinguna (fylgja ekki)
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11



189.990_{kr}
GOTT VERÐ

Philips HD 42" LCD skjár 42PFL5322

- Upplausn: 1366x768 punktar • Pixel Plus HD myndtækni - Eykur línuþjölda og skerpu • Progressive Scan HD Ready • Skerpa: 5.000:1 og svartími: 5ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° • Birtustig: 500 cd/m2 • Ljösskynjari og Active Control - minnkar glampa • 2 x 10w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround
- 2 scart (með RGB), 2 HDMI, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp með 1.000 síðna minni • Svefnrofi og fjarstýring



99.990_{kr}
GOTT VERÐ

DIBOSS 37" LCD skjár LT37JHM

- 37" LCD skjár • 1366x768 punkta upplausn • HD Ready
- Skerpa: 800:1 og svartími: 9ms • Birtustig: 500 cd/m2
- 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi

Gildir til 27. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Batti, ertu búinn að ryksuga?

Nei Raffa mín, ég er eitthvað svo úrvinda, bara alveg tómur...

Skilum ónýtu rafhlöðunum!

Ónýtar rafhlöður geta verið hættulegar umhverfinu ef þær innihalda spilliefni. Þú getur losað þig við allar rafhlöður m.a. á bensinstöðvum Olís og söfnunarstöðvum sveitarfélaga um land allt eða fengið þér endurvinnslutunnu fyrir flokkað heimilissorp.

ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Kynntu þér málið á www.urvinnslusjodur.is

olís

Efnamóttakan hf

GAMARJONUSTAN HF.

HRINGRÁS

Dagleg þrif eru leikur einn

– með Unique örtrefjamoppum og klútum

Unique örtrefjamoppusettið byggir á tveimur mismunandi moppugerðum.

1 stk. hvítri þurrmoppu sem er notuð til þess að sópa. Moppan dregur í sig óhreiningi og ryk með því að mynda stöðurafmagn.

2 stk. bláum blautmoppum sem eru notaðar til þess að þvo öll hörð gólfefni.

Unique örtrefjamoppusettið

2.980 Kr.

vörum. 63240

Unique örtrefjaklútasett

örtrefjaklútur og örtrefjaglerklútur

557 Kr.

vörum. 63242

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

sala@rv.is • www.rv.is

RV

www.visir.is

Hvað er að fréttastofa?

Fréttastofa beintengd við tölvuna þína



FERJAN FRÆGA Í HAFNARFIJARÐARHÖFN Formaður fjárlaganefndar vill að kannað verði hvort stofnað hafi verið til fleiri viðlíka framkvæmda. Í yfirlýsingu fjármálaráðuneytis segir að mýmargar svipaðar heimildir hafi verið nýttar.

Valdið er Alþingis en ekki ráðuneyta

Formaður fjárlaganefndar tekur mið af Ríkisendurskoðun. Hluti af ferjukaupum hafi verið unninn í heimildarleysi. Vill fá upplýsingar úr ráðuneytinu um viðlíka framkvæmdir. Ráðuneytið kveður svipaðar heimildir vera mýmargar.

RÍKISFJÁRMÁL „Ég hef engar forsendur til að draga í efa faglega hæfni Ríkisendurskoðunar. Tülkun hennar, sem óháður og hlutlaus aðili, stendur fyrir sínu. Hún gefur til kynna að hluti verkefnisins hafi verið unninn í heimildarleysi,“ segir Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar. Heimildin hefði átt að koma frá Alþingi, ekki ráðherra.

Ríkisendurskoðun sendi í gær

„Kannski fáum við tugi eða hundruð verkefna sem öll eru í lögleysu. Þá þarf að fara yfir það betur.

GUNNAR SVAVARSSON
FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR.

frá sér yfirlýsingu vegna fyrri gagnrýni fjármálaráðherra á athugasemdir stofnunarinnar

vegna Vega-gerðarinnar og Grímseyjarferju.

Arni Mathiesen fjármálaráðherra hafði haldið því fram að það væri viðtekið verklag ríkisstofnana að nýta ónýttar fjárheimildir í önnur verk. Vitnaði hann í fjárlög um að ráðstafa mætti andvirði gömlu Grímseyjarferjunnar, eftir að hún yrði seld, til að fjármagna kaup á nýrri.

Ríkisendurskoðun bendir á að enn sé ekki búið að selja gömlu ferjuna. Því verði að telja „afar vafasamt“ að ráðherra hafi verið heimilt að „stofna til hundraða milljóna króna útgjalda“ á þeim grundvelli.

„Ég held að mikilvægt sé að nefndin kalli eftir því hvort fleiri verkefni á vegum ríkisins séu unnin með sama hætti,“ segir Gunnar. „Kannski fáum við tugi eða hundruð verkefna, sem eru í gangi núna, sem öll eru í lögleysu. Þá þarf að fara yfir það betur hvort þetta sé með eðlilegum hætti. Komi hins vegar í ljós að Grímseyjarferjan sé einstakt verkefni, þarf einnig að fara yfir það, hvernig á því stendur. Það væri þá frekar sérstakt,“ segir hann.

Gunnar hafi haldið því á lofti í mörg ár að óæskilegt sé að lofa fjárveitingum fram í tímann, sérstaklega þegar Alþingi hafi ekki fjallað um þær. „Alþingi ber að fjalla um fjárveitingar og valdið liggur ekki hjá framkvæmdavaldinu, heldur Alþingi.“ Ráðherra verði að lúta því valdi, hann sé í vinnu við að útteila fjármunum samkvæmt heimildum Alþingis. Valdið til að stofna til fjárútláta sé Alþingis, en ekki einstakra stofnana.

Ríkisendurskoðun hafi kveðið upp sinn „stóradóm“ um þetta með skýrslu um framkvæmd fjárlaga „og hún ætti að vekja alla til umhugsunar, sem koma að rekstri ríkisins,“ segir hann. Séu fleiri en ein túlkun á framkvæmd fjárlaga, þurfi að fá niðurstöðu í það.



ARNI MATHIESEN



GUNNAR SVAVARSSON

VIÐBRÖGÐ RÍKISENDURSKOÐUNAR

Ríkisendurskoðun rifjar upp ummæli fjármálaráðherra um að heimild hafi verið fyrir að selja Grímseyjarferjuna Sæfara og kaupa nýja ferju í 6. gr. fjárlaga. Hann hafi sagt að algengt sé að ónýttar heimildir séu nýttar til annarra framkvæmda sem heimildir eru fyrir í fjárlögum. Þetta hafi verið gert í þessu tilfelli og slíkt verklag hafi lengi verið viðurkennt. Haft hafi verið eftir ráðherra að Vega-gerðin hafi skilað afgangi. Ríkisendurskoðun telur hins vegar að samkvæmt heimildinni sem ráðherra vitni til sé honum heimilt „að selja Grímseyjarferjuna m/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju“.

Sæfari hafi ekki enn verið seldur og því hafi tilvitnuð fjárlagaheimild ekki verið nýtt. Telja verði afar vafasamt að stofna til hundraða

milljóna króna útgjalda á grundvelli hennar. Ríkisendurskoðun minnir á að samningur um kaup á hinni nýju ferju var gerður í nóvember 2005. Hins vegar hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldunum fyrr en í samgönguáætlun þeirri sem samþykkt var árið 2007. Í henni hafi ekki verið gert ráð fyrir útgjöldum vegna nýrrar ferju fyrr en á árinu 2008. Í annan stað segir Ríkisendurskoðun að samkvæmt fjárreiðulögum megi millifæra rekstrarverkefni, en ekki stofnkostnað við verkefni, nema með sérstakri heimild frá Alþingi. Um fjárheimildir Vegagerðarinnar visar Ríkisendurskoðun til skýrslu um framkvæmd fjárlaga. Þar sé bent á að rekstrarútgjöld Vegagerðarinnar hafi farið rúmlega 500 milljónir króna fram úr fjárheimildum í árslok 2006.

ÚR YFIRLÝSINGU FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS

Samgönguáætlun er ekki lög í hefðbundnum skilningi. Hún er þingsályktun og því er hægt að líta á hana sem vilja Alþingis. Þegar ákveðið hafi verið að endurnýja Grímseyjarferju hafi verið byrjað á því að afla hefðbundinnar heimildar Alþingis í fjárlögum. Í skýringum fjárlagafrumvarps segi að heimildin um að „selja Grímseyjarferjuna M/s Sæfara og ráðstafa andvirðinu til kaupa eða leigu á annarri hentugri ferju,“ sé til komin vegna endurnýjunar á ferjunni. Ráðuneytið kveður langa hefð fyrir því að líta svo á að ekki sé einungis verið að ráðstafa andvirði eldri eignarinnar til kaupanna, heldur sé Alþingi jafnframt að veita lagaheimild til kaupa á nýrri eign. Sambærilegar heimildir séu mýmargar og hafi lengi tíðkast vegna sölu fasteigna.

Rökrétt sé að tryggja framhald þjónustunnar áður en fasteignin, sem notuð hafi verið til þjónustunnar, sé seld. Unnið hafi verið eftir því að Vegagerðin hafi heimild til að nýta óráðstafað fé tiltekinn verkefna til að fjármagna önnur verkefni. Ekki þótti nauðsynlegt að breyta nýsamþykktari vegaáætlun svo hún gerði ráð fyrir nýrri ferju. Gert var ráð fyrir að verkið yrði endanlega fjármagnað á þeirri næstu. Í fjárreiðulögum séu ákvæði sem auki sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Flytja megi fjárheimildir milli einstakra rekstarverkefna. Þá sé heimilt að flytja innstæður og umframgjöld milli ára án þess að afla sérstakra heimilda. Ráðuneytið telur að ákvörðun um að heimila Vegagerðinni að nýta ónotaðar heimildir hafi verið innan ramma fjárreiðulaga.

Í KOFA & KASSABÍLALEIK BYKO

Skemmtilega sumarleik BYKO lauk þann 8. ágúst síðastliðinn. Þátttaka fór fram úr björtustu vonum og situr nú dómnefnd sveitt að störfum að fara yfir allar myndirnar sem bárust af frábæru handverki íslenskra barna þar sem sköpunarkrafturinn réð svo sannarlega ríkjum.

Úrslitin í sumarleiknum verða tilkynnt hinn 24. ágúst n.k. og um leið þökkum við öllum kærlega fyrir þátttökuna, sýnum við hér brot af þeim fjölmörgu tilögum sem bárust.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



LOFTFIMLEIKAR Meðlimir kínverska Zunyi-loftfimleikahópsins sýna listir sínar í leikhúsi í Madrid. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



HARMUR Faðir og sonur eins verka-mannsins sem lokaðist inni í námunni bíða fréttu af björgunaraðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

181 námumaður innlykta:

Vonir dvína um björgun

KÍNA, AP Vonir dvínuðu í gær um að unnt yrði að bjarga 181 námuverkamanni sem lokuðust inni í kolanámu í Shandong-héraði í Austur-Kína eftir að það flæddi inn í hana á föstudag, í kjölfar mikilla rigninga.

Það myndi taka um hundrað daga að tæma námuna af flóðvatninu, að því er sérfræðingur hjá björgunaraðgerðarstöðinni tjáði Xinhua-fréttastofnunni.

Ættingjar verkamannanna átelja fyrirtækið sem rekur námuna fyrir að hafa ekki hætt starfsemi í námunni vegna rigninganna. Tvær nálægar námur ákváðu af öryggisástæðu að stöðva starfsemi á föstudag.

- sdg

Dönsk stjórnvöld vilja breytingar:

Ætla að lækka tekjuskattinn

DANMÖRK Danska ríkisstjórnin kynnti í gær umfangsmikil áform um lækkun tekjuskatts og hækkun útgjalda til velferðarmála. Ekki er þó útséð um það enn hvort áformin hljóti samþykki á þingi þar sem Danski þjóðarflokkurinn, sem stutt hefur stjórnina, telur líkt og stjórnarandstöðuflokkarnir að skattabreytingarnar hygdi hinum best stæðu. Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra sagði á blaðamannafundi að stjórnin hygðist verja sem nemur 125 milljörðum íslenskra króna til tekjuskattslækkana á næstu tveimur árum og sem nemur 600 milljörðum króna á næstu tíu árum til velferðarmála.

- aa

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra skipar starfshóp:

Fer yfir gjaldtöku bankanna

FJÁRMÁL Viðskiptaráðherra telur ríka þörf á því að fara yfir gjaldtöku fjármálastofnana gagnvart neytendum og telur hugsanlegt að úttekt á þeim málum skili sér í löggjöf eða lagahreinsun. „Ég held að það sé rík þörf á því“, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Ráðherrann hefur skipað starfshóp til að gera úttekt á lagaumhverfinu varðandi viðskipti neytenda og banka, einkum með tilliti til gjaldtöku fyrir þjónustu og raf-rænna greiðslukerfa, til dæmis vegna debet- og kreditkortafærslna. Starfshópurinn á að skila skýrslu eða drögum að frumvarpi fyrir 1. janúar.



STUNDUM TALIN ÓSANNGJÖRN

„Í umræðunni er stundum talað um að þessi gjaldtaka sé ósanngjörn“, segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Farið verður yfir lög og reglur um heimildir til gjaldtöku og hugað sérstaklega að þjónustugjöldum og forsendum þeirra, til dæmis „fit“-

kostnaði, seðilgjöldum, innheimtu-kostnaði og kostnaði við greiðslu-kort. Starfshópurinn á jafnframt að meta hvort ástæða sé til að lögfesta frekari reglur um notkun rafrænna greiðslukerfa.

„Þarna fer fram mjög snörp vinna því að niðurstaðan kemur inn á þennan vetur“, segir Björgvin og bendir á að uppgreiðslugjald lána sé bannað í sumum löndum. „Í umræðunni er stundum talað um að þessi gjaldtaka sé ósanngjörn, „fit“-gjöldin“ eru nýjasta dæmið, einnig að það skuli vera sama krónutala í öllum bönkunum. Við teljum ástæðu til að fara yfir þetta,“

- ghs



LANDSPÍTALINN Norðurlöndin koma almennt einna best út í rannsókninni, sem er hluti af Eurocare-verkefninu. Alls voru lífshorfur krabbameinssjúklinga kannaðar í tuttugu og tveimur löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Krabbameinssjúkir lifa lengi á Íslandi

Lífshorfur Íslendinga fimm árum eftir greiningu krabbameins eru meðal þeirra allra bestu í Evrópu, samkvæmt nýrri rannsókn. Forstjóri Krabbameinsfélagsins segir menntun og færni starfsfólks helstu ástæðurnar. Bretar koma mjög illa út.

HEILSA Fimm ára lífshorfur krabbameinssjúkra kvenna á Íslandi eru bestar í Evrópu. Lífshorfur íslenskra karla með krabbamein eru næstbestar í Evrópu á eftir Svíum. Niðurstöðurnar koma úr rannsókn sem gerð var á vegum Eurocare-verkefnisins og birtust nýlega í einu elsta og virtasta læknarit heims, The Lancet.

Skýrslan er sú fjórða sem gerð er í svokölluðu Eurocare-verkefni, og sú yfirgripsmesta hingað til. Kannað var, í tuttugu og tveimur löndum, hversu margir sjúklingar voru á lífi fimm árum eftir að hafa greinst með krabbamein.

Þegar allar tegundir krabbameina voru teknar með í reikninginn kom Ísland best út í Evrópu hvað varðar fimm ára lífshorfur kvenna, en Svíar voru efstir hjá körlum. Íslenskar konur með krabbamein hafa 61,8 prósentu lífshorfur fimm árum eftir greiningu en karlarnir 57,7 prósent.

Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, segir niðurstöðurnar ekki koma sér á óvart, lífshorfur íslenskra krabbameinssjúklinga séu mjög góðar. Ástæðurnar segir hún helst menntun og færni íslensks heilbrigðisstarfsfólks, ásamt góðu og ötuðu starfi sem unnið sé á heilbrigðisstofnunum.

Mikið var fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar í breskum fjölmiðlum í gær, meðal annars hjá BBC, Guardian og Times, vegna þess hve illa Bretar koma út í henni. Lífshorfur þarlendrar krabbameinssjúklinga eru meðal þeirra lægstu í Evrópu. Á fréttavef BBC segir Mike Richards, sem stýrir herferð breskra stjórnvalda gegn krabbameini, að Bretland sé svona aftarlega á merinni vegna þess hve seint sjúkdómurinn greinist í fólki.

Aðspurð hvort Íslendingar geti hugsanlega komið Bretum til aðstoðar með ráðgjöf og tillögum segir Guðrún það kunna að vera á afmörkuðum sviðum, en hún telji

LÍFSHORFUR Í EVRÓPU	
Fimm ára lífshorfur krabbameinssjúklinga í nokkrum Evrópuþjóðum:	
Konur	
Ísland	61,8%
Svíþjóð	61,7%
Finnland	61,1%
Noregur	58,4%
England	52,7%
Skotland	48,0%

Karlur	
Svíþjóð	60,3%
Ísland	57,7%
Finnland	55,9%
Noregur	53,0%
England	44,8%
Skotland	40,2%

að vandinn sé fremur af pólitískum toga.

„Við sækjum tækni, menntun og hugmyndir að ýmsu leyti til Bretlands, þannig að þekkingin er til staðar þarna úti. Skipulagningin í heilbrigðiskerfinu kann fremur að vera vandamálið,“ segir hún.

salvar@frettabladid.is

Samgönguverðlaun veitt:

Icelandair fékk klapp á bakið

VERÐLAUN Icelandair Group hlaut samgönguverðlaun samgönguráðherra sem veitt voru í fyrsta sinn í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair, tók við verðlauninum úr hendi Kristjáns Möller samgönguráðherra. Verðlaunin fær fyrirtækið fyrir brautryðjendastarf og áratuga uppbyggingu á flugsamgöngum. „Það er alltaf gott að fá klapp á bakið fyrir vel unnin störf. Fyrirtækið er búið að vera til í sjötíu ár og mér þykja þessi verðlaun vera verðskulduð fyrir alla þá sem hafa komið að uppbyggingu þess á tímabilinu,“ segir Jón Karl.

- ifv

Leit að ferðamönnum hafin:

Keyptu kort af Skaftafelli

LÖGREGLUMÁL Formleg leit að tveimur þýskum ferðamönnum hófst í Skaftafelli í gær. Björgunarsveitir komu sér upp stjórnstöð og leituðu að ummerkjum um mennina í Skaftafelli, að því er fram kemur í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Vitað er að mennirnir tóku á móti SMS-textaskilaboðum í síma sinn á þeim slóðum þann 30. júlí, og að þeir keyptu kort af Skaftafelli í Þýskalandi fyrir förina hingað til lands.

Ekkert hefur spurst til mannanna síðan 29. júlí, þegar þeir gistu á tjaldstæðinu í Laugardal. Nú er unnið að skipulagningu leitarflugs, og er reiknað með að þýrta Landhelgisgæslunnar leiti mannanna í dag.

- bj



Í REYK Frá 1. júní hefur verið bannað að reykja á veitinga-, gisti- og skemmtistöðum á landinu. MYND ÚR SAFNI

Könnun vinnueftirlitsins:

Flestir styðja reykingabannið

HEILSA Mikill meirihluti svarenda í könnun sem gerð var fyrir Vinnueftirlitið segist hlynntur reykingabanninu á veitinga-, gisti- og skemmtistöðum. Dagbjört Hanna Sigdórsdóttir, annar eigandi skemmtistaðanna Celtic Cross og The Dubliner, segir starfsfólk þar frekar sátt við reykingabannið. „Margt spilar þó inn í, þegar reykingalyktin er farin kemur bara önnur lykt í staðinn, svo sem svitalykt,“ segir hún.

Rannsóknarstofa í vinnuvernd gerði könnunina með styrk frá Lýðheilsustöð. Spurningalisti var sendur út á 230 staði þar sem starfsfólk var hvatt til að taka þátt, og skilaði 81 svörum.

- sps

Segir ekki tekið nægjanlegt tillit til sumarhúsa eigenda:

Ættu að fá forleigurétt

NEYTENDUR Talsmaður neytenda segir að ekki sé tekið nægilegt tillit til hagsmuna og réttinda lóðarleigutaka í drögum að lagafrumvarpi um réttarstöðu í frístundabyggðum.

Þetta kemur fram í umsögn talsmanns við lagafrumvarpið.

„Þar sem leigusamband landeiganda og leigutaka að lóð fyrir frístundahús er mjög sérstakt tel ég eðlilegt að forgangsréttur leigutaka að áframhaldandi leigu sé lögbundinn



GISLI TRYGGVASON

þegar um er að ræða skipulagða frístundabyggð,“ segir Gisli Tryggvason, talsmaður neytenda, í umsögn sinni, eins og fram kemur á vef embættisins.

Hann bendir á að leigutakar íbúðarhúsnæðis hafi víðtækan forgangsrétt, og veigamiklum neytenda- og eignarrétt-

arhagsmunum sé stefnt í hættu nema hagsmunir leigutaka lóða í skipulögðum frístundabyggðum sé gert hærra undir höfði í frumvarpinu.

- bj

Trommuskóli Gunnars Waage



Innritun hafin fyrir haustönn í undirbúningsdeild 2007

Nemendur á öllum aldri.

Trommuset - og - Hljóðhönnun

Nám á háskólastigi. Inntökupróf standa yfir fyrir vorönn 2008.

ÍTR Frístundakort

trommuskolinn.com / 554 7212 - 865 5890

Flett ofan af barnaklámhring:
Prestar meðal handtekinna

PÓLLAND,AP Kennarar og prestar voru á meðal 49 manna sem lögreglan í Póllandi handtók víða um land í gærmorgun þegar hún fletti ofan af barnaklámhring. Leitað var á meira en 50 heimilum, skrifstofum og netkaffi-húsum. Hald var lagt á 92 tölvur og um 3.000 geisladiska með barnaklámi að sögn talsmanns lögreglu, Zbigniew Urbanski. „Á meðal handtekinna voru kennarar, karateþjálfari, stjórnar-maður í stórum banka og prestar,“ sagði Urbanski. Sextán hinna handteknu hafa þegar játað að eiga barnaklám sem getur varðað allt að fimm ára fangelsisdóm. - sdg



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Rektor Háskólans á Akureyri:
Áætluðum of fáa nemendur

MENNTUN Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri segir ekki hægt að kenna menntamála-ráðuneyti um hallarekstur skólans, en kennari við skólann hefur haldið því fram. Rektor segir að rót vandans hafi verið áætlanagerð skólans. „Fjölgun nema í háskólanum var mun meiri en áætlanir menntamálaráðuneytis og skólans gerðu ráð fyrir. Síðan magnaðist vandamálið við það að nemafjöldinn sem við kynntum var skorinn niður við afgreiðslu fjárlaga,“ segir hann. Ríkisendurskoðun gagnrýndi rekstur HA nýlega. - kóp



ÞORSTEINN GUNNARSSON

YouTube selur auglýsingar:
Notendur fá hlut-deild í tekjum

BANDARÍKIN, AP Hin vinsæla YouTube-vefsíða mun í dag hefja birtingu auglýsinga með hluta þeirra myndskaiða sem vistuð eru á síðunni. Auglýsingarnar munu birtast í tíu sekúndur neðst í völdum myndskaiðum. Tekjur af auglýsingunum munu að hluta til renna til höfundu myndskaiðanna, en ekki hefur verið gefið upp hvernig það verði framkvæmt. Höfundar munu þó geta hafnað öllum auglýsingum, eða auglýsingum frá tilteknum auglýsendum. - bj

Heiðmerkurdeilan:
Fjöldi felldra trjáa óviss enn

UMHVERFISMÁL „Kópavogsbær vísar þarna til talna sem komu fram í frumdrögum að mati. Við gerðum athugasemdir við þær og endanlegt mat liggur ekki fyrir,“ segir Helgi Gíslason, forstjóri Skógræktar Reykjavíkur. Kópavogsbær gagnrýndi í gær málflutning Helga, en hann heldur því fram að bærinn hafi fellt milli 800 og 900 plöntur við framkvæmdir við vatnslögn í Heiðmörk. Vísaði bærinn til „frumskjala“ matsmanna, sem segi að heildarfjöldi felldra trjáa hafi verið 559 tré. - kóp

Börnin á leikskólanum Arnarsmára mótmæltu skipulagsmálum í Kópavogi:
Skoðanir leikskólabarna vandmeðfarnar

SKIPULAGSMÁL „Þróunin hefur verið sú að meira tillit er tekið til skoðana barna. Það er mjög gott en hins vegar mjög vandmeðfarið þegar um er að ræða leikskólabörn,“ segir Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna. Í fyrradag ákváðu bæjaryfirvöld í Kópavogi að snúa frá hugmyndum sínum um að reisa háhýsi á Nónhæð vegna mótmæla bæjarbúa. Alls bár-ust bæjaryfirvöldum um 600 undir-skriftir þar sem hugmyndunum var mótmælt. Þeirra á meðal var bréf leikskólabarna á leikskólanum Arnarsmára en í því sagði: „Kæri bæj-arstjóri, viltu gjöra svo vel að leyfa mönnunum ekki að byggja hús í

móann okkar við leikskólann. Okkur finnst gaman í móanum og viljum leika okkur þar eins mikið og við getum. Það er betra ef þið byggjið húsinn einhver staðar annarsstaðar.“ Rannveig Jónsdóttir, aðstoðar-leikskólastjóri í Arnarsmára, segir það vissulega óalgengt að rödd leikskólabarna heyrist þegar skipulags-mál ber á góma en börnin hafi alger-lega átt hugmyndina sjálf að bréfinu. „Þegar við sögðum þeim að það ætti að fara byggja hús í móanum þeirra fylltust þau eldmóð og vildu senda bæjarstjóranum bréf. Þau sömdu það alveg sjálf,“ segir Rannveig. „Það er gott að heyra raddir barna í málum sem þessu, en vissulega er



VILJA HALDA GRÆNUM SVÆÐUM Aðstoðarleikskólastjóri segir vissulega óalgengt að leikskólabörn hafi skoðun á skipulagsmálum en þessu hafi þau viljað koma á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR - kdk




FYRSTI SKÓLADAGURINN Börnin sem mættu í skólann sinn í New Orleans í gær höfðu ekki komið þangað frá því fellibylurinn Katrín geisaði, þar sem endurbætur höfðu tafist. NORDICPHOTOS/GETTY

Veistu hvert þú átt að leita?

Þjónustuveitan www.island.is er leiðarvísir að opinberri þjónustu. Þar er hægt að finna hagnýtar upplýsingar um þá málaflokka sem vefurinn nær til.

Á þjónustuveitunni er aðgengi að nánast öllum eyðublöðum ríkisins á einum stað og fjöldi tilvísana í efni og þjónustu sem finna má á vefjum hins opinbera.



Hinnin og haf / SÍA

island.is
Hvar, hvernig, hvert?



HÚS Á TEINUM Flóð eftir úrhelli í Minnesota í Bandaríkjunum skildi þetta hús í bænum Stockton eftir á miðjum járnbrautarteinum. Sex manns fórust í flóðunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálftarnir í Perú:

Söfnun hafin hérlandis

NEYÐARABSTOD Opnaður hefur verið söfnunarreikningur til styrktar hjálparstarfi á jarðskjálftasvæðinu í Perú.

Tugþúsundir íbúa þorpa og bæja á hamfarasvæðinu í suðurhluta landsins eru á vergangi eftir að hús þeirra hrundu í skjálftanum mikla síðastliðið miðvikudagskvöld, en hann var 8 á Richter að styrkleika. Vegna rofnaðra vega og fjaraskipta er erfitt að koma mörgu af þessu fólki til aðstoðar, en hjálp berst nú víða að. Tengiliður fyrir söfnunina hérlandis er Trausti Hraunfjörð, sem búsettur er í Líma. Reikningurinn er númer 1887 í Landsbankanum.

- aa



NEYÐ Íbúar Pisco, þar sem 85 prósent húsa hrundu, bera sig eftir matargjöfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innbrot á Ísafirði:

Sælgæti og áfengi stolið

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í skemmtistaðinn Krúsína og Ísafjarðarbió á Ísafirði aðfaranótt laugardags.

Höfðu þjófarnir á brott með sér talsvert magn af áfengi úr Krúsinni og allt sælgætið úr bíóinu. Þá var skiptimynt tekin á báðum stöðum.

Upp komst um innbrotið þegar starfsfólk Krúsarinnar mætti til vinnu á laugardag. Lögreglan á Ísafirði rannsakar nú málið. Enginn hefur verið handtekinn vegna þess. Þeim sem búa yfir upplýsingum um málið, sem geta hjálpað til við rannsókn, er bent á að snúa sér til lögreglu.

- þeb

Íþróttafélagið ÍBV í Eyjum:

Með einkaleyfi á Húkkaraballi

HÁTIÐ Íþróttafélagið ÍBV í Vestmannaeyjum hefur fengið einkaleyfi á nafninu „Húkkaraball“, en það er eins konar upphitunardansleikur á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, sem ÍBV heldur á hverju ári.

Félagið sótti einnig um einkaleyfi á nöfnunum „Þjóðhátíð“ og „Brekkusöngur“, en þeim umsóknum var hafnað. Friðbjörn Ó. Valtýsson, framkvæmdastjóri ÍBV, segir að umsóknirnar hafi verið sendar að hluta til í gamni, en félagið vilji vissulega eiga nafnið. „Við erum búnir að halda þetta ball frá örófi alda, og viljum bara eiga einkaleyfi á nafninu“, segir hann. Ballið hefur verið haldið á fimmtudag fyrir verslunarmanna-helgi áratugum saman.

- sps

PÓLLAND

Kosið um þingrof

Pólska þjóðþingið mun hinn 7. september kjósa um það hvort rjúfa skuli þing. Forsætisráðherrann Jaroslaw Kaczynski stefnir að þessu svo unnt sé að boða kosningar síðar á árinu, að því er þingforsetinn, Ludwik Dorn, greindi frá í gær.

MEXÍKÓ

98 krókódílar í bakgarði

Borgarstarfsmenn fundu 98 krókódíla í bakgarði heimilis í mexíkósku borginni Veracruz á mánudag. Skriðdýrin fundust svamlandi í sex litlum sundlaugum eftir að yfirvöldum barst nafnlaus ábending um að þar væri þá að finna. Krókódílarnir voru allt frá 30 sentimetrum upp í 1,7 metra að lengd. Eigandi hússins hefur fram á föstudag frest til að útskýra hvaðan krókódílarnir koma en ekkert er vítað hvaðan þeir komu, eða hvers vegna þeir voru í sundlaugunum.

Hratt dró af Dean eftir landgönguna

Fellibylurinn Dean var hæsta stigs bylur er hann skall á Mexíkóströnd í gær og reyndar öflugasti fellibylur sem þar hefur herjað í tvo áratugi. Hratt dró úr mætti hans eftir að hann gekk á land en getur samt enn valdið ómældu tjóni.

MEXÍKÓ, AP Fellibylurinn Dean skall á Karíbahafsströnd Mexíkó í gær, en hann er öflugasti fellibylur sem þar hefur herjað í tvo áratugi, með vindhraða allt að 320 km á klukkustund í hviðum.

Bylurinn kom á land á strjálbýlu svæði, þaðan sem flestir íbúar höfðu verið fluttir í skjól, og barði fyrst fornar byggingar frá tíð Maya-indíána. Hann fór að mestu hjá vinsælustu ferðamannastöðunum á strönd Yucatán-skaga, en barst síðan yfir skagann í átt að aðalolíu- og gasvinnslusvæði Mexíkós sem þar er undan ströndinni.

Innan tveggja klukkustunda eftir að bylurinn gekk á land dró mjög úr mætti hans; vindhraðinn hafði þá lækkað niður í um 165 km/klst. Bylmiðjan færðist áfram til norðvesturs með um 30 km hraða á klukkustund.

Bylurinn ýtti 3-5 metra hárrí flóð.



UPP MEÐ RÓTUM Tré rifnuðu upp með rötum þar sem bylurinn gekk á land, hér í Felipe Carrillo Puerto í Mexíkó.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



MESTI BYLUR Í ÁRATUGI Þessi gervihnattamynd sýnir Dean um það bil er hann gekk á land í Mexíkó í gærmorgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

bylgju á undan sér upp á ströndina og dembdi gríðarlegri úrkomu yfir láglandið næst ströndinni á Yucatán-skaga.

Engar fréttir höfðu síðdegis í gær borist af manntjóni eða meiriháttar skaða á mannvirkjum, en þar sem fjaraskipti og samgöngur lágu niðri á hamfarasvæðinu var heldur ekki hægt að staðfesta neitt um það að svo komnu máli. Samkvæmt bráðabirgðamati var búist við að trygg-ingatjón af völdum bylsins á öllu Karíbahafssvæðinu yrði á bilinu 750 til 1.500 milljóna Bandaríkjadala, andvirði um 50-100 milljarða króna.

Tré rifnuðu einnig upp með rötum af völdum bylsins í Belís, suður af Mexíkó, og útgöngubann var í gildi á svæðinu frá Belís-borg norður að landamærunum.

Bandaríska fellibyljamiðstöðin á Flórída spáði því að Dean myndi aftur sækja í sig veðrið úti á Mexíkóflóa áður en hann gengi aftur á land á miðvikudag, þá á miðri strönd Mexíkós, um 600 km suður af Texas.

Mexíkóska olíufyrirtækið Petroleos Mexicanos flutti alla 18.000 starfsmennbörpallanna á Campeche-flóa í land, sem þýðir framleiðslutap upp á 2,7 milljónir fata af olíu og 73,6 milljónir rúmmetra af jarðgasi á dag.

Felipe Calderon Mexíkóforseti fór fyrr en ella af leiðtogafundi í Kanada, þar sem hann fundaði með forsetum Bandaríkjanna og Kanada, til að komast í könnunarleiðangur um hamfarasvæðið um leið og það verður unnt.

audunn@frettabladid.is

Viðskiptaráðuneytið boðar til morgunverðarfundar um yfirstandandi ókyrrð á alþjóðlegum fjármálamörkuðum

Órói á fjármálamörkuðum

– Tímabundin ókyrrð eða upphaf samdráttar?

Í dag, miðvikudag kl. 8.15 á Nordica hotel



8.15 - 8.30 Skráning og morgunverður

Opnunarávarp

Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra



8.30 - 09.00

Is the world on the brink of a recession

Robert Wade, prófessor í stjórnmálahagfræði við London School of Economics



09.00 - 09.30

Global market turmoil and the Icelandic economy

Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur hjá Seðlabanka Íslands



09.30 - 10.00

Fyrirspurnir og umræður

Undir stjórn Katrínar Friðriksdóttur, forstöðumanns fyrirtækjagreiningar Landsbankans

Skráningargjald 1.500 kr. greiðist við innganginn, morgunverður innifalinn.



VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Kvartað hefur verið yfir því að tónlistarnemar á framhaldsskólastigi séu hlunnfarnir:

Tónlistarnemar fá ekki frítt í strætó

SAMGÖNGUR Nokkrar kvartanir hafa borist Strætó bs. vegna þess að ungmenni í tónlistarnámi á framhaldsskólastigi munu ekki fá ókeypis í strætó næsta árið líkt og framhalds- og háskólanemar.

Einar Kristjánsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Strætó, staðfestir að honum hafi sjálfum borist fjórar eða fimm kvartanir vegna málsins. „Svo veit ég ekkert hvort skiptiborðið hefur tekið við enn fleirum.“ Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar, segir ástæðu þessa einfalda. „Við förum bara nákvæmlega eftir skilgreiningu menntamálaráðuneytisins á því hvað er menntaskóli og háskóli. Það er auðvitað fjöldinn allur af öðrum skólum í borginni en við notumst við þessa skilgreiningu.“ Gísli útilokar ekki þann möguleika að endurskoðað verði hverjir



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON



STRÆTÓ Tónlistarskólar, þótt á framhaldsstigi séu, falla ekki undir skilgreiningu menntamálaráðuneytisins á framhaldsskólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

purfi að greiða fyrir að ferðast með strætó. „En það myndi auðvitað kosta meira. Þetta verkefni kostar heilmikið eins og er, og ef við tækjum fleiri nemendur inn kostaði það enn meira. Einhvers

staðar þarf að draga línuna.“

Verkefninu verður hleypt af stokkunum á næstu dögum og verður hægt að nálgast kortin sem veita ókeypis aðgang að strætó í skólum.

- sh

Um þriðjungur presta andvígur heimild til að staðfesta samvistir samkynhneigðra:

Vildi spyrja um hjónavígslu samkynhneigðra

RÉTTINDAMÁL „Það kemur mér á óvart að aðeins hafi verið kannað viðhorf presta til þess að staðfesta samvist samkynhneigðra en staðfest samvist hefur verið við lýði á Íslandi í meira en áratug. Hins vegar man ég ekki betur en að aðal hitamálið á síðustu prestastefnu hafi snúist um hjónavígslur samkynhneigðra þannig að undarlegt má heita að viðhorf presta til þeirra hafi ekki verið kannað,“ segir Hrafnkell Tjörvi Stefánsson, framkvæmdastjóri Samtakanna 78, um nýja könnun Biskupsstofu á viðhorfi presta til staðfestrar samvistar samkynhneigðra. Tæplega 30 prósent presta í Þjóðkirkjunni eru andvíg því að Kirkjubing samþykki að veita prestum heimild til að staðfesta samvist



HRAFNKELL TJÖRVI STEFÁNSSON

samkynhneigðra. Um 65 prósent voru hins vegar hlynnt því að það yrði gert og átta prósent sögðust ekki hafa skoðun á því. Hrafnkell segir jákvætt að þjóðkirkjuprestar aðlagist smám saman almennum viðhorfum í samfélaginu. „Það er þó eðlilegast að ein hjúskaparlög verði í landinu og forvitnilegra að sjá hve margir eru tilbúnir til þess að ganga svo langt,“ segir Hrafnkell. Upphaflegt úrtak í könnuninni var 144 en fjöldi svarenda var 108. Svarhlutfall var því 75 prósent.

- kdk

KIRKJUBING Um 65 prósent presta eru hlynnt því að prestar fái að staðfesta samvistir samkynhneigðra en um 30 prósent eru því andvíg.



BARIST FYRIR RÉTTINDUM Mótmælendur söfnuðust í gær saman fyrir utan kirkju þar sem ólöglegi innflytjandinn frá Mexíkó, Elvirra Arellano, dvaldi í um ár ásamt syni sínum til að komast hjá því að vera send úr Bandaríkjunum og þar með frá barni sínu.

Mótmæli gegn samkynhneigð:

Vilja blaða-mann úr landi

ÚGANDA, AP Hundruð manna mótmæltu samkynhneigð í höfuðborg Úganda í gær og kröfðust þess að bandarískur blaðamaður, sem skrifar um samkynhneigð í úgandískt dagblað, verði vísað úr landi. Bandalag nokkurra trúarhópa, þar á meðal kristnir, múslimar og bahaiar, skipulögðu mótmælin. Talsmaður bandalagsins sagði mótmælin ákall til stjórnvalda að standa vörð um lög landsins og banna þetta „andstyggilega athæfi“. Samkynhneigð er ólögleg í Úganda og getur varðað allt að lífstíðarfangelsi.

- sdg

Fyrsti skóladagur í grunnskólum:

Vandi þó verk-efnum sé hliðrað

MENNTAMÁL Grunnskólarnir á höfuðborgarsvæðinu verða settir í dag þó ekki hafi tekist að manna allar kennarastöður. „Það hefur verið hliðrað til og námshópar hafa verið stækkaðir til að leysa vandann. Eins veit ég dæmi þess að mönnum hafi verið gert að taka á sig meiri yfirvinnu,“ segir Ólafur Loftsson, formaður félags grunnskólakennara. Hann segir að þótt skólastarfið geti hafist á eðlilegan hátt sé ástandið ekki ásættanlegt og það kunni að koma niður á skólastarfinu í vetur.

- þo / bj

Átröskun á Íslandi rannsókuð:

Einkennin geta komið snemma

HEILBRIGÐISMÁL Átröskunareinkenni láta á sér kræla snemma og verða algengari með árunum. Átraskanæinkenni eru til staðar hjá íslenskum konum og stúlkum í svipuðum mæli og erlendis. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar rannsóknar á tíðni og alvarleika átröskunar hjá íslenskum stúlkum og konum á aldrinum 13 til 24 ára. Niðurstöðurnar eru reifaðar á vef RANNIS. Niðurstöðurnar sýna meðal annars að konur og stúlkur sem þjást af átröskunareinkennum eru kvíðnari, þunglyndari og takast öðruvísi á við lífið. Því megi álykta að lífsgæðum þeirra sé ábótavant.

- bj

ÍRAN

Esfandiari laus

Eftir þriggja mánaða dvöl í alræmdu fangelsi í Teheran án þess að fá aðgang að lögfræðingi var bandarísk-íranska háskólanonan Haleh Esfandiari látin laus í gær gegn tryggingu. Hún er sökuð um að hafa stofnað þjóðaröryggi Írans í hættu. Óljóst er hvort hún fær að fara úr landi.

‘07 70ÁR Á FLUGI

FLUG OG GISTING Í 2 NÆTUR Í LONDON FRÁ 39.900 KR.

Á mann í tvíbýli á Crowne Plaza St. James í London 21.–23. sept. / 2.–4. nóv. / 30. nóv. –2. des. 2007. Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.



London

FARGJALD AÐRA LEIÐ FRÁ 13.360* KR.

Manchester

FARGJALD AÐRA LEIÐ FRÁ 13.360* KR.

FLUG OG GISTING Í 3 NÆTUR Í MANCHESTER FRÁ 39.900 KR.

Á mann í tvíbýli á Thistle*** í Manchester 16.–19. nóv. og 6.–9. des. 2007. Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.



Glasgow

FARGJALD AÐRA LEIÐ FRÁ 11.560* KR.



FLUG OG GISTING Í 2 NÆTUR Í GLASGOW FRÁ 33.900 KR.



Á mann í tvíbýli á Novotel*** í Glasgow, 7.–9. sept. og 5.–7. okt. 2007.

Innifalið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting með morgunverði.

* Með flugvallarsköttum.

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL BORGARFERÐA, SÉRFERÐA OG FERÐATILBOÐA Á WWW.ICELANDAIR.IS – UPPLÝSINGAR UPPFÆRAST DAGLEGA.



Safnaðu Vildarpunktum



Ferðaávisis gildir



„ORDRÉTT“

Nei, kannski ekki

„Þótt þetta hafi ekki heppnast að öllu leyti var þetta engu að síður skemmtileg tilraun.“

EGILL ÓLAFSSON STUÐMAÐUR UM TÓNLEIKA HLJÓMSVEITARINNAR SÍÐASTLIÐIÐ FÖSTUDAGSKVÖLD.

Fréttablaðið 21. ágúst

Eða illa við sprautur?

„Ætli löggan hafi nokkuð nennt út úr húsi eða bara legið við Reykjanesbrautina við hraðaeftirlit.“

DÓRA BRYNDÍS ÁRSÆLSDÓTTIR SEM FANN ÁHÖLD TIL EITUR-LYFJANEYSLU ÞAR SEM HÚN VAR Á GÖNGU OG VAR BEDIÐ UM AÐ KOMA ÞEIM Á NÆSTU LÖGREGLU-STÖÐ.

DV 21.ágúst

tilveran nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? MARGRÉT K. SVERRISDÓTTIR BORGARFULLTRÚI

Ósátt við niðurrifið á Laugavegi

„Ég er í fullu starfi sem borgarfulltrúi núna því að Ólafur F. Magnússon er í leyfi og því hef ég verið að láta til mín taka í borgarmálunum. Ég er svo ósátt við niðurrifið á húsunum að Lauga-vegi 4 og Laugavegi 6. Annars er ég nýkomin úr yndislegu sumarleyfi og er að setja mig í gir fyrir veturinn,“ segir Margrét K. Sverrisdóttir borgarfulltrúi.

„Ég er alltaf á Íslandi á sumrin. Mér finnst það voðalega notalegt. Ég hef verið í fjallgöngum í sumar og reynt að njóta íslenskrar náttúru. Ég hef reynt að vera á Ísafirði í sumar og á Hornströndum. Ég er frekar mikil útivistarmanneska og hef voða gaman af því að vera úti. Það gefst meira tóm til slíkrar iðkunar á sumrin en veturna.“

Margrét tók þátt í hörðum

slag í vor, fyrst vegna átaka í Frjálslynda flokknum og síðan tók hún þátt í kosninga-baráttunni með Íslandshreyfingunni. „Við töluðum um það að koma saman að loknum sumarleyfum þegar skólar eru byrjaðir. Við förum að skoða það með haustinu hvernig við getum haldið á spöðunum en satt að segja er svolítið erfitt um vik. Við lögðumst í miklar skuldir vegna kosninganna þannig að við þurfum að vinna þetta á eigin kröftum og sjálfböðastarfi. En það er satt, það er rólegt hjá mér nú miðað við í vor.“

Margrét segist gera ráð fyrir að sinna borgarmálunum af krafti fram að áramótum. „Það liggur fyrir að ég helga mig þeim. Það er fullt starf, að sinna skipulagsmálunum, borgarráði og borgarstjórn.“



E.T.:

VERSTI TÖLVULEIKURINN

■ Sá tölvuleikur sem er almennt talinn sá verstí sem nokkurn tímann hefur verið gerður heitir E.T the Extra-Terrestrial, og kom út fyrir Atari 2600 leikjatölvuna á svipuðum tíma og kvikmyndin fræga. Fjórar milljónir eintaka af leiknum voru framleiddar, en leikurinn seldist svo illa að Atari, þá eitt stærsta tölvuleikjafyrirtæki heims, varð gjaldþrota og kom af stað hrúni tölvuleikjamarkaðsins árið 1983. Þau eintök leiksins sem seldust ekki, tæpar þrjár milljónir, voru hulin sementi og urðuð í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum.



SJÓNARHÓLL MANNEKLA Í SKÓLUM

Erum háð þessu fólki

„Við skiljum ekkert hvað er að gerast í samfélaginu. Við fylgjumst með látunum í miðborgðinni, heyrum af ungum ökumönnum sem haga sér eins og brjálæðingar í umferðinni og ungu fólki sem leiðist út í fíkniefni og samt skiljum við ekkert hvað er að gerast. Á sama tíma saumum við endalaust að



HJÖRLEIFUR VALSSON Fiðluleikari

umönnunarstéttum, kennurum, leikskólakennurum og öðru fólki sem mótar börnin okkar. Það er eins og þau séu eitthvert algjört aukaatriði í fjárveitingum,“ segir Hjörleifur Valson fiðluleikari. „Mynstrið í okkar samfélagi er þannig að við erum algjörlega háð þessu fólki. Það er því algjört frumskilyrði að setja meiri peninga í þessi mál. Við þurfum að sjá til þess að starfsfólkið hafi það gott og að það verði eftirsóknarvert að vinna með börnunum okkar.“




GLEFSAD Í ANDSTÆÐINGINN Oft beita hrossin kjaftinum í hita leiksins þó aldrei sé bitið of fast.

Hestaat í Kjósinni

Sumri hallar og sumarferðir á hestbaki hafa tekið endi. Búið er að draga undan hestunum og þeir komnir á haustbeit þar til þeir verða teknir í hús. Það er sama á hvaða aldri hrossin eru, alltaf eiga þau til að bregða á leik. Gunnar V. Andr sson náði þessum myndum af hestum að etja kappi í Kjósinni.



FÓTUM FJÖR AÐ LAUNA Þetta spark hefði meitt hefði það hitt í mark.



STARRINN Í STÚKUNNI Starrinn sat á besta stað og fylgdist með áflogunum.

Kaffi dagar

20% afsláttur af öllum kaffivörum frá Te og kaffi.

Select kaffidrykkir á 100 kr.



Shell kaffi á 50 kr. Allt kaffi er frá Te og kaffi. Frábær tilboð á kaffi og meðlæti.

Made to move



BÍLL + TÖLVA

FRÁ 15.500 Á MÁNUÐI

100% lán

Nú býður Bílaþing HEKLU nokkra vel valda bíla með **sumar-** og **vetrardekkjum** á einstökum kjörum. Viðskiptavinir munu að auki fá glæsilega Hewlett Packard fartölvu.

HP Pavilion dv6331

Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Windows Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki
2ja ára ábyrgð frá Opnum Kerfum

Listaverð: 119.900 kr.



HVITA HÚSÍÐSÍA - 07-1205



Verðdæmi

Skoda Fabia, nýskráður: 28.1.2004
Ekinn 32 þús km. - Verð **950.000** kr.

aðeins **15.531** kr. á mán. í 72 mánuði.



Verðdæmi

VW Polo, nýskráður: 18.6.2004
Ekinn 57 þús km. - Verð **990.000** kr.

aðeins **16.162** kr. á mán. í 72 mánuði.




www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Laugavegur 174 | Klettháls 11 | Símanúmer 590 5040 | Opnunartími mánudaga-föstudaga 10-18 og laugardaga 12-16

Svona erum við

> Árleg neysla Íslendinga á alifuglakjöti



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: FELLIBYLJIR

Um hundrað fellibyljir myndast á ári

Fellibylurinn Dean hefur farið yfir Karíbahafið síðustu daga. Að minnsta kosti tólf manns hafa látið lífið í bylnum og hundrað hafa misst heimili sín. Bylurinn fór yfir Yucatán-skaga í Mexíkó í gær á um 260 kílómetra hraða á klukkustund.

Hvað er fellibylur?

Fellibyljir eru djúpar hitabeltislægðir þar sem vindhraði fer yfir um 120 kílómetra hraða, rúmlega þrjátíu metra á sekúndu. Lægð er svæði þar sem loftþrýstingur er lágur á stóru svæði, oft á mörkum heitra og kaldra loftmassa. Slíkum lægðum fylgir oft mikil úrkoma. Í fellibyljum stígur heitt og rakt loft upp og myndar öflugan hvirfil. Þvermál þeirra getur verið á milli 100 og 950 kílómetrar.

Hvar myndast fellibyljir?

Fellibyljir myndast aðeins á nokkrum hafsvæðum í heiminum því yfirborðshiti sjávar þarf að vera meira en 27 gráður til þess að þeir geti orðið til. Helstu myndunarsvæðin eru þrjú: yfir Atlants-, Indlands- og vestanverðu Kyrrahafi. Um hundrað hitabeltislægðir verða að fellibyljum á hverju ári, þar af fimm til sex á Atlantshafi og er Dean einn af þeim.

Nöfn fellibylja?

Frá árinu 1978 hafa þeir fellibyljir sem myndast yfir Atlantshafinu verið nefndir með einföldum og

stuttum mannanöfnum. Sex listar með 21 nafni eru notaðir til skiptis ár frá ári. Dean er fjórða nafnið á fellibyljalistanum fyrir árið 2007, en sá listi verður notaður aftur árið 2013 til að nefna fellibyljina sem ríða yfir Karíbahafið. Ef meira en 21 fellibylur myndast á Atlantshafinu á ári verða næstu fellibyljirnir nefndir eftir bókstöfunum í gríska stafrófinu. Nöfnunum á fellibyljunum er aðeins breytt ef tiltekni fellibyljir hafa verið mannskæðir eða ollið miklu eignatjóni, þá þykir óviðeigandi að nota nöfnin aftur.

Heimild: www.fsu.is/~ornosk/vedur/



SPURT & SVARAÐ

AKUREYRARVAKA

Bylting fíflanna

Í höfuðstað Norðurlands verður haldin Akureyrarvaka um næstu helgi. Hún er nú haldin í fimmta skipti. Guðrún Þórsdóttir er verkefnisstýra hennar. Hvað er Akureyrarvaka?



GUÐRÚN ÞÓRS-DÓTTIR
Verkefnisstýra
Akureyrarvöku

„Á Akureyrarvöku breytist miðbærinn í leikhús, þetta er bylting fíflanna. Allir bæjarbúar koma saman og skemmta sér. Bærinn heldur utan um dagskrána en bæjarbúar leggja allir lóð á vogarskálarnar. Fyrirtækin hjálpa einnig til. Enda eru hundrað manna sem taka þátt í viðburðunum.“

Hver er munurinn á vökunni og Menningarnótt í Reykjavík?

„Ja, þetta var upphaflega svar Akureyringa við henni og hét þá menningarnótt Akureyrar. En þetta er auðvitað á allt öðrum skala. Þetta er uppskeruhátíð Listasumars ásamt því að vera afmæli bæjarins, sem er 145 ára í ár. Vakan er líka rómantísk rökkur- og rólyndishátíð, en lítið um fylleri.“


Hvað kostar hátíðin? „Það er nú ekkert svo svakalega mikið. Ég spyr á móti: Er hafmeija í höfninni?“

Hver Íslendingur lagði sér að meðaltali tæplega 23 og hálft kíló af alifuglakjöti til munnss síðustu tólf mánuði. Það er meira en fjórfalt það magn sem hver Íslendingur borðaði fyrir tólf árum. Kjúklingurinn er nú í fyrsta sinn orðinn vinsælli fæða hérlandis en lambakjötið. Kokkur segir kjúklinginn hafa leyst ýsuna af hólmi.

Bændasamtök Íslands hafa sent frá sér framleiðslu- og sölutölur fyrir innlendar kjötvörur á tímabilinu frá 1. ágúst 2006 til 31. júlí 2007. Þar má sjá að á þessu tólf mánaða tímabili hafa Íslendingar í fyrsta sinn frá upphafi búsetu á landinu neytt meira alifuglakjöts en kindakjöts.

Ferski kjúklingurinn rífur upp söluna Sala á ferskum kjúklingi á Íslandi var heimiluð árið 1996. Áður hafði einungis verið hægt að kaupa hann frosinn. Sala alifuglakjöts hafði verið tiltölulega stöðug frá 1980 fram til 1996, og neytti hver Íslendingur að meðaltali fimm til sex kílóa af því árlega, að því er fram kemur á vef Lýðheilsustöðvar. Árið 1996 tók salan kipp og hefur aukist stöðugt síðan. Er nú svo komið að

MARKAÐSHLUTDEILD KJÖTAFURÐA



alifuglakjöt er vinsælasta kjötafurð á Íslandi. Afar litlu munar þó á fuglinum og kindakjöti. Þriðja sætið, litlu aftar, skipar svinakjöt og nautakjöt vermir fjórða sætið með tæplega helmingi minni sölu en fuglinn og sauðféð.

Hallar undan fæti lambsins

Sala á kindakjöti minnkaði frá síðasta ári, einni tegunda, um 2,6 prósent. Sala á kindakjöti hefur verið tiltölulega stöðug undanfarin tíu ár en þó frekar minnkað en hitt, ef undan er skilið tímabilið frá árinu 2003 til 2005, þegar aukningin var yfir fimmtán prósent. Sala á alifuglakjöti jókst á síðasta ári um tæp sextán prósent, og sala annarra kjötafurða um sex til þrettán prósent.

Ekkert lambakjöt flutt til landsins Tölurnar frá Bændasamtökunum ná aðeins yfir innlenda kjöt-

GERA EKKI UPP Á MILLI KJÖTTEGUNDA

„Þetta kemur okkur ekki á óvart enda er þetta í takt við þróunina undanfarin ár,“ segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð. Hún segir að margt kunni að hafa áhrif á þessa þróun. „Neysla á kindakjöti var nær allsráðandi hér áður fyrr en það hefur breyst. Erlend áhrif hafa breytt matarmenningunni auk þess sem samfélagið er orðið mun fjölbýðlegra en það var,“ segir Hólmfríður. Lýðheilsustöð mælir ekki með neyslu ákveðinna kjötttegunda umfram aðrar. „Við hvetjum til fjölbreytni og ráðleggjum fólki að velja magurt kjöt og gæta hófs,“ segir Hólmfríður en heildarkjötnesla hvers Íslendingss hafa aukist á undanförnum árum. „Svo má ekki gleyma fiskinum, við hvetjum fólk til að borða meiri fisk,“ segir Hólmfríður.



HÓLMFRÍÐUR
ÞORGEIRSDÓTTIR
NÆRINGAR-
FRÆÐINGUR

AUÐVELT AÐ ELDA KJÚKLINGINN

„Ég held að kjúklingurinn hafi í raun sigrað ýsuna mun frekar en lambakjötið,“ segir Sigurður Hall matreiðslumeistari. Hann segir ekki koma á óvart að sala á fuglakjöti sé komin fram úr sölu á lambakjöti enda telur hann kjötframboð fremur einfalt á Íslandi. „Ég hugsa líka að margir velji kjúkling vegna þess að það er auðvelt að matreiða hann. Kjúklingabringur eru til að mynda gríðarlega vinsælar en þeim þarf bara að skella á pönnuna. Kjúklingur er einnig vinsæll í ýmsa fljótlega rétti meðan lambakjötið hefur ekki fengið slíkar undirtektir enda flóknara kjöt,“ segir Sigurður.




SIGURÐUR HALL
MATREIÐSLUMEISTARI

Sigurður segir að sú breyting hafi orðið á að nú sé lambakjöt frekar orðið sparimatur en hversdagsmatur og ýmsir kindakjötsréttir sem voru vinsælir meðal eldri kynslóðarinnar sjáist síður á borðum þeirra sem yngri eru. Þá hafi fiskurinn látið mikið undan síga undanfarin ár og fuglakjötið komi í stað hans. „Ég held að það sé mergur málsins. Sá sem tapar mest á vinsældum kjúklingsins er ýsan. Þótt sala á lambakjöti hafi dregist saman er lambið alltaf sigurvegari í mínum augum. Íslenska lambakjötið er einfaldlega besta kjöt í heimi,“ segir Sigurður.



KJÚKLINGUR VINSÆLLI EN LAMBIÐ Sala á alifuglakjöti jókst um sextán prósent á síðasta ári, en sala á kindakjöti minnkaði um 2,6 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

SALA KINDA- OG ALIFUGLAKJÖTS (TONN)



framleiðslu, og því er ekki tekið tillit til sölu á innfluttu kjöti. Mest er flutt inn af hvítu kjöti, alifugla- og svinakjöti, en ekkert lambakjöt. Þetta þýðir að neysla alifuglakjöts hérlandis er enn meiri en tölur Bændasamtakanna gefa til kynna.

Fram kom í máli formanna Samtaka sauðfjárbænda og Félags kjúklingabænda í Fréttablaðinu í gær að hvorugur telur

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.

Rein Fjárfesting ehf

Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

HVAÐ LANGAR ÞIG AÐ LÆRA?

Í krefjandi vinnuumhverfi er nauðsynlegt að búa yfir afburða færni og fjölbreyttri þekkingu. Markmið starfsnáms okkar er að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann til verka og sjálfstæðra vinnubragða.

☀ STARFSNÁM OG NÁMSBRAUTIR

Hnitmiðuð námskeið sem leggja áherslu á að styrkja einstaklinginn og þjálfa hann í verki og sjálfstæðum vinnubrögðum. Námskeið sem eykur möguleika þína á vinnumarkaðnum.

Skrifstofu- og tölvunám

258 stundir - Verð: 233.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 4. september

Fjármál og rekstur

132 stundir - Verð: 154.000.-
Morgunnámskeið byrja 4. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 3. september

Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 233.000.-
Morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 4. september

Skrifstofunám & hönnun

414 stundir - Verð: 389.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 4. september

Sölunám & hönnun

420 stundir - Verð: 389.000.-
Morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 4. september

Skrifstofu- og rekstrarnám

462 stundir - Verð: 449.000.-
2 morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 4. september

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám

396 stundir - Verð: 366.000.-
Morgunnámskeið byrja 3. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 4. september

☀ BÓKHALDSNÁM & NAVISION

Í bókhaldsnámi NTV er lögð rík áhersla á að kenna grunnhugtök og vinnubrögð við bókhald. Einnig er kennt á Navision tölvubókhaldskerfið sem mjög víða er notað.

Grunnnám í bókhaldi

108 stundir - Verð: 105.000.-
Morgunnámskeið byrja 10. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 10. september

Navision viðbótarnám

24 stundir - Verð: 31.000.- pr. námskeið
Launabókhald, sala og viðskiptamenn,
fjárhagsbókhald frh. og birgða og tollakerfi.

☀ MARGMIÐLUN OG GRAFÍK

Námskeið fyrir þá sem hafa áhuga á margmiðlun og grafík og vilja starfa á því sviði.

Auglýsingatækni

156 stundir - Verð: 186.000.-
Kvöldnámskeið byrja 17. september

Photoshop Expert

72 stundir - Verð: 106.000.-
Kvöldnámskeið byrja 7. nóvember

Photoshop grunnnám

30 stundir - Verð: 31.000.-
Morgunnámskeið byrja 10. september
Kvöldnámskeið byrja 5. september

Alvöru Vefsíðugerð

210 stundir - Verð: 199.000.-
Kvöldnámskeið byrja 18. september

Myndbandavinnsla – Adobe Premiere

36 stundir - Verð: 39.000.-
Kvöldnámskeið byrja 18. september

☀ SÉRHÆFT NÁM & FORRITUN

NTV hefur frá stofnun skólans 1996 lagt mikla áherslu á sérhæft nám byggt á alþjóðlegum grunni. Markmið okkar er að bjóða sérhæft nám sem hentar vinnumarkaðnum sem best.

Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 105.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 24. september

MCP XP netstjórnun

108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 10. september

MCSA 2003 netstjórnun

150 stundir - Verð: 299.000.-
Helgarnámskeið byrja 8. september

Kerfisstjórnun

180 stundir - Verð: 233.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 24. september

Forritun og kerfisfræði

240 stundir - Verð: 286.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 11. september

MCDST DIPLOMANÁM

108 stundir - Verð: 139.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 2. október

☀ ALMENNT TÖLVUNÁM

Tölvunám - fyrstu skrefin

30 stundir - Verð: 32.000.-
Morgunnámskeið byrja 25. september
Kvöldnámskeið byrja 24. september

ECDL-tölvunám

78 stundir - Verð: 69.000.-
Morgunnámskeið byrja 11. september
Kvöld- og helgarnámskeið byrja 24. september



INNTRITUN FYRIR HAUSTÖNN 2007 STENDUR YFIR!

ntv

Atvinnusköpun á landsbyggðinni:

Hlutverk stjórnsvalda

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Olíuhreinsunarstöð hefur verið nefnd til sögunnar sem nýr atvinnukostur á Vestfjörðum. Að sönnu er það svo að hugmyndir um þess háttar atvinnustarfsemi hafa nokkrum sinnum komið upp á liðnum áratugum. Þeim er það öllum sammerkt að hafa aldrei komist nálægt veruleikastiginu.

Umhverfi íslenskrar atvinnustarfsemi hefur að vísu breyst. Einmitt í því ljósi er áhugavert að meta pólitíska umræðu um þessa endurbornu hugmynd og yfirlýsingar stjórnsvalda. Ummæli umhverfisráðherra verða ekki skilin á annan veg en að ríkisstjórnin líti á það sem hlutverk sitt að vera eins konar Þrándur í Götu málsins af umhverfisástæðum.

Þetta þarf að skoða í því samhengi að ráðherra byggðamála hefur nýlega lýst því yfir að hlutverk stjórnsvalda varðandi atvinnuþróun á landsbyggðinni sé fyrst og fremst að styrkja innviði og frumþjónustu, samgöngur, heilbrigðisþjónustu, menntun og menningu. Verðmæta-sköpunin sjálf verði á hinn veginn að vera á könnu frumkvöðla.

Á þann veg stendur með þessa olíuhreinsunarhugmynd, ef marka má það sem opinberlega hefur komið fram, að erlendir fjárfestar hafa ekki enn sýnt sig með nafni. Sýnileiki þeirra er þó forsenda fyrir því að unnt sé að líta svo á að málið sé komið á einhverja hreyfingu frá hugmynd til veruleika.

Samkvæmt þeim almennu lögum og reglum sem gilda um atvinnustarfsemi í landinu þarf að minnsta kosti þrennt til að ný hugmynd geti orðið að veruleika: Sveitarstjórn þarf að gera ráð fyrir starfseminni í skipulagi. Fjárfestar þurfa að vera bæði sýnilegir og tilbúnir til athafna. Þeir þurfa aukheldur að sýna fram á að öllum almennum og sérstökum lagakröfum, þar á meðal um umhverfismat, sé fullnægt.

Hlutverk stjórnsvalda er að sjá um að farið sé að lögbundnum leikreglum. Í regluverki og hugmyndaheimi liðins tíma gátu stjórnsvald fyrir fram gert sumar hugmyndir að gæluverkefnum en lagt stein í götu annarra. Nokkuð eimir eftir af þessum gamla tíðaranda í yfirlýsingum umhverfisráðherra.

Vel má vera að olíuhreinsunarstöð stangist á við þær kröfur sem lög setja atvinnustarfsemi af þessu tagi. Að réttu lagi á hins vegar að gefa þessum frumkvöðlum kost á að sýna fram á hvort þeir fullnægja lagaskilyrðum áður en ríkisstjórnin leggst þar þver fyrir. Það eru nútíma vinnubrögð.

Vestfirðingar eru í þörf fyrir nýsköpun í atvinnuháttum. Ferðaþjónusta hefur vaxið með undraverðum hraða síðustu ár. Flest bendir til að erlendir ferðamenn verði hálf milljón á þessu ári. Vestfirðingar hafa fengið innan við fimmtung erlendra ferðamanna til sín að sumarlagi og aðeins brotabrot að vetri til.

Líklega þyrfti í allra minnsta lagi að tvöfalda tölu erlendra ferðamanna til landsins frá því sem nú er til þess reikna mætti með að ferðaþjónusta á Vestfjörðum gæti orðið traustur og öflugur burðarás í atvinnulífinu þar um slóðir.

Nefnt hefur verið að olíuhreinsunarstöð losi milli 400 og 600 þúsund tonn af gróðurhúsalofttegundum. Það er álíka mikil losun og hlýst af flugi með eina milljón ferðamanna til landsins. Ríkisstjórnin þarf því að horfa til ýmissa átta ætli hún að nota þá viðmiðun sem Þrándur í Götu og vera jafnframt sjálfri sér samkvæm.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Stökktu til

Costa del Sol

29. ágúst

frá kr. **29.990**

Ótrúlegt tilboð - síðustu sætin

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 29. ágúst í eina eða tvær vikur. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á frábærum kjörum á vinsælasta sumarleyfisstað Íslendinga.

Verð kr. **29.990**
Netverð á mann, m.v. 2-4 í íbúð í viku. Aukavika kr. 10.000.

Heimsferðir


Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Latir bloggarar

Þótt margir stjórnmálamenn hafi fært sér netið í nyt með góðum árangri eru alþingismenn á heildina lítið furðu latir við að blogga. Langt því frá allir halda úti heimasíðum og af stjórnarliðum sem það gera má til dæmis nefna að Birgir Ármannsson hefur ekki uppfært sína síðu frá



22. apríl, Steinunn Valdis Óskarsdóttir hefur ekkert skrifað frá 26. apríl, síða Guðfinnu Bjarnadóttur var síðast uppfærð 7. maí, Helgi Hjörvar hefur ekki drepjið niður penna síðan 11. maí, Árni Páll

Árnason hefur ekki skrifað staf síðan 13. maí, Katrín Júlíusdóttir lagði síðast orð í belg 23. maí, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra viðraði síðast skoðanir sínar 11. júní og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hefur ekki slegið á lyklaborðið frá 25. júní. Þá sáu Illugi Gunnarsson, Bjarni Benediktsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Ármann Kr. Ólafsson öll ástæðu til að halda úti öflugum heimasíðum fyrir prófkjör Sjálfstæðisflokksins í október í fyrra en ekkert þeirra hefur uppfært síðu sína frá því í nóvember. Og hefur nú sitthvað gengið á síðan þá.



bergsteinn@frettabladid.is

Vöndum okkur

Samgöngur til Vestmannaeyja eru án efa mikilvægasta hagsmunamál okkar Eyjamanna. Ekkert hefur verið meira rætt seinustu ár og við bæjarbúar í raun klofnað í fylkingar. Þetta hefur sjálfsagt átt sinn þátt í því að ekki hafa verið tekin stór skref í samgöngumálum Eyjanna síðan núverandi Herjólfur hóf siglingar.

Hins vegar fóru af stað hvers konar draugasögur og dómsdagsspár um siglingar í Bakkafjöru og því miður hefur það orðið til þess réttum upplýsingum hefur ekki í öllum tilvikum verið haldið til haga.

Dómsdagsspár Grétars Mars, þingmanns okkar Sunnlendinga, hafa orðið mér tilefni vangavelta enda lítur hann á sjálfan sig sem sérfræðing í siglingum og hafnargerð. Þótt þingmaðurinn gefi lítið fyrir hugmyndir „landkrabba“ um samgöngur tel ég ástæðu til að benda honum á að ég hef sem íbúi Vestmannaeyja-bæjar í 38 ár öðlast nokkra reynslu af siglingum með Herjólfu og þá ekki síst af siglingum í vondum veðrum þar sem ég hef sjálfur verið sjóveikur með sjóveik börn. Getur þingmaðurinn sagt slíkt hið sama?

Dylgjur og rangfærslur

Í langan tíma hef lagt mig fram um að lesa mér til um það sem tengist samgöngum til Vestmannaeyja og langar mig í fáum orðum að svara dylgjum Grétars Mars um siglingar Herjólfu í Bakkafjöru. Svörin byggja á opinberum gögnum sem þingmenn Sunnlendinga hljóta að hafa kynnt sér vandlega.

1. Grétar Mar hefur haldið því fram að áhættan við siglingar muni aukast þegar Herjólfur hefur siglingar í Bakkafjöru.

Hið rétta er að skv. skýrslu Det Norske Veritas er áhættan af því að sigla milli Bakkafjöru og Eyja aðeins 1/6 af því að sigla milli Þorlákshafnar og Eyja. Með



ELLIDI VIGNIS-Í DAG | Samgöngur við Vestmannaeyjar

tilkomu Bakkfjöruhafnar væri því verið draga úr áhættusiglingum en ekki að auka áhættuna eins kemur fram í máli Grétars Mars.

2. Grétar Mar hefur haldið því fram að í kostnaðaráætlun Bakkafjöruhafnar og nýs Herjólfu sem er 5,6 milljarðar sé ekki inni kostnaður vegna uppgræðslu og vegagerðar.

Hið rétta er að hvort tveggja er inni í þeirri áætlun. Hitt er svo annað mál að áhyggjur mínar sem heimamanns sem býður eftir bættum samgöngum eru ekki af kostnaðarhlíðinni. Það er annarra að meta kostnað og standa við áætlanir. Fyrir mér vakir það eitt að samgöngur verði bættar svo mikið sem verða má.

3. Grétar Mar hefur í ljósi sinnar sérþekkingar haldið því fram að lengja þurfi garðana um 300 metra til að gera höfnina öruggari.

Hið sanna er að lenging garða um 300 metra hefur enga skynsamlega samsvörun við verkefnið og skilar engum ábata nema síður sé. Með lengingu garða um 300 metra frá hugmyndum Siglingastofnunar Íslands ná þeir langleiðina út að rifinu en ekki út fyrir það. Herjólfur myndi því lenda í mesta ölduóróanum á rifinu og þá yrðu aðeins 200 metrar að hafnaropmi samkvæmt tillögu þingmannsins, í stað 500 metra samkvæmt tillögu Siglingastofnunar Íslands. Með hugmyndum sérfræðingsins Grétars Mars

Fyrirferðarmikil Bergey

Nýr togari Vestmanneyinga, Bergey, setur óneitanlega sterkan svip á nýjasta tölublaði Fiskifrétta. Í blaðinu, sem telur sextán blaðið, birtast alls þrettán myndir af skipinu, þar á meðal á forsiðu, sem hlýtur að teljast einhvers konar met.

Steingrímur á metið

Á þessum stað í gær var fullrytt að Helgi Hjörvar ætti met alþingismanna í maraþonhlaupi. Þá var ekki lítið nógu langt aftur í tímann, því Steingrímur J. Sigfússon hljóp Reykjavíkumaraþonið árið 1997 á þremur klukkustundum og 48 mínútum, og var því tæpum fimm mínútum á undan Helga Hjörvari. Það er því Steingrímur sem á alþingismetði í maraþonhlaupi.

væri Herjólfur því í ölduróti á sama tíma og hann væri að sigla inn í hafnaropið. Þær hugmyndir um lengingu garða sem þarna koma fram draga því úr siglingaöryggi og auka kostnað við verkefnið um nokkra milljarða.

4. Grétar Mar hefur haldið því fram að grunnbrot verði í Bakkafjöru við fjögurra metra ölduhæð og sjálfsagt hefur hann sér þar til halds og trausts sérfræðipækkingu sína.

Hið sanna er að miðað við að dýpi á rifinu er 6 metrar verða grunnbrot ekki fyrr en við 5-7 metra ölduhæð og það er háð því hvort það er fjara eða flóð. Viðmiðunarmörk sem Siglingastofnun Íslands hefur sett fram til að ákveða frátafir miðast við að kennialda gefi stök grunnbrot. Tala þessi er þó nokkuð lægri en líkantilaunir þeirra gáfu til kynna að ætti að vera leyfilegt og það sem þekkt er frá öðrum innsiglingum.

Lífæð samfélagsins

Vestmannaeyjar, sem hingað til hafa nánast eingöngu grundvallast á fiskveiðum, þurfa á risastökki í byggðapróun að halda. Stærsta skrefið verður tekið með nýrri tegund af samgöngum sem stytta siglingu og gerir fólk minna háð brottfarar- og komutíma.

Í ljósi ákvörðunar ríkisstjórnar um að ekki verði ráðist í jarðgöng að svo stöddu er það eindreginn og einróma vilji bæjarstjórnar Vestmannaeyja að kannað verði af fullri alvöru hvort siglingar Herjólfu í Bakkafjöru geti mætt kröfum heimamanna.

Dómsdagsspár sjálfskipaðra sérfræðinga eru ekki til þess fallnar að verða til stoðar, ekki frekar en innantómur fagurgali. Vöndum okkur, því ábyrgðin er mikil.

Höfundur er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Grænt skref með blárri tunnu

UMRÆÐAN

Umhverfismál

Eitt af markmiðum Grænna skrefa í Reykjavík er að auka endurvinnslu í borginni. Í þeim tilgangi hefur Reykjavíkurborg nú hafið að bjóða íbúum borgarinnar Bláar tunnurnar fyrir pappírsúrgang sem losaðar eru við heimili borgarbúa. Íbúum stendur þó enn til boða að losa pappírinn frítt á grenndar- og endurvinnslustöðvar, en fyrstu viðbrögð við Bláu tunnunni sýna að borgarbúar kunna vel að meta þessa bættu þjónustu.

Árið 2006 kostaði endurvinnsla pappírs sveitarfélöð á höfuðborgarsvæðinu um 10 kr./kg en um 21 kr./kg að urða úrganginn. Það er því til mikils að vinna með aukinni endurvinnslu. Um 176 kg af dagblöðum og auglýsingapósti bárust inn á heimili í landinu árið 2006. Sparnaður Reykjavíkurborgar af að endurvinnna allan þennan úrgang í stað þess að urða hann er því tæpar 100 m.kr. á ári. Pappírinn er sendur til Svíþjóðar til endurvinnslu og greiðir endurvinnslufyrirtæki þar fyrir úrganginn.

Vegna þess mikla magns dagblaða og auglýsingapósts sem berst inn á heimili í



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Reykjavík hafa íbúar í auknum mæli kallað eftir söfnun á dagblöðum við heimili líkt og gert er í borgum nágrannalanda okkar. Við vonumst til þess íbúar í Reykjavík taki Bláu tunnunni vel og að auka megi endurvinnslu á pappírsúrgangi. Íbúar geta pantað Bláa tunnu hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar í síma 411 8500 eða með tölvupósti á netfangið sorphirða@reykjavik.is. Tunnurnar verða losaðar á þriggja vikna fresti og aukalosun í desember þegar pappírsflóðið er í hámarki, alls 18 losanir á ári. Greiða þarf árlegt losunargjald fyrir tunnuna en á móti geta íbúar fækkað sorptunnunum fyrir blandað sorp (svartar tunnurnar) eða fengið græna tunnu sem losuð er hálfsmánaðalega og lækkað þannig sorphirðugjöldin sín. Allt er þetta gert til þess að hvetja til aukinnar flokkunar og endurvinnslu.

Sorphirða er eitt af lögbundnum hlutverkum Reykjavíkurborgar og kannanir sýna að borgarbúar hafa í gegnum tíðina verið ánægðir með þá þjónustu sem borgin veitir þeim. Vonandi mun Bláa tunnan auka enn þá ánægju.

Höfundur er formaður umhverfisráðs Reykjavíkurborgar.

VANDAÐAR ELDHÚSINNRETTINGAR

SAMSETTAR OG ÓSAMSETTAR - gæði og frábær hönnun



Glæsilegar eldhúsinnréttingar frá einum stærsta og virtasta framleiðanda Danmerkur, TVIS-Køkkener as sem stofnsett var 1952.

www.tvis.as

SAMSETTAR

afgreiðslutími
ca. 6 vikur
mikið úrval
litir og uppröðun
nýjustu efnin
glæsileg hönnun



Háglans sand



Svart háglans



BK eldhúsinnréttingar eru framleiddar og sérsniðnar að kröfum um nútíma eldhús, notagildi og flott útlit.

ÓSAMSETTAR

þú setur saman
tilbúna á lager
glæsileg hönnun
**eitt hagstæðasta
verð sem völ er á**



DUCALE
Eik - innfelld handföng



LINE
Hvítt lakkað háglans, handfanga-laús

www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Ísland; nýtt og notað

UMRÆÐAN

Samfélagsmál

Ég sat í þægilegum stól á flugvellinum í Kastrup í Kaupmannahöfn og beið eftir að ganga í vélina. Hafði fengið sæti í vél til Egilsstaða; þurfti nauðsynlega að komast heim svo ég tók því. Rólegur las ég dagblað.



ÁSGEIR ÞÓR HVÍTASKÁLD

Þar sem ég var búsettur í Danmörku, þá heyrði maður títt að Ísland væri gjörbreytt. Sumir sögðu að það væri komið alveg nýtt Ísland og að maður gæti aldrei flutt heim því maður yrði bara útlendingur.

Ég sá í blaðinu að gamall drykkjufélagi var orðinn ráðherra og annar skólafélagi var orðinn multí milljónamæringur af hlutabréfaviðskiptum, sem áður fyrr var kallað brask.

Ungur maður sat við hliðina á mér og virtist stressaður. Hann var sífellt að horfa út um gluggann og stara á vinnumenn sem voru að tæma ávala flugvélinu. Út komu ferðatöskur og nokkrar risastórar íþróttatöskur. Ég þekkti að þetta voru töskur með paragliderum. Einhverjir Fransmenn höfðu verið að fljúga á Íslandi; sá frönsk merki á töskunum. Ég fékk ævintýrafiðing.

Þessi ungi maður var með langt bogadregið nef og hafði ekki típískt íslenskt andlitsfall. Hann var á iði eins og taugasjúk kerling á erfiðum aldri. Hann var sennilega flughræddur. „Ert þú að fara heim?“ spurði ég í von um að geta róað hann.

„Ég ekki tala íslensku,“ svaraði hann á lélegri ensku.

„Nú! Ertu pólskur?“

„Já.“

„Ertu að vinna á Kárahnjúkum?“ spurði ég.

„Nei, ég vinna á Hetjunni, sem kokkur.“

„Okei,“ svaraði ég.

„Ég hætta á Kárahnjúkum,“ sagði hann.

„Nú af hverju?“

„Ekki gott þar,“ sagði hann og setti skúffu á munninn.

Mér fannst þetta skundið en ég vissi ekkert um vandamál starfsmanna að Kárahnjúkum, né hvað Hetjan var. En ég vissi að Vinnueftirlitið var nýbúið að gefa út bækling á 9 tungumálum: á ensku, litháísku, pólsku, rússnesku, serbókróatísku, spænsku, taílensku, víetnömsku og íslensku. Og bæklingurinn fjallaði ekki bara um öryggismál, heldur um skyldur og ábyrgð yfirmanna.

Vélin var nær fullsetin, en mér fannst fólkið undarlegt, klæðnaðurinn bæði lummó og litlaus, enginn heilsaði manni eða neitt. Þar fyrir utan hafði fólk skrítn andlitshlutföll, ýmist var hakan of stutt eða það var of langt á milli augnanna. Svo tók ég eftir að flestir töluðu

pólsku, það var skýringin.

Maskínan leið yfir gula danska akra. Svo stakk hún sér upp fyrir skýin. Þar uppi var allt önnur veröld, sól og sumar og ákaflega fallegt. Veröld sem ekki var byggileg mönnum.

Alls konar skýjamyndanir voru þarna, risastórir bogar og við flugum undir risastóra skýjabré, sem minnti á brúna á milli Danmerkur og Svíþjóðar. Á skýjabreiðunni voru líka holur svo maður sá niður í hvítbrimóttan sjóinn.

Seinna komum við þar sem voru tvö lög af skýjum. Þar inni sá ég risastóra kastalahöll. Ég velti því fyrir mér hvort það væri þarna sem þessir íslensku bréfaþöngar höfðu ríki sitt eftir andlátíð. Og ég mundi lagið með Cornelis Vreeswijk, sænsk-hollenska vísnaðingvaranum sem söng:

„Ekkert geturðu tekið með þér, þangað sem þú ferð.“

Þarna leið ég og Pólverjarnir yfir endalaus skýjabreiðu. Brátt sáust skýjabólstrar í fjarska, strókar og skýjaflækjur; allskonar veðurkrækjur og horn sem risu upp úr skýjabykkni. Þetta virtist vera fyrir ofan Vatnajökul; íslenski veðurofsinn kraumaði fyrir neðan.

Nokkru seinna sá ég greinilega móta fyrir Austfjörðunum, það kom svona bunga upp. Vélin rann niður í skýjabykknið; niður, niður seig hún. Sólskinið hvarf og vélin var umlukin dimmri þöku. Vélin hristist svo það sullaðist upp úr björglasinu. Pólski kokkurinn sat frosinn við gluggann framari í vélinni. Þessi risafugl seig neðar og neðar en hann virtist ekki komast niður í gegnum skýin.

Þetta skýjabykkni lá langt niður undir jörð og á síðasta augnabliki birtist jörðin; kaldranaleg grjóturð, hvítt Lagarfljótið eins og skítug mjólk. Rigningardroparæmur komu á rúðurnar.

Þegar ég kom út úr vélinni, sló köld rigning mig í andlitið, það var eins og að fá kaldan kinnhest frá argri stúlku. Rokið stakkt upp undir buxaskálmarnar. Það var norðan garri og rigningarsuddi. Gamla góða Ísland stóð við sitt.

Nokkru seinna sá ég langa röð af Kínverjum koma út úr Kaupfélaginu. Þeir höfðu verið að kaupa sér matvæli og allir komu þeir skælbrosandi með heilan kassa af Egilsöli. Enginn hafði útskýrt fyrir þeim að ölið var óafengt. Löng rúta beið þeirra og þeir hurfu upp í hana hver á eftir öðrum. Þeir voru glaðir og köllu hver á annan. Þeir hétu:

„Músading, Bin He, Junfeng Liu, Cheng Hongweij.“

Fyrir utan veitingaskálann sat uppgefinn ferðalangur við hliðina á risastórum bakpoka sínum. Hann var kominn með alskegg og var skítugur eftir langt og erfitt ferðlag á Íslandi. Hann hafði lært reglurnar og var með þykka ullaþúfu. Ísland hafði ekkert breyst. Síðar nærur og lýsi var ennþá í fullu gildi.

Höfundur er rithöfundur og leikstjóri.

Þegar flotinn fór frá Skotlandi

UMRÆÐAN

Brottför hersins

Árið 1993 fór Bandaríkjafloti frá Clyde-firði í Skotlandi með allt sitt hafurtask, flotkví, birgðaskip, dráttarbáta o.fl. Á landi skildu þeir eftir mannvirki af ýmsu tagi sem stóð af þessari stærð þurfti. Einnig voru þarna 740 fjölskyldubúðir. Þessi mannvirki voru dreifð um bæinn Dunoon á 46 stöðum, einnig leigði herinn mikið af íbúðarhúsnæði og vörúhúsum hinumegin við fjörðinn í bænum Greenock og Gourrock sem er ferjustaður. Dunoon stendur við Holy Loch, lítinn fjörð sem gengur inn úr hinum mikla og djúpa firði Clyde, en við upptök hans stendur borgin Glasgow með eina milljón íbúa.

Kaninn kom til Clyde í maí 1961, í sömu viku og þeir skiptu úr flugher í flotastöð í stöðinni við Keflavík. Ég man skiptin hér, var þá drengur á Vatnsleysuströndinni. Lestin fór ekki hratt gamla Keflavíkurveginn. Úti á ytri höfninni í Reykjavík beið risa herflutningaskip sem flutti liðið burt, en um morguninn fóru hermenn suður með sömu lest. Um kvöldið tilkynnti RÚV þjóðinni að Bandaríkjafloti hefði tekið við rekstri stöðvarinnar við Keflavík. Þessar stöðvar í Skotlandi og á Íslandi voru nátengdar. Við Gufuskála var reist risa hátt lóranmastur til staðsetningar kafbáta frá stöðinni í Holy Loch. Einnig þjónaði fjarskiptastöðin við Grindavík þessum kafbátum.

Íslendingar nutu góðs af lóranstöðinni, því fiskiskipaflotinn okkar tók þessa nýju tækni upp. Í upphafi átti þessi stöð að vera í Hvalfirði og hafði flotinn látið teikna veg frá velliðum upp í Hvalfjörð. Mikið var fjallað um óskir Bandaríkjamanna um aðstöðu í Hvalfirði, en þáverandi utanríkisráðherra dr. Kristinn Guðmundsson var tregur til. Það gekk svo langt að Dean Acheson sagði að dr. Kristinn hefði lofað þessu á Natófundinum í París. En dr. Kristinn sagðist aldrei hafa lofað neinu um aðstöðu í Hvalfirði, en því var endanlega hafnað 1959 er viðreisnarstjórnin tók við. Minnugir atburðanna á Austurvelli 30. mars 1949 vissu þeir að birgðastöð fyrir 38 Polaris-kafbáta hefði aldrei verið samþykkt, og því sneru Kanar sér til bandamanna sinna Breta. Sagt



SKARPHÉÐINN SCHEVING EINARSSON

er að stöðin í Skotlandi hafi veitt um 2.800 störf beint og óbeint, þar af 400 leigubúðir. Mest voru 5 kafbátar við móðurstöðina í einu, til að fá þjónustu eða að skipta um áhafnir sem komu með flugi. Er fleiri hundruð dátar voru í bænum var oft suksamt.

En hvernig var staðið að viðskilnaði Kanans í

Dunoon og hreinsun er Kaninn fór 1. júní 1993, og hvernig var samið við þá er þeir komu 1961? Þar voru Bretar okkur miklu fremri. Þeir létu t.d. Kanann borga leigu fyrir það land sem til þurfti. Einnig voru bílar flotans látnir greiða vegaskatt, 150 pund á bíl eins og almennigur. Einnig var gerður starfslokasamningur við 70 starfsmenn 50 ára og eldri um full laun til 60 ára aldurs hjá konum og 65 hjá körlum, þá hefst eftirlaunaaldurinn. Hvað varðar hús var sumt rífið og sett upp annarsstaðar. Það eina sem minnir á veru Bandaríkjahers á þessum stað er risa vörúhús við sjóinn. Hvað hreinsun og viðskilnað Kanans varðar, þá var samið um að þeir legðu fram fjármuni til að koma á fót atvinnuskapandi rekstri, t.d. símasvarþjónustu í Dunoon. Einnig var komið upp léttum iðnaði af ýmsu tagi og öðrum atvinnuskapandi rekstri í Greenock og Gourrock. Auk fjármagns frá Bandaríkjamönnum kom Efnahagsbandalag Evrópu þarna að.

Nú sækir fólk frá Dunoon vinnu hinum megin fjórðarins, en ferjuferð tekur aðeins 30 mínútur. Hvað hreinsun varðar, þá var hún boðin út og kostaði mikla fjármuni, en Kaninn greiddi fyrir alla hreinsun. Ein er þó sú mengun er ekki verður hreinsuð, en það er mikil geislun. Bandarískur yfirmaður við flotanum sem þarna var í 2 ár skýrði frá því í blaðinu U.S. World and News Report 1993, að kafbátar flotans hefðu losað geislavirkt kælivatn í Holy Loch er þeir lágu þar, en slíkt var með öllu bannað í bandarískum höfnum. Er talið að þessi mengun eyðist á um 100 árum.

Í dag er Dunoon ósköp venjulegur smábær. Er ég ók um Dunoon í vor minnti fátt á dvöl Bandaríkjaflota 13 árum fyrr. Aðeins nokkrir þeldökkir unglingar, frækorn frá skrautlegri hermannaflík. Hér er talað um 3.000 afkomendur, ugglauast mun fleiri í Skotlandi.

Höfundur er bílstjóri.

AF NETINU

Algjör martröð

Síðast þegar ég bloggaði vorum við á fullu að undirbúa okkur fyrir fyrsta leik tímabilsins. Sá leikur reyndist svo vera algjör martröð. Svo hefur þetta reyndar ekki batnað mikið eftir það. Móralinn hjá okkur er nú samt ágætur miðað við allt. Strákarnir eru skiljanlega niðurdregnir yfir þessu enda ekki það sem var lagt upp með eða það sem menn vonuðust eftir.

Heiðar Helguson
blogg.visir.is/heidarhelgu

Böggullinn og skammrífið

Fylgjendur olíuhreinsunarstöðvar á Vestfjörðum vísa einatt til þess að slíku fyrirtæki muni fylgja svo miklar samgöngubætur að Vestfirðingar hafi einfaldlega ekki efni á að segja nei takk! Þá muni þjónusta og fjarskipti lagast svo um munar með tilkomu slíkrar stöðvar. Hverskonar röksemdir eru þetta eiginlega? Íbúar annarra landsluta sem þannig tala sýna okkur lítilsvirðingu með því að tala svona. Ef Vestfirðingar sjálfir trúa þessu, þá er lítilþægni þeirra meiri en ég hefði trúað. Við eigum ekki að þurfa olíuhreinsunarstöð til þess að fá hingað sjálfsagða hluti.

Ólína Þorvarðardóttir
blogg.visir.is/olina

Pólitískur grínari

Við fáa menn hef ég bundið eins ríkar vonir og Björn Inga Hrafnsson sem mögulegan bjargvætt Framsóknarflokksins – sem einsog þekkt er hefur um hríð gist válista íslenskra stjórnmála. [...]Mér var því öllum lokið þegar ég renndi yfir Fréttablað síðustu daga. Þar tilkynnti vonarþeningur minn og annarra unnenda Framsóknar kjósendum sínum í 101 að hann hefði nú fundið ráð til að binda snarlega endi á styrjaldarárstandið sem ríkir í því póstinúmeri í hvert sinn sem hallar að nóttu. Hvernig? Jú – Björn Ingi ætlar að leggja það til að brennivinsbúðin í Austurstræti hætti að selja bjórdósir í stykkjatali!

Svona menn kalla Bretar af allunnri elskusemi „political stand-up comic.“

Össur Skarphéðinnsson
eyjan.is/goto/ossur

Óverðskuldaður heiður

Örlæti bygðamálaráðherra er lofsvert og til eftirbreytni, en ekkert veraldlegt vald fær því breytt, að þegar kemur að heitinu pólitískur grínari, er um að ræða skrásett vörumerki hér á landi og heimilisfesti þess er ekki heima hjá mér, svo mikið er víst. Það vörumerki hefur auðvitað lengi verið til heimilis á sama stað og virðulegur bygðamálaráðherrann og á því verður ekki breyting í fyrirsjáanlegri framtíð!

Björn Ingi Hrafnsson
eyjan.is/bjorningi

Lekavandamál?

Þétting að utanverðu



Þétting innan frá



HEYDI þéttiefni er lausnin!

HEYDI raka- og vatnsþéttiefnin eru þekkt þýsk hágæðavara, sem notuð er um allan heim. Komdu og fæðu ráðleggingar hjá múrarameisturum í Múrbúðinni.

HEYDI
ABDICHTUNGSTECHNIK

MÚRBÚÐIN

Byggingavörverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Akureyri – Húsavík

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutaþréf]

OMX ÍSLAND 15 8.133 +1,17%		Fjöldi viðskipta: 762 Velta: 11.217 milljónir	
MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
 ATLANTIC PETROLEUM	+2,25%	 365	-2,42%
KAUPPING	+2,13%	ALFESCA	-1,68%
STRAUMUR-BURÐARÁS	+1,76%	MAREL	-1,19%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,05 +0,00% ... Bakkavör 66,90 +0,60% ... Eimskipafélagið 39,45 +0,77% ... Exista 32,50 +0,31% ... FL Group 25,15 -0,40% ... Glitnir 28,05 +1,08% ... Icelandair 26,45 +1,73% ... Kaupþing 1.151 +2,13% ... Landsbankinn 39,95 +0,13% ... Straumur-Burðarás 20,25 +1,76% ... Össur 107,00 +0,00% ... Teymi 5,33 +0,38%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á vísir.is](#)



FRÁ KÍNA Alþjóðlegur framkvæmdahópur gegn peningþvætti segir Kínverja hafa bætt sig verulega við innleiðingu tilmæla gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Kínverjar bæta þvættisvarnir

Kínverjar hafa bætt sig verulega í innleiðingu laga- og reglugerða gegn peningþvætti í viðskipta- og lagaumhverfi þeirra þótt enn megi gera betur. Þetta segir í nýju mati FATF, alþjóðlegs framkvæmdahóps helstu iðnríkja heims gegn peningþvætti. Kína varð aðili að FATF í lok júní að undangengnu löngu umsóknarferli en aðildarríkin eru nú 34. Guðbjörg Bjarnadóttir, sviðsstjóri á lánamarkaði Fjármálaeftirlitsins, segir mikilvægt að Kína sé orðið aðili að FATF. „Þeir virðast hafa lagt mikið á sig til að komast í hópinn enda skiptir það miklu máli fyrir þau ríki sem vilja láta taka mark á sér á alþjóðlegum fjármálamarkaði,“ segir hún og bætir við að þetta sé sömuleiðis mikið öryggisatriði fyrir þau lönd sem eigi viðskipti við Kína. - jab



HAUSTDAGUR Í HELSINKI Atvinnuleysi hefur minnkað hratt í Finnlandi síðastliðin tvö ár og hefur ekki mælst minna í sextán ár.

Aukin atvinnuþátttaka Finna

Atvinnuleysi mældist 5,9 prósent í Finnlandi í síðasta mánuði samanborið við 6,6 prósent á sama tíma fyrir ári, samkvæmt nýbirtum tölum frá hagstofu landsins. Atvinnuleysi í Finnlandi hefur ekki mælst minna í sextán ár. Atvinnuþátttaka hefur aukist jafnt og þétt í Finnlandi síðastliðin tvö ár sökum mikils uppgangs í efnahagslífinu. Til samanburðar mældist atvinnuleysi 7,4 prósent fyrir tveimur mánuðum. Fjármálaráðuneyti Finnlands gerir ráð fyrir að atvinnuleysi eigi eftir að aukst lítillega á næstunni og muni standa í 6,7 prósentum á árinu öllu. - jab

Hófleg hækkun launavísitölu

Gæti verið vísbending um að tekið sé að hægja á launaskriði, að mati Björns Rúnar Guðmundssonar, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans.


Meðallaun í júlí voru 0,3 prósentum hærrí en þau voru í júní, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni. Síðustu tólf mánuði hefur launavísitalan hækkad um 8,3 prósent. Það er lægsta gildi tólf mánaða vísitölunnar frá því í janúar árið 2006. Stóra skýringin þar að baki er að júlí árið 2006 dettur nú út úr tólf mánaða mælingunni. Þann mánuð hækkuðu laun um 1,7 prósent, sem skýrðist af mestu af samningum um launapróunartryggingar sem gengu í gegn um mánaðamótin júní og júlí. „Almennt séð er þetta tiltölulega hófleg hækkun launa á milli mánaða. Sér-

staklega á þessum tíma þar sem alengt er að launahækkanir séu meiri á vormánuðum, þegar mikil eftirspurn er eftir vinnuafli,“ segir Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. „Þetta gæti verið fyrsta vísbendingin í þá átt að tekið sé að hægja á launaskriði undanfarinna mánaða.“ - hhs

BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON
Hækkun launa milli júní og júlí var óvenjultíð miðað við árstíma, segir forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





AKUREYRARVAKA 2007

FÖSTUDAGUR 24. ÁGÚST

Setning Akureyrarvöku 2007 í Lystigarðinum kl 20.00
Kvartettinn Molta leikur fyrir dansi
Flugfélag Íslands, Bílaleiga Akureyrar - Höldur, KEA Hotels

LAUGARDAGUR 25. ÁGÚST

Er hafmeyja í höfninni? á Pollinum við Strandgötu kl 11.30
Anna Richards flytur gjörning á floti í samvinnu við Benedikt S. Laflæur sjósundkappa

Stefnumót við söguna í Gamla barnaskólanum við Hafnarstræti kl 12.00 - 16.00
Lífandi djass tónlist, ljósmyndasýning og leiðsögn um húsið
Saga Capital Fjárfestingarbanki

Sumarleg sögustund á Amtsbókasafninu kl 13.00 - 15.00
Félagar SIUNG - samtök höfunda barna- og unglingabóka lesa úr verkum sínum fyrir gesti og gangandi

Gerum eitthvað gott - gerum það saman að Hömrum kl 14.00 - 18.00
Húsgagna- og nytjamarkaður

„Skyldi“ ég vera þetta sjálfur! í Ketilhúsinu kl 14.00
Samsýning 22 listamanna í tilefni 200 ára fæðingaraðfæmis Jónasar Hallgrímssonar
Jónasarnefnd á vegum Menntamálaráðuneytis

Sjónlist 2007 í Listasafninu á Akureyri kl 15.00
Samsýning þeirra listamanna sem tilnefndir eru til verðlaunanna

La Traviata í Íþróttamiðstöð Glerárskóla kl 16.00
Ópera Skagafjarðar og Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flytja hina mikilfenglegu óperu eftir Giuseppe Verdi

Frumnýning í Borgarbíó
„Stolt siglir fleygið mitt“
sýnd kl 16.00 & 17.00

Vilhjelm býður til veislu
Útgáfutónleikar í Deigluinni kl 20.00 - 21.00

Frúin í Hamborg flytur – Hárfloppur særir
Ferðagjörningur í göngugöfundi eins og hún leggur sig kl 20.30

Samúel Jón Samúelsson BIG BAND í Listagilinu kl 21.00
Stórtónleikar á útsisvið í beinni útsendingu Rásar 2
Landsbankinn, Akureyrarstofa, AIM concerts

Bylling Fífanna við Ketilhúsið kl 22.30
Illgresi allra sveita sameinist. Vei ykkur samborgarar sem ekki takið fíflinn í hönd, fylkjum liði, tökum yfir - Don Quixote
Lokaatriðið er í leikstjórn Kristjáns Ingimarssonar Norðurorka

og ótal margt fleira...



TORI AMOS FÆDDIST PENNAN
DAG ÁRIÐ 1963

„Ég bý yfir fjölmörgum
mismunandi
persónuleikum en samt
er ég einmana.“

Ameríska söngkonan og
píanóleikarinn Tori Amos
hefur verið þekkt síðan í
byrjun tíunda áratugarins
fyrir áhrifamikla og
tilfinningaþrungna tónlist.
Hún er 44 ára í dag.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. ÁGÚST 1911

Hvarf Monu Lisu uppgötvað

Á þessum degi árið 1911 komust starfsmenn Louvre-safnsins í París að því að málverkinu Monu Lisu eftir Leonardo da Vinci hafði verið stolið af safninu. Louvre-safninu var lokað í heila viku í kjölfar þjófnaðarins meðan rannsókn málsins stóð yfir.

Franska ljóðskáldið, Guillaume Apollinaire, sem hafði eitt sinn viljað brenna Louvre-safnið, var fljótlega grunað um þjófnaðinn og var handtekið. Apollinaire benti hins vegar á vin sinn Pablo Picasso, sem var einnig yfirheyrður, en báðum var síðan sleppt.

Málverkið var talið týnt að eilífu enda fannst hinn raunverulegi þjófur ekki fyrr en tveimur árum síðar. Það var starfsmaður Louvre-safnsins, Vincenzo Peruggia, sem stal



MONA LISA Frægasta málverki heims var stolið árið 1911.

verkinu á opnunartíma safnsins og faldi það í kútaskáp. Eftir lokun gekk hann síðan með Monu Lisu út úr safninu falda undir frakkanum sínum.

Peruggia var ítalskur föðurlandsvinur sem taldi að verki da Vincis skyldi vera skilað til Ítalíu og vera á safni í heimalandi listamannsins. Eftir að hafa geymt verkið í íbúð sinni í tvö ár varð Peruggia óþolinmóður og var að lokum gripinn þegar hann reyndi að selja það í listagallerí í Flórens.

Monu Lisu var í kjölfarið skilað til Louvre-safnsins í París þar sem það stendur enn.

Þjófnum var hampað fyrir föðurlandsástina á Ítalíu og sat í örfáa mánuði í fangelsi þar í landi fyrir glæpin, þó mörgum þætti verknaðurinn dauðasök.

MERKISATBURÐIR

- 1809** Jörgen Jörgensen hundadagakonungur hrökklast frá völdum.
- 1901** Fyrirtækið Cadillac er stofnað í Bandaríkjunum.
- 1968** Páll páfi VI kemur til Bogotá í Kólumbíu en það var fyrsta ferð páfa til Rómönsku Ameríku.
- 1978** Uppreisnarhreyfingin Sandinistas tekur yfir þúsund manns í gíslingu í borginni Managua í Nikaragva og heldur þeim í tvo daga.
- 1973** Richard Nixon tilnefnir Henry Kissinger sem utanríkisráðherra Bandaríkjanna.
- 2004** Ópinu eftir norska listmálarann Edvard Munch er stolið af safni í Osló.

AFMÆLI



Árni Bergmann rithöfundur er 72 ára í dag.



Heiðar Helguson knattspyrnumaður er 30 ára í dag.



Ólafur Þórðarson knattspyrnuþjálfari er 42 ára í dag.



Þórarinn Eldjárn rithöfundur er 58 ára í dag.

BLÖNDUÓS: HÖFÐINGLEG GJÖF TIL HEIMILISÍÐNAÐARSAFNSINS

Mikil gersemi þessi búningur

„Hingað komu fjórar systur færandi hendi með skautbúning og möttul sem langamma þeirra hafði átt. Þær heita Bergljót, Hrafnhildur, Valborg Elísabet og Herdís Dröfn og eru Baldvinsdætur. Einnig færðu þær okkur saumakistil sem var í eigu sömu konu og hún fékk að gjöf þegar hún var 35 ára,“ segir Elín Sigurðardóttir, safnstjóri Heimilisíðnaðarsafnsins á Blönduósi. Hún er að vonum hæstánægð með gjöfina. „Hann er mikil gersemi þessi búningur og safninu er sýndur mikill heiður með því að fá hann til varðveislu,“ segir hún og lýsir sögu hans lítillega.

„Búningurinn var í eigu Kristínar Jónsdóttur, sem fæddist árið 1850 og andaðist árið 1937. Hún var ættuð frá Breiðabólstað í Vesturhópi, af svokallaðri Vídalínsætt. Það er talið að búninginn hafi Kristín saumað í kringum 1870 og þá mun hún hafa setið í festum. Hann er handgerður að miklu leyti og óskaplega fallegur. Möttullinn er grænn og sami græni liturinn er á flaueli í mynstrinu neðan á pilsinu en möttullinn er úr ullarefni. Slæðan er með handsaumuðum kanti og hér hefur ekkert verið til sparað.“

Kristín var langamma systranna fjögurra og gjöfina gáfu þær til minningar um móður sína sem hét Kristín Sigurðardóttir. Hún var frá Auðshaugi á Barðaströnd, fædd 1912 og dáið 1988.

Elín segir mjög góða aðsókn hafa verið að Heimilisíðnaðarsafninu í sumar. „Hingað koma ekki aðeins Íslendingar heldur líka útlendingar sem hafa frétt af safninu í gegnum vini og kunningja. Það finnst mér mjög skemmtilegt og auðvitað besta auglýsingin. Fólk virðist verða snortið af mörgu sem það sér og ég sé stundum tár á vanga. Ekki þannig að sýningin sé sorgleg heldur minna hlutir hér fólk á



ELÍN SIGURÐARDÓTTIR „Gjöfin vitnar um mikinn hlýhug í garð safnsins og virðingu fyrir störfum þess,“ segir hún.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

eitthvað sem það þekkti.“

Þær Oddný Kristjánsdóttir og Hildur Rosenkjær frá Þjóðbúningastofu settu skautbúninginn upp í Heimilisíðnaðarsafninu að sögn Elínar. „Það voru þær sem tengdu mig og systurnar saman upphaflega,“ segir hún. „Búningurinn hafði legið í kistli í mörg ár og þær Oddný og Hildur flikkuðu upp á hann því hann var á sýningu á Þjóðminjasafninu í fyrrasumar. Ég bjóst við að hann yrði bara áfram



GEFENDURNIR Bergljót, Hrafnhildur, Herdís Dröfn og Valborg Elísabet.

þar en fékk svo upphringingu í sumar þar sem systurnar óskuðu eindregið eftir að koma með hann hingað. Þannig bætist hann í búningaflóru safnsins, sem er ríkuleg fyrir. Búningarnir eru allir í einum sal og þeir sem koma þangað ganga inn í kvennafans.“ gun@frettabladid.is



Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

Guðmundur Gauti Valdimarsson

Bröttuhlíð 10, Akureyri,

lést 13. ágúst. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afpakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Anna Lilja Valdimarsdóttir
Sigurður Valdimarsson

Guðmundur A. Stefánsson
Sigrún Björk Kristinsdóttir

og fjölskyldur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigurlaugur Guðmundsdóttir

Birkihlíð 14, Sauðárkróki.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki fyrir einstaka umönnun og hlýhug.

Guðmundur Frimannsson
Guðlaugur Guðmundsson
Guðný Erla Guðmundsdóttir
Brynjar Guðmundsson
Rúnar Guðmundsson
Sigurlaug Guðmundsdóttir
Elva Björk Guðmundsdóttir

Rakel Benediktsdóttir
Ásdís Adolfsdóttir
Guðrún Eggertsdóttir
Helgi Jóhann Sigurðsson
Gunnar Bragi Sveinsson

Fallegir legsteinar á góðu verði

Englasteinar

Helluhrauni 10 Hafnarfjarði

Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



50 ára afmæli

Þessi unga snót mun fylla 50. árið í dag, 22. ágúst.

Af því tilefni býður hún ættingjum og vinum til garðveislu hinn 25. ágúst að Heimahaga 9 á Selfossi, eftir klukkan 19.

Klæðnaður eftir veðri.

Kveðja, Ásdís Finns.



Stelpur við stýrið
Hinn árlegi kvennarúntur Fornbílafélagsins verður farinn í kvöld. Díljá Erna Eyjólfsdóttir tekur þátt.
BÍLAR 2



Eylandið Tóney
Á morgun verður opnuð Tóney, ný miðstöð fyrir tónlist, tónlistarkennslu og hreyfingu.
NÁM 5

allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmunum.

Allt að 90% afsláttur.

Erum í Dugguvogi 2 (innan við Slippfélagið)
S: 557 9510



Sófar, svefnsófar, rúm, rúmgaflar, sófaborð, stólar, borðstofuborð, eldhúsbord, eldhúsinnréttingar, garðhúsgögn, borðstofuhúsgögn og margt fleira.

5125050 Auglýsingasími



Signý hlakkar rosalega mikið til að byrja í skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stærðfræðin heillar

Signý María Gunnleifsdóttir er sex ára og byrjar í skóla í haust.

Signý er að fara í Varmárskóla í Mosfellsbæ og hún hlakkar mikið til. „Ég veit ekki alveg hvað ég er að fara að læra en samt hlakka ég rosalega til þegar ég byrja að læra,“ segir Signý spennt. „Mig langar eiginlega bara mest að læra stærðfæði og svona. Ég kann smá að lesa og ætla líka að læra það. Kannski líka ensku og svoleiðis. Ég veit ekki hvort við fáum að leika okkur eitthvað en ég held það,“ bætir hún við.

Sandra stóra systir Signýjar var líka í Varmárskóla en kláraði hann síðasta vor og er núna að fara í gagnfræðaskóla. „Hún er búin að segja mér dálítið frá skólanum en ég man ekkert eftir því,“ segir Signý.

Signý býst við því að einhverjir af krökkunum sem voru með henni í leikskóla verði líka með henni í skólanum. „Kannski Máni og ég held allavega Grétar og líka Birta og Rebekka. Það er samt ekkert rosalega

langt síðan ég hætti í leikskólanum, kannski svona eitt ár,“ segir hún.

Signý er ekki búin að fá skólatösku en hún segist vera að fara að kaupa hana í dag. „Mig langar í bleika tösku sem maður hefur á bakinu og svo er svona hliðar sem maður getur tekið af og hún getur verið fyrir framan. Mig langar líka í pennaveski eins og Sandra fékk. Það var svona hreindýr og hægt að opna svona munninn og setja strokleður ofan í.“

Það verður nóg að gera hjá Signýju í vetur því auk þess að vera í skólanum ætlar hún að æfa íþróttir af kappi. „Ég var í fótbolta einhvern tímann og svo hætti ég og nú eru fimleikarnir bara hættir út af sumarfríinu. Mér finnst gaman í fimleikum og ég ætla að byrja aftur þegar ég fer í skólann. Þegar ég verð stór langar mig svo að verða eins og pabbi, bara fótboltastelpa svo ég ætla líka að halda áfram í fótbolta. Ég er sko að æfa mig í marki eins og pabbi.“

emilia@frettabladid.is

Námskeið eru að hefjast

ítalska • spænska • enska • franska • þýska
danska • japanska • portúgalska

MÁLASKÓLINN
LINGVA

Oddi Háskóli Íslands • s. 561 0315 • lingva@lingva.is
www.lingva.is • gsm. 661 7163

Skráning er hafin á
www.lingva.is

Gildir sem

5.000 kr.

inneign á
haustnámskeið 2007



Deals on wheels



www.carmax.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.

Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi

Sími: 567 7360 · www.bfo.is



Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leiðið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Rafmagnstaliur

DEMAG

Kæðjutaliur og víratáliur
Aflið nánari upplýsinga hjá
sölumönnum.



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Demants ...

... kjarnaborar: 42 - 400 mm
... slípibollar: 125 og 180 mm
... sagarblöð: 125 - 800 mm
Gæði og gott verð.



ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is



Diljá Erna Eyjólfsdóttir ætlar á Firebirdinum á rúntinn í kvöld með hinum stelpunum í Fornbílaklúbbi Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stelpurnar verða við stýrið í kvöld

Í kvöld verður farinn kvennarúntur Fornbílaklúbbs Íslands, þar sem stelpurnar verða undir stýri.

„Ég og maðurinn minn eigum fjórtán fornbíla og þar af eru sex gangfærir. Maðurinn minn hefur alla tíð verið mikill bílaáhugamaður en ég dróst inn í þetta fyrir um sjö árum síðan og fór þá að vera virk í Fornbílaklúbbi Íslands,“ segir Diljá Erna Eyjólfsdóttir, sem tekur þátt í kvennarúnti Fornbílaklúbbs Íslands í kvöld.

Þetta er annað árið í röð sem kvennarúnturinn er farinn og segist Diljá sjá aukinn áhuga

kvenna á fornbílum. „Þetta er mjög fjölskylduvænn og skemmtilegur félagsskapur. Flestir meðlimir Fornbílaklúbbsins eru karlmenn en með þeim koma margar konur inn og áhuginn virðist vera að aukast meðal þeirra,“ segir Diljá.

Dags daglega ekur Diljá um á nýlegum Chevrolet en í kvöld ætlar hún að spóka sig á Firebird '68 módeli sem bættist við flotann í sumar. „Við erum mikið á fornþílunum á sumrin og þá sérstaklega maðurinn minn. Þá förum jafnvel í ferðalög á einhverjum fornþílum út á land enda stendur klúbburinn fyrir fjölmörgum uppákomum árlega,“ segir Diljá.

Meðlimir eru um sjö hundruð og

í ár fagnar klúbburinn þrjátíu ára afmæli, meðal annars með byggingu safnahúss í Elliðaárdal.

Á kvennarúntinum eru stelpurnar að sjálfsögðu undir stýri að sögn Diljáar en strákarnir fá þó að fylgja með. Hefð samkvæmt endar síðan rúnturinn á að strákarnir bjóða spúsum sínum í kaffi.

Fyrsti kvennarúnturinn var að sögn Diljáar vel heppnaður og í kvöld vonast hún til þess að tuttugu til þrjátíu stelpur mæti undir stýri.

Mæting á rúntinn er kl. 20.30 í Árbæjarsafninu, en þaðan verður rúntað um borgina til kl. 21.30.

Nánari upplýsingar má sjá á: www.fornbill.is rh@frettabladid.is

Topdrive.is



98.997 -

Smiðjuvellir 3, Reykjanesbær 422-7722

VISA Lán

Samstaða um örugga umferð

Samstaða var upphaflega stofnuð til að stuðla að öryggi á Reykjanesbraut. Samtökin hafa vaxið mikið og berjast nú fyrir umferðaröryggi um land allt.

Upphaflega voru grasrótarsamtökin Samstaða stofnuð til að stuðla að umferðaröryggi á Reykjanesbraut.

Samstaða íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila varð til þess að framkvæmdir hófust við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var.

Nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreind.

Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004. Í dag lifa samtökin góðu lífi og stuðla að umferðaröryggi um land allt. Markmiðin eru að



Kúagerði á Keflavíkurvegnum var áður mikil slysagilda.

gera alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007.

Samtökin voru tilnefnd til Forvarnarverðlauna Íslands 2007 og hægt er að skrá sig í samtökin bæði sem einstakling og baráttuhópa.

http://fib.is/samstada

- rh



Volkswagen Tiguan-jeppinn hefur verið kallaður litli bróðir Touareg-jeppans. Bíllinn verður kynntur á bílasýningunni í Frankfurt á næstunni.

Sölumet slegin

VW slær sölumet sjöunda mánuðinn í röð.

Sala hefur aukist mikið á fyrstu sjö mánuðum ársins hjá Volkswagen-samstæðunni. Sett var sölumet í júlí þegar seldust 522 þúsund bílar, sem er 10,2% söluaukning miðað við sama mánuð í fyrra. Þetta var jafnframt sjöundi mánuðurinn í röð sem sölumet var slegið. Fyrstu sjö mánuðina seldi Volkswagen-samstæðan 3,61 milljón bíla úti um allan heim sem er 8,1 prósentí meiri sala en fyrir sama tímabil í fyrra.

Von er á nýjum gerðum frá framleiðandanum sem kynntar verða á bílasýningunni í Frankfurt í næsta mánuði. Þar á meðal er nýi Volkswagen-jeppinn Tiguan en talað hefur verið um

þann bíl sem litla bróðir Touareg-jeppans.

Í Evrópu jókst salan fyrstu sjö mánuðina um 3,7%, fór í 2,17 milljónir bíla. 22,5% aukning varð í sölu fyrstu sjö mánuðina í Asíu og Kyrrahafslöndunum og nam salan 591 þúsund bílum. Þá jókst salan um 28,7% í Suður-Ameríku og um 2,1% í Norður-Ameríku. Volkswagen var söluhæsta gerð samstæðunnar með 2,11 milljón bíla sölu fyrstu sjö mánuðina, sem er 7,9% aukning milli ára. Söluaukning Audi var 9,7% á sama tímabili en enn meiri varð hún hjá Skoda, 13,3%. Mestu söluaukningu í sögu samstæðunnar skilaði þó Bentley með 23% aukningu á tímabilinu en að baki því hlutfalli stendur sala á 6.500 bílum, og Lamborghini með 24% aukningu með sölu á 1.400 bílum.



Sala hefur aukist mikið á fyrstu sjö mánuðum ársins hjá Volkswagen-samstæðunni.

Bílahönnuðir í draggi

Til þess að komast nær þörfum kvenna voru karlkyns hönnuðir nýs jeppa frá General Motors látnir klæðast kvenmannsfötum.

Hugmyndina að þessu uppátæki fékk Mary Sipes, sem hefur yfirumsjón með hönnun nýrra bifreiða hjá General Motors.

Sipes reiknaðist það til að þar sem fimmtíu prósent kaupenda væru kvenkyns væri kannski ekki úr vegi að hönnuðir bílanna, sem í ríkjandi meirihluta eru karlkyns, fengju aðeins að kynnast „kvenlegri fötlun“ eins og hún orðiði það. Í kjölfarið voru líndar langar gervineglur á hönnuðina og þeir látnir klæðast háum hælum og þröngum pílsum.

Ukoman úr tilrauninni fólst í að minnsta kosti þremur nýjungum í hönnun nýrrar jeppalínu GM sem annars hefðu aldrei litið dagsins ljós:



Þess ástralska herradama hefði eflaust átt í töluverðum vanda með að stíga upp í jeppa.

Auðveldari inngangur í bílstjóra- og farþegasæti, stærra miðrými þar sem hægt er að koma fyrir handtösku og afturdyr sem auðveldara er að opna.

margret@frettabladid.is



Skemmtileg nýjung er í boði á Facebook.

Bílasala á Facebook

NETSAMFÉLAGIÐ ANDLITSBÓK BÝÐUR BÍLANA VELKOMNA Á SÍÐUR EIGENDA.

Andlitsbók, eða Facebook eins og netsamfélagið vinsæla heitir á frummálinu, er komin með skemmtilega nýjung.

Notendur, sem eru nú að sögn forsvarsmanna um 34 milljónir, geta nú fengið svæði fyrir bílinn sinn og búið til draumabílskúrinn. Næsta skref er gagnvirk þjónusta sem gerir notendum kleift að kaupa og selja bíla í gegnum netsamfélagið. Síðan er aldrei að vita nema bílarnir laði að nýja vini eða einhvern af gagnstæða kyninu.

Sjá nánar: www.facebook.com

-rh



Umferðarþunginn er oft mikill á höfuðborgarsvæðinu.

Í ökutíma eftir próf

Í SUMUM TILFELNUM ER EKKI VITLAUST AÐ TAKA NOKKRA ÖKUTÍMA ÞÓ AÐ BÍLPRÓFI HAFI VERIÐ NÁÐ.

Mörgum sem flytja af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið finnst svoltið erfitt að venjast umferðinni í höfuðborginni þó að þeir séu kannski alvanir akstri í minni bæjum og úti á þjóðvegum.

Þó að langflestir séu frekar fljótir að komast upp á lagið með að keyra í umferðarþunganum getur það tekið lengri tíma hjá öðrum og ef öryggið er lítið má alveg skoða það að taka nokkra tíma hjá ökukennara í höfuðborginni. Margir ökukennarar eru tilbúnir að taka fólk í einn eða tvo tíma en í sumum tilfellum getur það verið nóg til þess að öðlast fullkomið öryggi í umferðinni.

- eð

Grillgrindur TILBOÐ

Á margar gerðir jeppa!

Grillgrindur úr ryðfríu stáli með festingum fyrir ljóskastara kr. 49.900

Bílgæð	Bílgæð
Chevrolet 1500	Nissan Patrol 98-
Dodge Ram 2500	Nissan Terrano 00-
Ford F250-550	Nissan X-Trail 04-
Grand Cherokee 05-	SsangYoung Musso sport 04-
Honda CRV 05-	Toyota Hiace 97-
Hyundai Santa Fe 06-	Toyota Hilux 02-
Isuzu D-Max 03-	Toyota Hilux 05-
Kia Sorento 03-	Toyota LC100
Lexus RX300 02-	Toyota LC120
MMC Pajero 03-	Toyota LC90
Navara 05-	Toyota Rav4 06-
Nissan Murano 03-	VW Touareg 04-
Nissan Pathfinder 05-	

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

NOTUÐ TÆKI

Volvo FM12
árg. 2001 ekinn 263,000 km

JCB Teletruk
árg. 2006 v.st. 960

Terex Gladiator 3007
skotbómul. árg. 06 v.st. 465

Iveco Trakker
árg. 2005 ekinn 100.000 km

Volvo FM7
árg.2000 Ekinn 195.000 km.

Mercedes Benz Atego
árg. 2001 ekinn 293,000 km

Renault Master
árg 2001 ekinn 136,000 km.

JCB JC330LC
beltgrafa árg. 2003 v.st. 10100

VELAVER
Sími 588 2600
www.velaver.is



Barcelona

í 15 ár hjá Heimsferðum

frá kr. 19.990

Heimsferðir hafa boðið beint leiguflug til Barcelona undanfarin 15 ár. Í haust og á næsta ári verðum við með tvö flug í viku til Barcelona og m.a. beint morguflug næsta vor. Þessi einstaka borg býður allt það sem maður óskar sér í borgarferð. Góð hótél í boði. Sérpöntum miða á leiki með Barcelona og Espanol ef óskað er.



Borgin sem allir elska!

- Frábært að versla
- lðandi mannlíf
- Fjörugt næturlíf
- Fjölskrúðugt menningarlíf
- Áhugaverðar kynnisferðir með íslenskum fararstjórum
- FC Barcelona - spænski boltinn

BÓKAÐU NÚNA!

Frá 19.990 kr.

Flugsæti báðar leiðir með sköttum
1.-4. okt., 8.-11. okt., 15.-18. okt., 21.-25. okt.,
28. okt. - 1. nóv., 5.-8. nóv., 12.-15. nóv.,
19.-22. nóv., 10.-13. mars, 24.-28. mars.,
31. mars - 3. apríl, 7.-10. apríl, 14-17. apríl.,
21-24. apríl, 28. apríl - 1. maí., 5-8. maí.
Netverð á mann.

Frá 34.990 kr.

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á
Hotel Atlantis með morgunmat 5. nóv.,
12. nóv. eða 19. nóv.



Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

NÝTT

ENSKI BOLTINN

ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOGGA

www.visir.is/enski

Í SAMSTARFI VIÐ

SÝN2

visir.is



Napolí. Hættulegasta borg Ítalíu.

Gaf skít í alla áætlun

Viktor Pétur Hannesson ferðaðist aleinn um Evrópu í sumar og tók yfir 3.000 ljósmyndir af því sem fyrir augu bar. Hann sýnir nú úrval myndanna á Öldunni á Seyðisfirði og mun opna sýningu í Gallerí Tukt í Reykjavík 1. september.

„Ég kom við í yfir tíu löndum í allt og stoppaði mislengi. Ferðin var mjög fin en best var nú samt að koma heim,“ segir Viktor Pétur



Viktor Pétur kom meðal annars við í Fenejum.

þegar hann er rukkaður um ferða-sögu. „Þetta byrjaði með því að ég flaug til London með fjölskyldunni um síðustu páska. Við leigðum okkur húsbát sem við sigldum á í Suður-Englandi í eina viku. Dvöldum eina helgi í London og þá fóru þau heim en ég hélt til Glasgow og skoðaði nokkra staði bæði í Skotlandi og Englandi áður en ég fór til Frakklands. Þar var ég í tvær vikur og fór þaðan til Sviss. Það æsilegasta sem ég upplifði þar var að hoppa í bandi niður í 80 metra djúpt gil, svipað teygjustökki. Rölti þarna um fjöllin og fór svo til Ítalíu og þaðan til Slóveníu með smá viðkomu í Austurríki. Ungverjaland var næst, svo Pólland, Tékkland, Þýskaland, Danmörk og Svíþjóð. Endaði á Hróarskelduhátíð í Danmörku hundblautur og ógeðslegur. Það var eiginlega mesta þrekraunin af þessu öllu.“

Í Interrail-ferðum eins og þeirri sem Viktor Pétur var í felst aðgangur að lestum en annað þarf ferðalangurinn að sjá um sjálfur. „Áður en ég fór planaði ég alla ferðina en endaði svo á að gefa skít í alla áætlun og gerði bara það sem ég vildi. Sýningin mín heitir líka Ferðaáætlun í staðinn fyrir ferðaáætlun! Ég hóf ferðina það snemma vors að háannatími í ferðaðþjónustunni var ekki kominn og því gekk mér vel að útvega gistingu á hverjum stað.“

Best þótti Viktori að stoppa í Búdapest. „Þar gleymdi ég að ég væri að ferðast,“ segir hann



Viktor Pétur tók eina sjálfsmýnd á hverjum degi. Undir þessari stendur: 13. júní. Dagur 66. Navštivení Panny Marie, Olomouc, Tékklandi. MYND/VIKTOR PÉTUR

hlæjandi. „Fór í bíó í fyrsta skipti í tvo mánuði og var að pæla í að kaupa mér tölvu. Búdapest er yndisleg borg, ódýr, falleg og fólkið frábært. Dolomítafjöllin á Ítalíu standa líka upp úr. Þau eru einstök, gamlir kóralar, marmarahvít og þegar sólin sest bak við þau verða þau purpurarauð. Þar bjó ég í viku hjá vinkonu pabba í góðu yfirlæti.“ Þótt Viktor Pétur væri einn á ferð kveðst hann hafa hitt marga ágætt fólk á leið sinni. „Nú er ég farinn að fá póst með fyrirspurnum um verð og þjónustu á Íslandi. Veist þú eitthvað hvað þrjár vikur á Íslandi mundu kosta?“

gun@frettabladid.is

Mosfellingar fagna í túninu heima

ÁRLEG HÁTÍÐ MOSFELLSBÆJAR SEM NEFNIST Í TÚNINU HEIMA HEFT Á MORGUN.

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar „Í túninu heima“ er nú haldin í þriðja sinn og hefst á morgun, 23. ágúst. Hátíðin er sérlega vegleg í ár enda fagnaði bærinn 20 ára afmæli hinn 9. ágúst.

Setning dagskrárinnar verður klukkan 20 á morgun, þar sem Ragnheiður Ríkhardsdóttir bæjarstjóri og Karl Tómasson, forseti bæjarstjórnar, ávarpa gesti.

Heiðursborgari Mosfellsbæjar verður heiðraður og síðan er dagskrá í Ullarnesbrekkum með varðeldi, eldblestri, stomp og brekkusöng. Einnig verða útítonleikar á íþróttavellinum að Varmá klukkan hálf níu þar sem Gildran, sem er úr Mosfellsbæ, leikur ásamt Stuðmönnum.

Meðal dagskrárliða á föstudag er ljósmyndasýningin Mosfellingar samtímans í Listasalnum í Kjarna og listflug yfir íþróttasvæðinu kl. 19.45.

Á laugardegnum skipuleggur Mannræktin Atorka hringhlaup á fellin fjögur auk þess sem útimarkaður verður bæði í Álafosskvosinni og í Mosfellsdal. Þar er einnig þýskt stærðfræðisafn sem verður opnað almenningi og Raggi Bjarna tekur lagið.

Sérstök afmælisdagskrá verður að Gljúfrasteini og



kvöldinu lýkur með stórdansleik í Hlégarði þar sem Gildran leikur fyrir dansi.

Á sunnudag verður meistaramót öldunga í frjálsum íþróttum ásamt sýningu á fornbílum, leiklistaratriðum og tónlist frá Sprengjuhöllinni.

Nánari upplýsingar er að finna á: www.mosfellsbaer.is

- rh



Guðni Franzson
hefur stofnað
miðstöð fyrir
tónlist, tón-
listarkennslu
og hreyfingu
að Síðumúla.
Hún ber heitið
Tóney.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eylandið Tóney

Á morgun verður Tóney opnuð opinberlega, ný miðstöð fyrir tónlist, tónlistarkennslu og hreyfingu. Guðni Franzson og Lára Stefánsdóttir standa að framkvæmdinni en hugmyndin á sér margra ára aðdraganda.

„Á Tóney bjóðum við upp á fjölbreytt námskeið í tónlist og þjálfun í líkamsræktarkerfi Pilates. Auk þess þjónum við skólum, borg og byggð með tónlistarkennslu af ýmsu tagi,“ segir Guðni Franzson tónlistarmaður. Guðni hefur umsjón með tónlistarhluta Tóneyjar en Lára Stefánsdóttir, danshöfundur og Pilates-kennari, sér um kennslu í Pilates. Þau tvö anna þó ekki allri kennslu og útgerð sem Tóney stendur fyrir og hafa því fengið til liðs við sig sterkan hóp fólks sem er vel þekkt í tónlist og dansi, hér heima og í útlöndum.

Tónlistarskóli Tóneyjar er frábrugðinn öðrum tónskólum að mörgu leyti. Hver önn er 10 vikur, kennsla er ætluð fólki á aldrinum 2 til 102 ára og eiga flestar tónlistarstefnur þar sinn samastað. Námið er ekki niðurneglt frá upphafi heldur er reynt að sníða það að þörfum nemenda og tekið mið af opinberri námskrá þar sem hún á við en einnig boðið upp á aðrar leiðir. Auk þess er kennslan ekki bundin við staðsetningu Tóneyjar að Síðumúla 8, heldur sinnir miðstöðin þeim stöðum sem þurfa á tónlistarkennslu að halda. „Útlit

er fyrir að við tökum að okkur tónmenntakennslu í þremur grunn-skólum Reykjavíkur. Þá setjum við saman teymi kennara og röð verkefna sem mynda ákveðna heild en hafa hvert sitt upphaf og endi. Hver kennari er þá með hópinn, allt frá einni upp í fimm vikur, og vinnur að sérstæðum þætti. Þannig nýtist styrkur hvers kennara á hans sviði og saman mynda þeir góða heild,“ segir Guðni og bætir við að á Tóney sé verið að útbúa álíka plan fyrir leikskóla og draumurinn sé að tengjast einnig framhaldsskólunum. „Tóney er eyland þar sem stunduð er útgerð í tónlist. Við bjóðum jafnvel upp á farandkennara sem sækja landsbyggðina heim og leggja upp námsefni við tónlistarskóla, auk þess sem við bjóðjum upp á námskeið fyrir starfandi tónlistarfólk sem vill til dæmis bæta við sig þekkingu í tölvuforritum eins og Sibelius, Pro Tools og fleiru.“ Kennararnir eru langflestir starfandi tónlistarmenn, bæði innlendir og erlendir. „Námið er ekki aðeins sniðið að þörfum nemandans heldur einnig kennarans. Margt starfandi tónlistarfólk hefur áhuga og vilja til að kenna en treystir sér ekki til heilsárskennslu. Við gefum fólki því tækifæri á að miðla í styttri tímabilum,“ segir Guðni. Með þessum hætti fær Tóney til liðs við sig kennara sem eru virkir tónsmiðir, hljóðfæraleikarar eða söngvarar en allir eiga þeir langskólanám að baki og búa yfir mikilli reynslu.

kristineva@frettabladid.is



Nú er hægt að fá níu mánaða áskrift hjá Ordabok.is, sem hentar námsmönnum vel.

Ný tegund áskriftar

NÍU MÁNAÐA ÁSKRIFT Í TAKT VIÐ LENGÐ NÁMSÁRSINS.

Nýjasti áskriftarmöguleikinn hjá Ordabok.is er níu mánaða áskrift sem sniðin er að þörfum nemenda sem ekki þurfa á orðabókinni að halda allt árið. Til að fullnýta þessa áskrift er hentugast að stofna hana í byrjun skólaárs. Sé hún stofnuð í ágúst mun áskriftarkerfið sjálfkrafa bæta við 30 dögum svo hún endist út skólaárið. Áskriftin kostar 1.990 krónur.

Vefurinn www.ordabok.is er ensk-íslensk og íslensk-ensk orðabók sem hægt er að gerast áskrifandi að og nota til uppflettingar. Hugbúnaði eða orðaskrá er þó ekki hlaðið inn á tölvu hvers og eins heldur er flett upp í gegnum vefsíðu, sem er þægileg í notkun. Áður en ákveðið er að taka áskrift er hverjum og einum frjálst að taka reynsluáskrift í 15 daga án endurgjalds. - kep

innritun hafin

velkomin í förið

BYRJUM AFTUR
10. SEPTEMBER
2007!

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

★Tónlist og hreyfing ★Leiklist
★Tónlistarleikhús ★Breakdans
★Afró ★HipHop/Krump ★Sirkus NYTT
★Funk Jass
★Dans ★Flamenco fyrir mæðgur NYTT
★Quikmelt NYTT

KRAM
HÚSIÐ

www.kramhusid.is
551 5103 & 551 7860



VIÐ BJÓÐUM
UPP Í DANS

Mambó
Tjútt
Freestyle
„Þetta byrjaði þannig að ég fylgdi liðinu eftir heilan dag fyrir leikinn gegn Serbíu fyrir Kastljós Sjónvarpsins. Ég er sjálf engin áhugamanneskja um fótbolta en það er ekki annað hægt en að hrifast af þeim ótrúlega árangri sem þær hafa náð. Baráttan í mannskapnum er ótrúleg enda flottar stelpur sem skapa fjölbreytilegt lið. Þetta er í raun hið fullkomna drama því þær hafa óbiliandi trú á því að þær komist á EM. Hvort sem það tekst eða ekki ætla ég að fylgjast með þeim,“ sagði Þóra. Aðspurð

segir hún að verkefni standi ekki eða falli með þátttöku Íslands í sjálfri úrslitakeppninni. „Það er algjört aukaatriði. Aðalmálið er stelpurnar sjálfar.“

Ætlunin er að sýna myndina í kvikmyndahúsum landsins en það er ekki ódyrt verkefni að búa til heila kvikmynd. „Sem betur fer vita fleiri en ég hvað landsliðinu hefur gengið vel og mun ganga vel í framtíðinni. Stór íslensk fyrirtæki eru tilbúin að veðja á þetta og nú þegar hafa nokkur þeirra samþykkt að styrkja okkur. Þetta er þó alls ekki í hófn en miðað við hvað stuttur tími er

liðinn erum við komin mjög langt á leið,“ sagði Þóra og bætti við að hún myndi líka sækja um styrk úr kvikmyndasjóði.

Hún fer með liðinu til Slóveníu en það er hluti af undirbúningi verkefnisins. Tökur hefjast svo á næsta ári. Hrafnhildur Gunnarsdóttir er framleiðandi myndarinnar og eins og er starfa þær tvær að verkefninu.

„Ég ætla að gera mynd um þessar hetjur. Það vantar fyrirmyndir fyrir íslenskar fótbolta-stelpur. Þær geta ekki endalaust verið að bera sig saman við Eið Smára og Beckham. Við erum með fyrirmyndirnar og þurfum að gera þær sýnilegri fyrir fótboltastelpurnar.“



FIARRI GÓÐU GAMNI Eiður Smári Guðjohnsen.
NORDICPHOTOS/AFP

Íslenska karlalandsliðið:

Ekki unnið án Eiðs í sex ár

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið hefur ekki unnið í síðustu sextán leikjum sem liðið hefur verið án landsliðsfyrirliðans Eiðs Smára Guðjohnsen en hann missir af landsleiknum við Kanada í kvöld vegna meiðsla á hné.

Síðasti landsleikur sem Ísland vann án Eiðs Smára var gegn Indlandi á Indlandsmótnu í ársbyrjun 2001. Ísland mætti þá heimamönnum í Cochín 13. janúar og vann 3-0 þökk sé þrennu frá Tryggva Guðmundssyni en tvö þeirra komu eftir sendingar frá Guðmundi Benediktssyni.

Þeir eru báðir á fullu með FH og Val í Landsbankadeildinni en eru báðir fjarri góðu gamni í leiknum í kvöld. Síðan þá hefur íslenska liðið spilað 16 leiki án Eiðs, tapað 9 og gert 7 jafntefli en markatalan er 7-30.

- óó

B-deild Evrópukeppninnar:

Rannikko heitur í Austurríki

KÖRFUBOLTI Finnar, sem mæta Íslendingum á laugardaginn, unnu sannfærandi 24 stiga útisigur á Austurríki, 87-63, í b-deild Evrópukeppninnar í gær.

Bakvörðurinn Teemu Rannikko sem spilar með BC Himki í Rússlandi átti stórleik, skoraði 29 stig og hitti úr 10 af 13 skotum sínum þar af 5 af 7 þriggja stiga skotum. Finnar skoruðu ellefu þrista í leiknum og voru með frumkvæðið allan tímann.

Ísland tapaði 85-64 í Austurríki síðasta haust og það biður því greinilega erfiður leikur í Helsinki á laugardaginn.

- óó

Dregið í Evrópukeppnum:

HK til Ítalíu

HANDBOLTI HK mætir ítalska liðinu Conversano í 2. umferð EHF-bikarkeppninnar en dregið var í Evrópukeppnum í Vínarborg í gær. Fyrri leikurinn verður hér á landi og fer fram í lok september.

Ef Valur tapar sínum leik í forkeppni Meistaradeildar Evrópu fer liðið í EHF-keppnina og mætir þar liði frá Búlgaríu.

Þá var einnig dregið í 2. umferð Evrópukeppni bikarhafa og ef Stjarnan vinnur TENAX Dobelet frá Lettlandi mætir það HC Bydiveltnik Brovary frá Úkraínu í annarri umferð.

- esá

Viljum standa okkur fyrir þjóðina

Ísland mætir Kanada í fyrsta og væntanlega eina æfingaleik íslenska landsliðsins í knattspyrnu á árinu.

Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari segir það mikilvægt að sýna að menn vilji standa sig fyrir land og þjóð.

FÓTBOLTI Ísland mætir í kvöld Kanada í vináttulandsleik á Laugardalsvelli. Leikurinn hefst klukkan 18.05 og er ekki í beinni sjónvarpsútsendingu. Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari sagði á blaðamannafundi í gær að undirbúningur liðsins fyrir leikinn hafi verið stuttur og snarpur.

„Við höfum farið vel yfir þá hluti sem við ætlum að prófa og stappað stálið í okkar mannskap,“ sagði hann en liðið hefur ekki átt góðu gengi að fagna í síðustu leikjum sínum. Liðið hefur reyndar ekki unnið leik í tæpt ár, síðan það vann Norður-Írland í Belfast þann 2. september. Síðan þá hefur liðið ekki leikið neinn æfingaleik og KSÍ fengið talsverða gagnrýni fyrir. Leikurinn gegn Kanada er því kærkominn.

„Það eru spennandi verkefni framundan í haust en hvað þennan leik varðar rennum við svolítið blint í sjóinn. Liðið er með nýjan þjálfara og vitum við að það er skipað leikmönnum sem leika víða í Evrópu. Það sem liggur þó fyrir er að einbeita okkur að eigin leik og beita nýrri leikaðferð sem við ætlum að þróa áfram,“ sagði Eyjólfur. Hann reiknar með að flestir í íslenska landsliðshópnum fái að spreyta sig í leiknum.

Eiður Smári Guðjohnsen verður ekki með vegna meiðsla en Eyjólfur segir að það eigi ekki að hafa mikil áhrif. „Það mikilvægasta er að liðið sé þétt og bæði sæki og verjist af krafti. Við verðum að vera með samhent lið, ekki ellefu

einstaklinga sem allir ætla að klára leikinn upp á eigin spýtur.“

Næsti leikur Íslands í undankeppni EM verður gegn Spánverjum á heimavelli. Síðast þegar liðin mættust unnu Spánverjar 1-0 með síðbúnu marki.

„Þessi leikur mun nýtast sem undirbúningur fyrir Spánarleikinn að því leyti að við ætlum að verjast með fimm menn á miðjunni. Spánverjar voru mikið að spila sig í gegnum miðjuna okkar og það varð okkur að falli. Við ætlum því að þetta hana vel svo það endurtaki sig ekki.“

Hermann Hreiðarsson verður fyrirliði í fjarveru Eiðs Smára og hlakkar til verkefnisins. „Það er kominn tími til að breyta hugarfarinu og umræðunni um landsliðið. Þetta er frábært tækifæri til að snúa þessu ferli við og fá smá sjálfstraust í liðið. Við höfum legið undir höggi en við höfum fulla trú á okkur og viljum sýna hvað í okkur býr.“

Eyjólfur tók undir þetta og sagði mikilvægt að leikmenn spiluðu með þjóðarstolti í huga. „Við erum allir Íslendingar og erum stoltir af því. Við viljum standa okkur fyrir þjóðina en það er það sem skiptir máli. Við verðum að sýna að menn eru tilbúnir að leggja sig fram fyrir sína þjóð.“

eirikur@frettabladid.is

HEMMI FYRIRLIÐI

Hermann Hreiðarsson verður fyrirliði í dag, rétt eins og fyrir ári síðan í leiknum gegn Spáni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Helgi Sigurðsson, markahæsti leikmaður Landsbankadeildar karla í sumar:

Helgi er sjóðheitur á Laugardalsvelli

FÓTBOLTI Valsmaðurinn Helgi Sigurðsson er markahæsti leikmaður Landsbankadeildar karla með 11 mörk í fyrstu 13 umferðunum. Þegar markaskorun hans í sumar er skoðuð nánar kemur í ljós að það er einkum á Laugardalsvelli sem hann er að raða inn mörkum.

Helgi er búinn að skora 9 af 11 mörkum sínum á vellinum og það hafa liðið nákvæmlega 90 mínútur milli marka hjá honum í Laugardalnum í sumar. Helgi er hins vegar „aðeins“ búinn að skora 2 mörk í 6 leikjum á öðrum völlum og þar hafa liðið 280 mínútur á milli marka hjá honum. Það verður athyglisvert að fylgjast með hvað hann gerir fái hann að spreyta sig gegn Kanada á Laugardalsvelli í kvöld.

Það er ekkert nýtt að Helgi kunni vel við sig á vellinum því það má sjá bæði á árangri hans í efstu deild og í landsleikjum á þjóðarleikvanginum. Helgi hefur skorað 21 mark í 26 leikjum á Laugardalsvelli í efstu deild og hann skoraði sex af tíu mörkum sínum fyrir A-landsliðið á vellin-



RAÐAR INN MÖRKUM Helgi Sigurðsson hefur skorað 9 mörk í Laugardalnum í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

um. Helgi skoraði ennfreður 8 af 13 mörkum sínum í 1. deildinni í fyrra á Laugardalsvelli.

Helgi skoraði meðal annars þrennu fyrir A-landsliðið á vellin-

um í 5-0 sigri á Möltu í vináttulandsleik 27. júlí 2000 en það hafa aðeins tveir leikmenn náð að skora þrennu fyrir landsliðið í Laugardalnum, Helgi og svo

HELGI SIG. Í SUMAR

Á Laugardalsvelli

Leikir spilaðir	9
Mínútur inn á vellinum	810
Mörk skoruð	9
Mín milli marka	90,0

Á öðrum völlum


Leikir spilaðir	6
Mínútur inn á vellinum	561
Mörk skoruð	2
Mín milli marka	280,5

Arnór Guðjohnsen sem skoraði fjögur mörk gegn Tyrkjum 17. júlí 1991.

Í næsta landsleik á eftir skoraði Helgi sigurmark gegn Svíum eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Síðasta landsliðs-mark Helga á vellinum skoraði hann í 2-1 sigri á Færeyjum 7. júní 2003 sem var einmitt í síðasta sinn sem hann var í byrjunarliði Íslands á þjóðarleikvanginum. Helgi hefur alls spilað 24 landsleiki á Laugardalsvelli en aðeins byrjað inn á í tíu þeirra.

- óó

SKEMMTILEGRA SJÓNVARP



REIKNADU ÞINN AFSLÁTT ÚT Á VISIR.IS



Sjáðu meira... fyrir minna

1 stöð
valin **M12**

5% afsláttur

2 stöðvar
valdar **M12**
SILFUR

20% afsláttur

3 stöðvar
valdar **M12**
GULL

25% afsláttur

4 stöðvar
valdar **M12**
PLATINUM

30% afsláttur

Dæmi: Þú hefur valið tvær áskriftarstöðvar. M12 Silfur tryggir þér 20% afslátt.

- ☒ Stöð 2
- ☐ Sýn
- ☒ Sýn 2
- ☐ Fjölvarpið allur pakinn
 - ☐ Fjölvarpið skemmtun
 - ☐ Fjölvarpið sport
 - ☐ Fjölvarpið fræðsla
 - ☐ Fjölvarpið Evrópa

Stöðvar	Fullt verð	M12 Silfur	Afsláttur
Stöð 2	5.390 kr.	4.312 kr.	20%
Sýn 2	4.390 kr.	3.512 kr.	20%
Samtals	9.780 kr.	7.824 kr.	
Þú sparar 1.956 kr.			

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% aukaafslátt fyrsta mánuðinn.

Halda áfram

M12 er vildarkerfi sem tryggir áskrifendum betri kjör.
Afslátturinn eykst eftir því sem fleiri stöðvar eru valdar.



FERNA Olga Færseth í gæslu Blikans Gretu Mjallar Samúelsdóttur í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Olga Færseth, fyrirlíði KR:

Erum með flotta blöndu

FÓTBOLTI Olga Færseth hefur ekki skorað eins mikið og oft áður en hefur samt sjaldan verið betri.

„Ég er búin að spila feykivel í sumar og þó að allir hafi ekki séð það af því að þeir horfa of mikið á það að ég sé ekki að skora nógu mikið. Ég hef verið að spila mestan partinn af sumrinu á miðjunni og er að leggja upp fyrir félagana. Það er jafnmikilvægt og að skora,“ segir Olga sem átti einnig stórleik í 6-2 sigri KR á Blikum í deildinni á dögunum.

„Við erum með mjög samstillt lið, erum sterkar, fljótar og grimmar og það sem er að skapa þessa sigra hjá okkur er að við erum með flotta blöndu af ólíkum leikmönnum,“ segir Olga.

- óaj

Fjögur mörk frá Olgu í fyrri hálfleik

Það var nóg af mörkum í 7-3 sigri KR á Breiðabliki í undanúrslitaleik liðanna í VISA-bikar kvenna á Kópavogsvelli í gær. Byrjunin fór alveg með Blikaliðið en KR var komið í 2-0 eftir aðeins tíu mínútna leik.

FÓTBOLTI KR er komið í bikarúrslitaleik kvenna í annað skiptið á þremur árum eftir 7-3 sigur á Breiðabliki í Kópavogi í gær. Olga Færseth var sínum gömlu félögum erfið og það má segja að ferna hennar í fyrri hálfleik hafi gert út um leikinn.

Það tók KR-inga aðeins tvær mínútur og 15 sekúndur að komast yfir þegar Olga potaði boltanum inn á marklínuna eftir skalla Aliciu Wilson og hornsþyrnu Eddu Garðarsdóttir. Sjö mínútum síðar var Olga búin að skora aftur, nú úr vítaspyrnu eftir að Hólmfríður Magnúsdóttir hafði verið felld. Greta Mjöll Samúelsdóttir minnk-aði muninn þegar hún skoraði beint úr hornsþyrnu en það var skammgóður vermir því Olga átti eftir að bæta við tveimur mörkum fyrir hlé.

Það fyrra skoraði hún með því að lyfta boltanum yfir markvörðinn eftir skallasendingu Hrefnu Hildar Jóhannesdóttur inn fyrir vörnina og í því síðara var hún aftur mætt á markteiginn eftir hornsþyrnu og potaði boltanum inn eftir þvögu í vítateig Blika.

Olga hélt áfram í seinni hálfleik þegar hún átti frábæra sendingu inn fyrir á Hólmfríði Magnúsdóttur sem lyfti boltanum laglega yfir markvörð Blika og í markið. Hólmfríður bætti síðan við öðru marki með fallegu langskoti auk þess að eiga tvö sláarskot að auki. Sandra Sif Magnúsdóttir og Mette Olsen náðu að minnka muninn með mörkum á tveggja mínútna kafla en Katrín Ómarsdóttir náði engu að síður að koma einu marki inn á milli eftir fallega stoðsendingu Hólmfríðar.

Seinni hálfleikurinn var aðeins formsatriði en það vakti athygli að Jörundur Áki Sveinsson færði landsliðsmiðvörðinn, Guðrúnu Sólleyju Gunnarsdóttur, fram úr öftustu vörn alla leið upp í senterinn. „Þetta var búið í fyrri hálfleik. Við fáum á okkur mark eftir tvær mínútur og erum síðan komin 2-0 undir eftir tíu mínútur og þar með var okkar skipulag út um þúfur og leikurinn í rauninni búinn. Þessi byrjun drap okkur alveg,“ sagði Jörundur Áki Sveinsson og bætti við. „Olga var ban- eitruð og er í fanta formi sem og



FRÁBÆR Hólmfríður Magnúsdóttir var illviðráðanleg á vinstri vængnum í gær. Hér sólar hún Jill Mansfield einu sinni sem oft.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fríða sem mér finnst bara vera besti leikmaðurinn á landinu í dag. Það er alltaf hættu þegar hún er með boltann,“ sagði Jörundur Áki og átti þar við Hólmfríði Magnúsdóttur sem fór oft afar illa með

hægri bakverði Blikaliðsins í gær en þær voru nokkrar sem fengu að glíma við stelpuna án þess að verða mikið ágengt en hún skoraði tvö mörk og lagði upp önnur tvö.

ooj@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele gæði Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele



vilborga@centrum.is

Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

30%

AFSLÁTTUR

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514 1400sn/mín/5 kg	142.714	99.900
Þurrkari T7644C rakapéttir/6 kg	135.571	94.900

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

EIRVÍK

-hággæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík

Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Keflavík í úrslit bikarkeppni kvenna:

Frábært að komast í úrslitaleikinn

FÓTBOLTI Keflavík komst í gær í úrslit bikarkeppni kvenna í fyrsta sinn síðan 1991 er liðið tapaði fyrir ÍA í úrslitum. Keflavík hefur þó aldrei hampað titlinum og á erfitt verkefni fyrir höndum gegn KR í úrslitunum.

Keflavík vann í gær Fjölni á heimavelli sínum, 3-1. Donka Podovac og Vesna Smiljkovic skoruðu fyrstu tvö mörk Keflavíkur í fyrri hálfleik en bæði mörkin komu eftir hornsþyrnu.

Podovac skoraði sitt annað mark snemma í síðari hálfleik en Fjölnisstúlkur minnkuðu muninn skömmu síðar með marki Rúnu Sig Stefánsdóttur. Nær komust þær ekki og Keflavík fagnaði sigrinum.

„Við vorum meira með boltann í fyrri hálfleik og höfðum nokkuð góða stjórn á leiknum,“ sagði Lilja Íris Gunnarsdóttir, fyrirlíði Keflavíkur, eftir leik. „Þær lágu svo mikið á okkur í síðari hálfleik og þurftum við að hafa ansi mikið fyrir sigrinum.“

Keflavík fékk mikinn skell í síðasta leik er liðið tapaði 9-0 fyrir Val í deildinni. „Það munaði miklu að Björg Ásta Þórðardóttir var aftur með okkur í kvöld en við eru með lítinn hóp og hún er einn af okkar reyndari leikmönnum.“



Í ÚRSLITIN Lilja Íris Gunnarsdóttir, fyrirlíði Keflavíkur, skýlir boltanum fyrir Fanný Rögnu Gröndal.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Hún fagnar því vitanlega að Keflavík sé komið í úrslitin. „Það er auðvitað frábært og var kominn tími á að Keflavík kæmist aftur í þennan leik.“

Einn af lykilleikmönnum Keflavíkur, Guðný Petrína Þórðardóttir, hefur átt við meiðslu að stríða síðustu vikur en Lilja segir að hún stefni á að ná leiknum. „Hún stefnir ótraud á að ná sér góðri fyrir þennan leik.“

- esá

Bergur Ingi Pétursson sleggjukastari úr FH:

Bætti Íslandsmetið í fjórða sinn í ár

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Bergur Ingi Pétursson úr FH bætti í gær Íslandsmet sitt í sleggjukasti karla um 1,33 metra þegar hann kastaði sleggjunni 68,29 metra á 15. Coca Cola-móti FH í Kapla-krika.

Þetta er í fjórða sinn sem Bergur Ingi bætir metið á þessu ári, en gamla metið hans var 66,96 metrar frá Bikarkeppni FRÍ 11. ágúst síðastliðnum. Bergur Ingi kastaði tvisvar sinnum yfir gamla metinu í kvöld, en þetta er jafnframt met í flokki 21-22 ára, en Bergur Ingi er 22 ára á þessu ári.

Það féllu fleiri sleggjumet í



GOTT SUMAR Bergur Ingi Pétursson úr FH.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

gær því Kristbjörg Helga Ingvarsdóttir úr FH bætti Íslandsmetið í flokki 21-22 ára kvenna í sleggjukasti, en hún kastaði sleggjunni 49,40 metra.

- óaj

Íslensk hönnun

Taskan er hönnuð með tilliti til allra þeirra þátta sem iðjuþjálfar og heilsugæslur hafa bent á að þurfi að vera til staðar til að álag dreifist jafnt á líkama skólabarnsins. Auk þess er taskan vel búin endurskinsmerkjum, barninu til öryggis í skammdeginu.



MIMO



• 7.990.-
Stóri Mimo

• 7.990.-
Stóri Mimo

• 7.990.-
Stóri Mimo

• 6.990.-
Líti Mimo

• 6.990.-
Líti Mimo

• 6.990.-
Líti Mimo

FRÁBÆR VERÐ



**OPIÐ TIL
KL. 22.00 Í
SKEIFUNNI 17**
Nánari upplýsingar um
opunartíma á office1.is

• 59.-
stk.
Gormastilabók

• 198.-
Trélitir 12 í pakka

• 19.-
stk.
Fallbýantur 0.7

• FYLGIR*

• 2.990.-
Orðabók + málfræði

* Advanced Grammar in Use fylgir frítt með Cambridge Advanced Learner's Dictionary.

Office1 Superstore

OFFICE 1 styður hollustu og hreysti!

FISKUR ER HOLLUR FYRIR:

Við bjóðum viðskiptavinum okkar í Skeifunni 17 upp á frábæra fiskrétti frá Fiskisögu og drykki frá Víðilfelli á milli klukkan 14 og 16 í dag. Rannsóknir benda til þess að fiskur sé hollur fyrir heilann - svo er svo fljótlegt og gott að elda hann.

Fiskisaga

HEILANN HEILSUNA HEIMANÁMIÐ HEIMINN!!!

$$\begin{array}{r} 2 \\ + 2 \\ \hline 4 \end{array}$$

Berg
toppur
Coca-Cola
zero



Á LEIÐ TIL UNGVERJALANDS Jakob Sigurðarson yrði þriðji íslenski körfubolta- maðurinn til að leika í Ungverjalandi á eftir hjónunum Tómasi Holton og Önnu Björk Bjarnadóttir.

Ungverska liðið Kecskemeti:

Hafa ekki séð Jakob spila

KÖRFUBOLTI Ungverska liðið Kecskemeti hefur áhuga á íslenska landsliðsmanninum Jakobi Erni Sigurðarsyni sem hefur verið að leita sér að liði í haust.

Jakob hefur leikið á Spáni og í Þýskalandi eftir að hann kláraði háskólanám í Bandaríkjunum. Ungverjarnir eiga þó enn eftir að sjá Jakob spila.

„Þetta er í vinnslu. Þeir vildu fá hann í heimsókn en það er ekki hægt þar sem hann er á fullu með landsliðinu. Ég veit að þeir eru búnir að tala háskólaþjálfarann hans og hann var alveg sannfærður um að það myndi duga fyrir þá. Nú er bara spurning um hvort að þeir skrifi undir við hann án þess að sjá hann spila,” sagði Sigurður Hjörleifsson, umboðsmaður og faðir Jakobs.

„Jakob er spenntur og þetta lítur vel út. Ég er búinn að skoða þetta lið og þetta er mjög góður klúbbur,” segir Sigurður, sem er mjög bjartsýnn á að Jakob spili með liðinu. Kecskemeti varð í nýfunda sæti í ungversku deildinni síðasta tímabil en urðu bikarmeistarar 2006.

- óó

Góður tími fyrir íslenska landsliðið

A-landslið karla hefur verið ósigrandi í miðjum ágúst undanfarin tólf ár. Ísland hefur unnið átta af síðustu tíu landsleikjum sínum á þessum tíma og skorað 2,3 mörk að meðaltali í leik.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið í knattspyrnu kann vel við sig á þessum tíma ársins ef marka má úrslitin úr landsleikjum sem hafa farið fram í landsleikjahlénu um miðjan ágúst. Landsliðið mætir í kvöld Kanada í vináttulandsleik á Laugardalsvelli.

Íslenska landsliðið er taplaust og hefur unnið átta af síðustu tíu leikjum sínum frá 14. til 21. ágúst undanfarin tólf ár, eða síðan liðið

SÍÐUSTU TÍU LANDSLEIKIR UM MIÐJAN AGÚST:

2006 (15.8)	Spánn (h)	0-0 jafntefli
2005 (17.8)	Suður-Afríka (h)	4-1 sigur
2004 (18.8)	Ítalía (heima)	2-0 sigur
2002 (21.8)	Andorra (h)	3-0 sigur
2001 (15.8)	Pólland (h)	1-1 jafntefli
2000 (16.8)	Svíþjóð (h)	2-0 sigur
1999 (18.8)	Færeyjar (úti)	1-0 sigur
1998 (19.8)	Lettland (h)	4-1 sigur
1997 (20.8)	Liechtenst. (ú)	4-0 sigur
1996 (14.8)	Malta (h)	2-1 sigur



tapaði 0-2 fyrir Sviss í undankeppni EM 1995. Liðið hefur skorað 23 mörk gegn aðeins 5 og lagt að velli stórbjóðir á borð við Ítalíu og Svíþjóð.

Tveir eftirminnilegustu sigrar landsliðsins undanfarin ár komu einmitt á þessum tíma. Ísland lék við Svíþjóð á Laugardalsvelli

16. ágúst 2000 í leik sem tilheyrði Norðurlandamótinu sem fram fór af mestum hluta í ársbyrjun.

Ísland vann þá 2-1 sigur, sem var fyrsti sigur íslenska karlalandslíðsins á Svíum í 49 ár eða síðan Ríkharður Jónsson skoraði fernu í 4-3 sigri á Melavellinum 1951. Svíar komust

SKORAÐ HJÁ BUFFON Eiður Smári Guðjohnsen skorað hér í 2-0 sigri á Ítölum 18. ágúst 2004. Tæpum tveimur árum seinna voru Ítalir orðnir heimsmeistarar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

í 1-0 en Ríkharður Daðason jafnaði eftir frábæra sendingu Rúnars Kristinssonar og sigurmarkið skoraði síðan Helgi Sigurðsson úr vítaspyrnu eftir að Eiður Smári Guðjohnsen hafði verið felldur.

Hinn leikurinn er 2-0 sigur á Ítalíu fyrir framan 20.04 áhorfendur á Laugardalsvelli 18. ágúst 2004. Mörk Íslands komu bæði á þriggja mínútna kafla fyrir miðjan fyrri hálfleik. Eiður Smári skoraði það fyrsta eftir að Gianluca Buffon hafði varið skot Gylfa Einarssonar og Gylfi skoraði síðan seinna markið sjálfur. Leikurinn var sá fyrsti undir stjórn Marcelo Lippi, sem aðeins tveimur árum seinna gerði ítalska liðið að heimsmeisturum.

ooj@frettabladid.is

Ísland mætir Finnlandi í b-deild Evrópukeppninnar í körfubolta á laugardaginn:

Möttölä verður ekki með Finnum

KÖRFUBOLTI Hanno Möttölä hefur verið illviðráðanlegur með Finnum gegn Íslandi undanfarin ár. Þessi fyrrverandi leikmaður Atlanta Hawks er að jafna sig eftir ökklaeðsli og verður hvíldur í leiknum á móti Íslandi.

Möttölä er frægasti leikmaður Finna og sá eini sem hefur spilað í NBA-deildinni. Hann hefur spilað þrjá landsleiki á móti Íslandi, var með 42 stig og 11 fráköst í 84-73 sigri á Ásvöllum 22. ágúst 2001, skoraði 23 stig og klikkaði aðeins

á þremur skotum í 97-66 sigri í Helsinki 25. ágúst 2001 og var að lokum með 25 stig og 15 fráköst í 93-86 sigri Finna í Höllinni 6. september í fyrra. Möttölä nýtti 64% skota sinna og 96% vítanna í þessum þremur leikjum.

„Möttölä hefur ekkert spilað neitt sérstaklega oft á móti okkur en hann spilaði á móti okkur í Höllinni í fyrra og var þá munurinn á milli liðanna í restina. Hann átti þá hörkuleik í lokin og vann leikinn fyrir þá,” sagði Sigurður

Ingimundarson, þjálfari íslenska landsliðsins, og bætti við. „Hann er aðalskorari þeirra af stóru mönnum. Þeir eru með aðra stóra og sterka varnarmenn en enginn þeirra er mikill skorari. Þetta gerir verkið kannski léttara en þeir eru með marga hörku leikmenn. Það ætti að verða auðveldara að eiga við þá,” segir Sigurður. Leikurinn við Finna fer fram í Helsinki á laugardaginn og verður í beinni útsendingu í Sjónvarpinu.

- óó

LÉK MEÐ ATLANTA HAWKS
Finninn Hanno Möttölä.

NORDICPHOTOS/GETTY



Byggingalóðir

á Hvanneyri og í Borgarnesi

Borgarbyggð auglýsir eftir umsóknum um byggingalóðir á Hvanneyri og í Borgarnesi.

Í Bjargssandi í Borgarnesi er um að ræða eftirfarandi lóðir:

- ▶ Fimmtán einbýlishúsaloðir við Fjóluklett nr. 2-22, 1-3 og 13-15
- ▶ Tvær parhúsaloðir við Fjóluklett nr. 5-7 og 9-11
- ▶ Ein fjölbýlishúsaloð með sex íbúða húsi við Birkiklett nr. 2



Reiknað er með að lóðir verði byggingahæfar í lok ársins 2007.

Fjöldi íbúða í þessari úthlutun er 49 íbúðir.

Um úthlutun lóða er vísað til almennra úthlutunarreglna Borgarbyggðar þar að lútandi.

Skipulags- og byggingarskilmálar, deiliskipulagsuppdættir, uppdættir er sýna lóðir til úthlutunar og úthlutunarskilmálar munu verða aðgengilegir á vef Borgarbyggðar - www.borgarbyggd.is. Nánari upplýsingar fást hjá framkvæmdasviði Borgarbyggðar.

Umsóknarfrestur er t.o.m. 7. september 2007.




Í Flatarhverfi á Hvanneyri er um að ræða eftirfarandi lóðir:

- Fjórar einbýlishúsaloðir við Lóuflöt nr. 2-4-6-8
- Tvær parhúsaloðir við Lóuflöt nr. 1-3 og 5-7
- Þrjár fjögurra íbúða raðhúsaloðir við Hrafnarflöt nr. 8-30
- Ein þriggja íbúða raðhúsaloð við Hrafnarflöt nr. 2-6
- Ein einbýlishúsaloð við Arnarflöt nr. 11



BORGARBYGGÐ



DYNAÐO REYKJAVÍK

BYRjaðu á
www.byr.is

NÁMSMANNA-
ÞJÓNUSTA BYRS

BYR býður til
kvikmyndaveislu.
Taktu þátt á
www.byr.is

BYRjaðu í leiknum!

Komdu á www.byr.is og þú gætir unnið.


BYR
SPARISJÓÐUR

> JULIA ROBERTS

Aðspurð um mismunun kynjanna í kvikmyndaheiminum svaraði Julia: „Ég held að það sé hættulegt að alhæfa svona. Maður verður bara að tala út frá eigin reynslu og mín reynsla hefur enn sem komið er aðeins verið fáránlega frábær. Fá karlmenn meira borgað fyrir kvikmyndahlutverk en konur? Já. Fáum við öll of mikið borgað? Já. Ég verð alveg ringluð yfir því hverju ég á að kvarta yfir.“ Julia leikur í Pretty Woman á Stöð 2 kl. 00.40.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON LENTI Í VANDRÆÐUM MEÐ ENSKA BOLTANN

Ánægjan breyttist í andhverfu sína

Að geta valið úr hverri sjónvarpsstöðinni á fætur annari þarf ekki alltaf að vera hið besta mál. Nýverið horfði ég á þrjá leiki í enska boltanum sem voru sýndir samtímis á Sýn, Sýn 2 og Sýn Extra. Allir leikirnir voru áhugaverðir enda um skemmtileg lið að ræða í hverju einasta tilviki. Hugsaði ég mér gott til glóðarinnar og ætlaði heldur betur að njóta þess að enski boltinn væri farinn að rúlla á ný. Fljótlega komst ég þó að því að þennan dag átti boltinn ekki eftir að rúlla fyrir mig, því til að geta fylgst með öllum leikjum þurfti ég að skipta stanslaust á milli stöðvanna þriggja. Árangurinn var ekki til að hrópa húrra fyrir. Missti ég af flestum ef ekki öllum mörkunum vegna hins sífellda flakks og bölvaði ég sjálfum mér í sand og ösku fyrir að geta ekki tímasett skiptingarnar betur. Jafnframt náði ég aldrei að komast í takt við nokkurn leikjanna þriggja.

Næst þegar svo margir góðir leikir eru á dagskrá á sama tíma verð ég bara að gjöra svo vel að velja einn leik og halda mig við hann. Annars er hættan sú að ánægjan af því að horfa á enska boltann breytist í andhverfu sína og það má bara ekki gerast.



EKKI MISSA AF



► 20.00 On the Lot - lokapátturinn SKJÁREINN



► 21.00 Mæðst í mörgu SJÓN-VARPIÐ



► 21.40 Ghost Whisperer STÖÐ 2



► 22.00 Justice SÍRKUS



► 22.00 Layer Cake STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

- 16.50 Leikir kvöldsins e.
- 17.05 Leiðarljós
- 17.50 Táknmálsfréttir
- 18.00 Disneystundin
- 18.01 Stjáni (65:65)
- 18.23 Sígildar teiknimyndir (7:13)
- 18.30 Alvöru dreki (4:4)
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Bráðavaktin (6:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 21.00 Mæðst í mörgu (2:6) Bresk gamanþáttaröð sem gerist meðal stjórnmálamanna í Westminster og segir frá sköndnum samskiptum ráðherra, pólitískra ráðgjafa hans og fjölmiðlamanna.
- 21.35 Nýgræðingar Gamanþáttaröð um lækni J.D. Dorian og ótrúlegar uppkomur sem hann lendir í.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Formúlukvöld Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Tyrklandi um helgina.
- 22.50 Popp og pólitík (2:3) Þýskur heimildamyndaflokkur um popptónlist og pólitík. Í þessum þætti er fjallað um róttæku kynslóðina.
- 23.50 Landsleikur í fótbolta
- 00.20 Kastljós
- 00.55 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.00 Carried Away
- 08.00 Two Brothers
- 10.00 Mrs. Doubtfire
- 12.05 Beauty Shop
- 14.00 Two Brothers
- 16.00 Mrs. Doubtfire
- 18.05 Beauty Shop
- 20.00 Carried Away Rómantískt og ógrandi drama. Dennis Hopper leikur miðaldra menntaskólakennara sem býr á býli ásamt dauðvona móður sinni.
- 22.00 Layer Cake
- 00.00 Escape: Human Cargo
- 02.00 Superfire
- 04.00 Layer Cake



- 07.00 Stubbarnir
- 07.25 Litlu Tommi og Jenni
- 07.45 Krakkarnir í næsta húsi
- 08.10 Oprah
- 08.55 Í finu formi 2005
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Wings of Love NÝTT (3.120)
- 10.15 Homefront
- 11.00 Whose Line Is it Anyway?
- 11.25 Sjálfstætt fólk
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.45 Nágrannar
- 13.10 Það var lagið (e)
- 14.20 Extreme Makeover: Home Edition (10.32)
- 15.50 A.T.O.M.
- 16.15 Smá skrítnir foreldrar
- 16.38 Pocoyo
- 16.48 Addi Panda
- 16.53 Könnuðurinn Dóra
- 17.18 Gordon Garðálfur
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Nágrannar
- 18.18 Ísland í dag og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
- 19.40 The Simpsons (9.22) (e)
- 20.05 Oprah (Life-Saving Lessons From Families Like Yours)
- 20.50 The Riches (13.13)
- 21.40 Ghost Whisperer (27.44) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjándans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.

- 22.25 Dirty War Hörkuspennandi trýllir um hóp hryðjuverkamanna sem hefur undirbúið stórkostlega hryðjuverkaárás árum saman. Aðalhlutverk: Gavin Abbott, Joanne Adams, Shamshad Akhtar. 2004.
- 23.55 Bones (13.21) Spennandi bandarísk þáttaröð um réttarmannfræðing sem leysir gömul sakamál með því að rannsaka bein löngu látinna fórnarlamba. Bönnuð börnum.
- 00.40 Pretty Woman (e)
- 02.35 Venus and Mars
- 04.10 The Riches (13.13)
- 05.00 The Simpsons (9.22) (e)
- 05.25 Fréttir og Ísland í dag
- 06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTívi

SYN besta sætið

- 17.25 Gillette World Sport 2007 Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur þar sem allar greinar íþrótta eru teknar fyrir. Þáttur sem sýndur hefur verið í áraradír við miklar vinsældir.
- 17.55 PGA Tour 2007 - Highlights (Wyndham Championship)
- 18.50 England-landsleikur Bein útsending frá vináttulandsleik Englendinga og Þjóðverja. Hér mætast stórpjóðir í evrópskri knattspyrnu sem hafa marga hildina háð á knattspyrnuvellinum.
- 20.55 Champions of the World Í þessum þætti verður fjallað um knattspyrnuna í Argentínu út frá ýmsum sjónarhornum. Við fræðumst um sögu íþróttarinnar í landinu og áhrif hennar á íbúa landsins. Argentínumenn hafa tvívegis orðið heimsméistarar í knattspyrnu og eru því mikil knattspyrnuþjóð.
- 21.50 Kraftasport - 2007 Hvaða afraunamaður hlaut titilinn Uppsveitarvíkingurinn árið 2007? Í þessum þætti erum við leidd í allan sannleikann um það.
- 22.20 England-landsleikur (England - Þýskaland) Útsending frá vináttulandsleik Englands og Þýskalands.

SYN2

- 18.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
- 19.00 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
- 19.30 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
- 20.25 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson stendur vaktina ásamt vel völdum sparkspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
- 21.45 Leikur vikunar
- 23.25 Portsmouth - Bolton Útsending frá leik Portsmouth og Bolton.

SKJÁREINN

- 07.00 Boot Camp helgin - 2. hluti (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Everybody Loves Raymond (e)
- 09.15 Vörutorg
- 10.15 Óstöðvandi tónlist
- 16.15 Vörutorg
- 17.15 Boot Camp helgin - 2. hluti (e)
- 18.15 Dr. Phil
- 19.00 Everybody Loves Raymond (e)
- 19.30 Family Guy (e)
- 20.00 On the Lot - Lokapáttur Það hitnar í kolunum í draumsmíðjunni Hollywood í kvöld því það er komið að úrslitastundinni. Það eru þrír leikstjórar eftir en aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari og hlýtur að launum milljón dollara samning til að framleiða kvikmynd fyrir Steven Spielberg og félagan hans hjá DreamWorks.
- 21.00 Blow Out III (3.7) Jonathan heldur á tiskuviku í New York. Þar vinnur hann með tiskuhönnuðinum Charles Nolan sem sækir þema sitt í Julie Christie í kvikmyndinni Darling.
- 22.00 Sex, Love and Secrets (7.8) Bandarísk þáttaröð um vinahóp sem býr í Silver Lake, litlu úthverfi Hollywood. Vinirnir eru að reyna að komast að því hverjir þeir eru og hvað þeir vilja fá út úr lífinu. Sambönd þeirra verða oft flókin og það gengur á ýmsu. Aðalhlutverkin leika Denise Richards, Eric Balfour, Lauren German.
- 22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskyldufóður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
- 23.15 Jay Leno
- 00.05 Angela's Eyes (e)
- 00.55 Charmed (e)
- 01.45 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttavikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



TILBOÐ
990 kr./kg

ÝSA Í
TOSCANASÓSU

ÝSA Í KARRÍ
MEÐ KÓRÍANDER

KÍKTU VIÐ Í FISKISÖGU



Ævintýrlegar fiskbúðir

MORGUNMATURINN



„Í gamla daga var ég mjög slæm í morgunmatsvenjum og borðaði ekki neitt en núna er ég mjög heilsusamleg og fæ mér hafra og músli. Ég er mikill aðdáandi hafra. Það er góður morgunmatur til að halda manni gangandi.“

Elíza Geirsdóttir Newman, söngkona.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. jurtatrefjar 6. þys 8. svíf 9. hrygning 11. hróp 12. rist 14. fiflagangur 16. í röð 17. mál 18. ennþá 20. óreiða 21. betl.

LÓÐRÉTT
1. korntegund 3. í röð 4. súlur 5. ósigur 7. slípaður af sjógangi 10. að 13. farfa 15. að auki 16. húðpoki 19. átt.

LAUSN

16. hes, 19. na.
LÖBRET: 1. bygg, 3. að, 4. stólpur, 5. tæp, 7. sofinn, 10. til, 13. líf, 15. plús, 18. enn, 20. rú, 21. snap.

LÁRÉTT: 2. bast, 6. ys, 8. áta, 9. góf, 11. óp, 12. gíll, 14. flípp, 16. h, 17. tal, 18. enn, 20. rú, 21. snap.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

VÍSIR.IS

Fyrstur með fréttirnar

Beðið eftir fyrsta erfingjanum

„Náttúran er bara þannig gerð að það er ekki hægt að stjórna henni. Maður verður bara að lúta lögmaðum hennar,“ segir leikstjórinn Gunnar Björn Guðmundsson sem frumsýnir í kvöld Astrópiu, sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd. Óhætt er að fullyrða að skammt stórra högga sé á milli í lífi leikstjórans því Gunnar var staddur á fæðingardeild Landspítalans þar sem hann og unnusta hans, Lára Hafberg, áttu von á því á hverri stundu að fyrsta barn þeirra kæmi í heiminn. „Mér ætti nú samt að takast að vera viðstaddur frumsýninguna en hver veit?“ Bætur Gunnar við.

Astrópía skartar Ragnhildi Steinunni Jónsdóttur í aðal-

hlutverki en hún leikur Hildi, sem neyðist til að fá sér vinnu í nördabúð eftir að kærastinn hennar er settur á bakvið lás og slá. Meðal annarra leikara í myndinni má nefna Snorra Engilbertsson, Pétur Jóhann Sigfússon og Sverri Þór Sverrisson. „Þetta er mjög óvenjuleg mynd af íslenskri að vera,“ segir Gunnar en viðurkenndi um leið að honum hefði ekki gefist tími

ENGINN RÆÐUR VIÐ NÁTTÚRUNA Gunnar Björn vonaðist til að geta verið viðstaddur frumsýningu Astrópiu.



til að hugsa út í frumsýninguna, aðrir og mun mikilvægari hlutir biðu hans á fæðingardeildinni. „Kannski að maður sleppi bara við að halda upphafsraðuna. Eða þá að hún verði fíranlega væmin,“ segir Gunnar og hlær. Sjálfur hefur Gunnar séð myndina og er ákaflega sáttur við að sleppa hendinni af barninu í hendur áhorfenda. „Og við skulum bara vona að erfinginn láti ekki bíða of lengi eftir sér,“ bætur Gunnar við.



HILDUR Í KRÖPPUM DANSI Ragnhildur Steinunn er vígaleg í kvikmyndinni.



ANNT UM EINKALÍFIÐ Jógván hefur lagt það í vana sinn að tjá sig ekki um sitt einkalíf.

JÓGVÁN HANSEN: FER LEYNT MEÐ SAMBAND VIÐ FEGURÐARDÍS

Færeyski folinn kominn á fast

Einn eftirsóttasti piparsveinn landsins, X-Factor-stjarnan og hárgreiðslumaðurinn Jógván Hansen, er kominn með konu upp á arminn. Sú heppna heitir Hrafnhildur Jóhannesdóttir, 25 ára Mosfellingur og fyrrverandi þátttakandi í Ungfrú Ísland.



DREYMDI UM AÐ VERÐA DÝRALÆKNIR Hrafnhildur vildi ekkert láta hafa eftir sér um samband sitt við Jógván.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins höfðu þau Jógván og Hrafnhildur þekkt í dágóðan tíma áður en Amor skaut ástarörvum sínum í hjartastað. Jógvani hefur frá því hann byrjaði í X-Factor verið mjög annt um einkalíf sitt og ekki viljað tjá sig um ástarmál sín. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum var söngvarinn þögull sem gröfin, sagðist hafa lagt það í vana sinn að vera ekki að básúna neitt um einkalíf sitt. Heimildir Fréttablaðsins herma að skóthjúin hafi notið blíðviðrisins í höfuðborginni í allt sumar. Jógván fór í sumarfrí til Feneyja fyrir skemmstu en ekki fæst staðfest hvort Hrafnhildur hafi verið með í för.

„Fljótt flýgur fiskisagan,“ var það eina sem fékkst upp úr Hrafnhildi þegar Fréttablaðið hafði upp á henni í gær. Hrafnhildur tók þátt í Fegurðarsamkeppni Íslands árið 2003 þegar Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir Kastljósstjórnandi hafði sigur. Í viðtali á þeim tíma sagðist Hrafnhildur dreyma um að verða dýralæknir, hamingjusöm og njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Jógván sló hins vegar í gegn í fyrstu X-factor-keppninni síðasta vetur. Hann heillaði konur landsins upp úr skónum með afslöppuðu fasi og var Einar Bárðarson, umboðsmaður drengsins, ekki spar á stóru orðin og taldi víst að þarna væri á ferðinni upprennandi stórstjarna. freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Svanhildur Hólm Valsdóttir hefur tekið tímabundið við stöðu ritstjóra Íslands í dag af Steingrími Sævari Ólafssyni en hann var nýlega ráðinn sem fréttastjóri fréttastofu Stöðvar 2. Svanhildur biður ærið verkefni því Steingrími tókst að hífa upp áhorfið á dægurmálabáttinn en ljóst þykir að vel verður að halda á spilunum ef þátturinn á að halda í þær áhorfstölur. Ekki er ljóst hvort Svanhildur muni gegna hlutverki ritstjóra til frambúðar en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir það ekki ólíklegt.

Þulurinn og þýðandinn **Guðni Kolbeinsson** er samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í viðræðum við Skjá einn um að taka að sér spurningagerð fyrir spurningabáttinn Smarter Than a Fifth Grader? Guðni er gamall kennari og ætti því að vera vel kunnugt um hvar erfiðustu spurningarnar liggja grafnar í kennslubókum grunnskólabarna. Þá hefur Guðni ósjaldan þýtt og verið þulur í náttúrufríspáttum Davids Attenborough og því ljóst að þátttakendur verða að vera vel upplýstir ef þeir ætla að sækja gull í greipar Guðna.

Tökum á kvikmyndinni Lordi: Dark Floors er lokið en hún skartar samnefndri skrimslasveit í aðalhlutverki. Íslendingar eiga dágóðan hlut í myndinni því meðframleiðendur hennar eru þeir Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp frá Kvikmyndafélagi Íslands. Myndin verður frumsýnd hér á landi í byrjun febrúar á næsta ári og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætla Lordi og meðreiðarsveinar hans í sveitinni að mæta til landsins í öllum sínum skróða. Ekki þykir heldur ólíklegt að sveitin taki lagið á Íslandi en hvort að Hard Rock Halleluja lífi enn í hjörtum landsmanna skal hins vegar ósagt látið. - fgg



Afmælisgolfmót ÍR

Sunnudaginn 26. ágúst 2007 verður haldið golfmót á vegum ÍR. Mótið fer fram á golfvelli Þorlákshafnar og hefst kl. 10.00. Keppt verður með punktafyrirkomulagi með forgjöf í kvenna- og karlaflokk. Hámarksforgjöf er 28 hjá konum og 24 hjá körlum.

Keppnisgjald er 3.000 kr. og er innifalið í því keppnishringurinn og súpa, ásamt glæsilegum verðlaunum. Hægt er að skrá sig í mótið á www.golf.is og í síma 587 7080.

Nú er um að gera að æfa sveifluna vel og sýna svo hvað í ykkur býr.

Góða skemmtun og gangi ykkur vel!

Prestar og útfararstjórar skildu sáttir

„Þessu var mjög bróðurlega skipt milli útfararstjóra og presta,“ segir Ísleifur Jónsson útfararstjóri. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær fóru báðar þessar stéttir úr vinnufötum sínum og héldu golfmót á golfvelli Hamri í Borgarnesi. Vel yfir tuttugu manns mættu og var stemningin að sögn Ísleifs alveg gríðarlega góð. Ísleifur hafði sjálfur sigur í högggleiknum, lék völinn á 95 höggum, en séra Pálmi Matthíasson, presturinn góðkunnur úr Bústaðakirkju, fékk flestu punktana. Örn Bárður Jónsson var síðan verðlaunaður fyrir fæstu puttinn. „Það var annars svolítið merkilegt að boltar prestanna fóru hátt upp í loftið en boltar útfararstjóranna héldust meira niðri við jörðina.“ - fgg

SIGURVEGARINN Pálmi Matthíasson bar sig úr bytum í punktakeppninni en stefnt er að því að þetta mót verði árlegur viðburður.



Sprengitilboð

Opið til
20.00
í kvöld

Aðeins
1.999
kr./stk.

999
kr./stk.

99
kr./stk.

9
kr./stk.

Það er **emmessis**
fyrir stóra og smáa

Þú

SKRIFSTOFUVÖRUR


Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5 • Kópavogi
Opið kl. 9-18 og lau kl. 10-14
Í kvöld til kl. 20.00

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Opið kl. 8-18
Í kvöld til kl. 20.00

Borgartúni 29 • Reykjavík
Opið kl. 8-18 og lau kl. 11-14
Í kvöld til kl. 20.00

Glerárgötu 34 • Akureyri
Opið kl. 8-18
Í kvöld til kl. 20.00



BAKÞANKAR
GERÐAR KRISTNÝJAR

Englar eru bestu skinn

Norska prinsessan Marta Lovísa kom þjóð sinni heldur betur á óvart í sumar þegar hún sagðist geta séð engla. Hún hafði gert það gott sem knapi, sjúkra-þjálfari og barnabókahöfundur en þessu áttu Norðmenn ekki von á frá henni. Þegar Marta Lovísa opnaði síðan skóla til að kenna öðrum að sjá engla, þessar tindil-fættu verur, var Norðmönnum nóg boðið. Virtir menn létu prinsessuna fá það óþvegið. Þeim fannst að hún ætti að afsala sér tiginbornum réttindum sínum eða hætta þessari delu. Taka bara allt til baka og segjast ekki sjá neitt meira en við hin.

ÞAÐ ER LJÓST að tímarnir hafa aðeins breyst frá því að frönsk stelpa var tekin í dýrlinga tölu eftir að hafa sagst hafa séð sjálfa Maríu mey birtast í helli. Og mærin helga hefði meira að segja talað sömu alþýðumállýskuna og stelpan. Satt best að segja ættu Norðmenn bara að vera spenntir yfir sýnum Mörtu Lovísu því þeir eru einmitt sú Norðurlandþjóð-anna sem þarf hvað mest á engl-um að halda. Þar reika nefnilega um hjarðir manna sem ekki mega sjá timburkirkju frá miðöldum án þess að þeir finni hjá sér þörf fyrir að draga upp Zippo-kveikj-ara. Síðhærður sjoppustarfsmaður sagði mér eitt sinn að þetta lið hlustaði aðallega á tónlistarstefn-una svartmálm.

EKKI var ég þess umkomin að efast neitt um það. Aftur á móti er ég viss um að Marta Lovísa hefur tekið sænsku hljómsveit-ina ABBA fram yfir svartmálm-inn. Í laginu I Have a Dream með nefndri hljómsveit er sungið: „I believe in angels/something good in everything I see/I believe in angels/when I know the time is right for me.“ Aldrei hefur neinn amast við þessari fullyrðingu, kannski vegna þess að þær Anni-Frid og Agnetha sögðust bara trú á englana, ekki að þær sæju þá með berum augum.

Á SAMATÍMA og þjóðhöfðingj-ar stórveldanna sprengja önnur lönd og íbúa þeirra aftur á brons-öld og leika sér að því að kynda aftur undir gamlar væringar með því að senda flugvélar þangað sem þær virðast í fljótu bragði ekki eiga mikið erindi fara Norð-menn hjá sér yfir því einu að prinsessa skuli segjast sjá engla. Það hlýtur samt að vera betra að sjá engla en að sjá rautt.



Gerðu eitthvað eftirminnilegt

Tvær léttar leiðir til að eignast Aygo:

26.408 kr.* á mánuði	14.996 kr. á mánuði
Innifalið: Afborgun af láni – Tryggingar – Bifreiðagjald 1. tímabils – Engin útborgun.	Meðalgreiðsla miðað við 30% útborgun og bílalan til 84 mánaða hjá Glitni.

Gerðu eitthvað eftirminnilegt – fáðu þér Aygo á þægilegum kjörum og njóttu þess að keyra áhyggjulaus.

Aygo. Engar áhyggjur. Svo máttu líka leggja frítt!

www.aygo.is

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070



*Sértíloð Elisabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

Gefðu vatn



Hjálparstarf kirkjunnar